



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 83. TBL. • 17. ÁRG. MAÍ 2002



Dr. Helgi Pjeturss
(1872 - 1949)

DRAUMAR
JARÐFRÆÐI
LÍFSAMBÖND Í ALHEIMI

ÞAÐ SEM MENN HAFA KALLAÐ LÍF Í ANDAHEIMI ER LÍF Á ÖÐRUM HNÖTTUM

Mynd á forsíðu.

Vetrarbrautin NGC 1232

Þessi vetrarbraut sést frá suðurhveli jarðar og er í um 100 milljóna ljósára fjarlægð. Þvermál hennar er um 200 þúsund ljósár eða tvöfalt meira en okkar vetrarbrautar. Vetrarbrautin er afskaplega efnismikil og má gera ráð fyrir að mörg hundruð milljarðar stjarna myndi hana. Raunar er það ráðgáta hve vetrarbrautin virðist vera efnismikil.

Myndin er samsett, ein myndin er tekin í

útfjólubláu ljósi, önnur í bláu og sú þriðja í rauðu.

Miðsvæðis eru rauðleitar stjörnur, sem taldar eru vera gamlar, en í sveipunum sem utar liggja eru ungar bláleitar stjörnur áberandi, svo og svæði þar sem nýjar stjörnur eru í myndun. Dökk svæði eru þar sem mikið er um geimryk og gas, sem byrgir sýn til stjarna sem fjær liggja.

Mynd á baksíðu.

Kúlupyrpingin í Omega Kentár

Hundruð þúsunda stjarna mynda svokallaðar kúlupyrpingar, þar sem þéttleiki stjarnanna er mikill, jafnvel svo að í miðju kúlupyrpinga mun þéttleikinn vera 500 sinnum meiri en í okkar nágrenni.

Kúlupyrpingin í Kentár er í 17.000 ljósára fjarlægð og er reyndar stærst slíkra í okkar vetrarbraut.

Talið að nokkrar milljónir stjarna myndi hana, og stjörnufræðingar telja að stjörnur kúlupyrpinganna séu þær elstu sem fyrirfinnast, eða 10 - 15 milljarða ára gamlar.

Staðreyndir þessar er rétt að hafa í huga við lestur greinar Þorsteins Guðjónssonar, þar sem draumum úr kúlupyrpingum er lýst.

Nýall og fleiri bækur um sambandsmál

Nýall er til sölu hjá Félagi Nýalssinna, Álfrólsvogi 121 í Kópavogi, sími 554 0765. Nýall var upphaflega gefinn út í sex bindum, en þessi útgáfa er í fjórum bindum auk tveggja binda með ýmsum völdum greinum. Einnig eru til sölu hjá félaginu nokkrar aðrar bækur um sambandsmál, m.a. eftir

Þorstein Guðjónsson og Ingvar Agnarsson. Auk þess verður til sölu bókin Dr. Helgi Pjeturss, samstilling lífs og efnis í alheimi eftir Elsu G. Vilmundardóttur, Samúel D. Jónsson og Þorstein Þorsteinsson.

Félag Nýalssinna

Félag Nýalssinna var stofnað árið 1951. Tilgangur félagsins er að kynna alheimsfræði, stjörnufræði og sambandsmál byggð á kenningum Dr.

Helga Pjeturss. Aðsetur félagsins er að Álfrólsvogi 121, sími 554 0765, en þar eru veittar nánari upplýsingar um félagið.

Dr. Helgi Pjeturss 130 ára 31. mars 2002

Þann 31. Mars voru 130 ár liðin frá fæðingu Dr. Helga Pjeturss. Vegna þessara tímamóta hefur Félag Nýalssinna ráðist í að gefa Lífgeisla út eftir nokkurra ára hlé. Þetta hefti blaðsins er hugsað sem afmælisútgáfa og er í stærra broti en áður var. Af þessu tilefni er blaðið einnig nokkru efnismeira.

Þeir Ingvar Agnarsson og Þorsteinn Guðjónsson stóðu mjög myndarlega að þessari útgáfu um langt árabíll, og báru hitann og þungan af henni, að öðrum ólóstuðum sem þar komu nærri. Verða þeim seint þökkkuð þau störf sem vert er. Því miður hefur útgáfa Lífgeisla fallið niður um 9 ára skeið, en við vonumst til að geta haldið henni áfram í einhverri mynd með eins myndarlegum hætti og kostur er.

Það kom snemma í ljós að Helgi Pjeturss var afburða námsmaður. Ættingjar hans bundu miklar vonir við hann, og því þóttu það uggvænleg tíðindi þegar það fréttist að hann væri orðinn efnishyggjumaður.

Helgi var einmitt efnishyggjumaður í bestu merkingu þess orðs og framúrskarandi vísindamaður. Rannsóknir hans á náttúru og jarðfræði lands okkar voru einstaklega vel unnar og uppgötvanir hans voru brautryðjandi. Hann rannsakaði bergmyndanir ísaldarinnar af mikilli nákvæmni, sem leiddi til mikilvægrar uppgötvunar í jarðfræði landsins.

Í Ölpunum og víðar höfðu jarðvísindamenn komist að því, að ísaldarjökklarnir höfðu hopað hvað eftir annað, en það var óljóst hve víðtæka þýðingu sú vitneskja hefði.

Helgi Pjeturss sá hins vegar að fjölmörg jökulskeið höfðu gengið yfir landið, en þar á milli runnu hraun á hlýskeiðum, svipuðum því sem nú er.

Efnishyggja Helga náði hins vegar ekki svo langt, að hann neitaði tilvist ýmissa fyrirbæra sem nefnd eru dulræn, yfirsíkvitleg eða skyggni á gamlan íslenskan hátt. Hins vegar taldi hann brýnt að rannsaka slík svið með aðferðum vísinda og efnishyggju. Hann fann þörfina á sjálfum sér, þar sem hann átti erfitt með svefn og átti við veikindi að stríða af þeim sökum, en einnig vegna skyggnihæfileika sinna. Hann tók því til við að rannsaka eðli svefns og drauma, og eftir margra ára athuganir gerði hann sér ljóst að það er ekki nægilegt að hvílast í svefni, heldur eru draumarnir nauðsynlegir. Þeim

fylgi endurnýjun orkuhleðslu líkamanna.

Rannsóknir Dr. Helga Pjeturss leiddu hann á slóð sambandsins milli lífveranna. Grundvallaruppgötvun Helga var lífssambandið sem alheimsafl. Við erum ávallt í sambandi við aðrar lífverur í einhverjum mæli. Athuganir Helga á efni og eðli drauma urðu til þess að hann setti fram kenningu sína þess efnis, að undirrót drauma sé vökulíf annara. Við skynjum atburði í draumi sem eru að gerast annars staðar. Sambandið er við draumgjafa sem Helgi nefndi svo.

Skyggni og ýmis önnur fyrirbæri sagði hann vera af sömu rót, sem leiddi af sér heilsteypt kerfi kenninga um sambandið milli hnattanna í óendanlegum heimi stjarnkerfa og vetrarbrauta.

Meginrit Helga var Nýall, sem upphaflega var gefinn út í 6 bindum, en nýjasta útgáfa er í 4 bindum auk tveggja binda með ýmsum greinum. Að þessu sinni birtum við í Lífgeislum nokkra samantekt kenninga Helga og ýmsar nýjungar í vísindum sem tengjast þeim. Þessi útgáfa er að öðrum þræði ætluð til kynningar.

Páll Ragnar Steinarsson

„Enn má bæta því við, sem ekki er minnst um vert, að hið rétta vitundarlíf í svefni, hið rétta draumlíf, mun verða oss sá undirbúningur undir framlífið, að allt verður miklu auðveldara og framfaravænlegra, þegar þar að kemur, að flýta til fullkonara lífs á annarri stjörnu“

H.P. í Framnýal

„Eftir að hafa athugað þúsundir af draumum, segi ég hiklaust: draumgjafinn er vanalega íbúi annarar jarðstjörnu. Með rannsókn draumlífsins er fengin óyggjandi víska fyrir lífsbandi stjarnanna á milli. Og það er óhætt að bæta því við, að þessir íbúar annara jarðstjarna, sem svo ótvíræðlega er fengið samband við, eru vanalega framlíðnir hédan af jörðu, fólk sem áður hefur hér lifað, en eftir líkamsdaudann hér á jörðu fengið nýjan líkama á annari jörð, á þann hátt sem lesa má um í Ennnýal“

H.P. í Framnýal

Frá ritstjóra:

Félag Nýalssinna gaf út tímaritið Lífgeisla í mörg ár, alls komu, að því er best er vitað, út 82 tölublöð á 16 árum, síðustu árin sá Skákprent um útgáfuna fyrir hönd félags Nýalssinna.

Aðalhvatamenn að útgáfunni voru Ingvar Agnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. Ingvar var ritstjóri öll árin, þó að í fyrstu kallaði hann sig umsjónarmann af sinni einstöku hógværð. Eins og kunnugt er, þá fjallaði efni Lífgeisla um kenningu Dr. Helga Pjeturss. og allt sem sneri að alheimsvísindum, og munu Lífgeislar vera eina tímaritið sem hafði að jafnaði mynd af vetrarbraut á forsíðu. Ingvar og Þorsteinn sáu um efnisöflun og völdu efni og rituðu öðrum meir í Lífgeisla og mátti stundum heita að þeir væri einir um skrifin, þetta stafaði þó ekki af því að öðrum væri ekki hleypt að, heldur hinu, að þeir voru ekki margir Nýalssinnarnir sem töldu sig þess umkomna að skrifa af nægilegri þekkingu og skilningi á alheimsvísindum eða töldu sig ekki rita íslensku nægilega vel. Það má fullyrða að mörgum var útgáfa Lífgeisla kærkomin og áttu þeir sinn þátt í að halda við sambandi milli Nýalssinna meðan þeir komu út.

Síðasta tölublað Lífgeisla mun hafa komið út í desember 1993 og var þar ekki að sjá nein merki þess að útgáfu Lífgeisla væri þá lokið. En heilsufari Ingvars og Þorsteins fór þá hrakandi og kostnaður við útgáfuna fór vaxandi og mun þetta tvennt hafa valdið því að útgáfan lagðist af, enda sjóðir félagsins ekki til stórræða og engir tilbúnir að taka við útgáfunni. Þó má segja að áhugi á því að endurvekja Lífgeisla hafi alltaf verið fyrir hendi.

31.mars s.l.voru 130 ár frá fæðingu Dr. Helga Pjeturss. Mörgum Nýalssinum finnst sjálfsgagt að minnast afmælisins með því að vekja athygli á kenningum Dr. Helga m.a. með því að fá hans minnst í sem flestum fjölmiðlum. Tekist hefur samstarf milli Félags áhugamanna um stjörnulíffræði, Heimspekistofu Helga Pjeturss og Félags Nýalssinna um að stuðla að því að Dr. Helga verði minnst á verðugan hátt í fjölmiðlum.

Í tilefni af afmæli Dr. Helga ákvað Félag Nýalssinna að hefja að nýju útgáfu Lífgeisla. Í þessu fyrsta hefti er reynt að hafa sem fjölbreyttast efni um Dr. Helga, um kenningar þær sem hann setti fram í Nýal, og um annarra athuganir á sam-

bandsmálum í alheimi. Að gefa út Lífgeisla er dýrt, en sjóðir Félags Nýalssinna rýrir, því hefur verið leitað til margra um stuðning við útgáfuna og hafa menn brugðist vel við, og eru þeim fluttar hugheilar þakkir fyrir að gera útkomu Lífgeisla mögulega. Um útgáfu þessa heftis sá ritnefnd, en í henni eru Haukur Sigtryggsson, sem jafnframt er ritstjóri, Páll Ragnar Steinarsson og Sveinn Á. Haraldsson. Von okkar er sú að takast megi að tryggja reglulega útkomu Lífgeisla, en það byggist á því að hægt verði að afla fjár til útgáfunnar, t.d. með áskriftargjöldum, framlögum einstaklinga og fyrirtækja, og e.t.v. með auglýsingum, þó að allrar varúðar verði að gæta þar sem auglýsingar eru. Takist að halda útgáfu Lífgeisla áfram þarf mikið og gott efni og eru Nýalssinnar hvattir til skrifa um öll mál er varða Nýal og önnur sambands- og alheimsvísindi og senda til ritnefndarinnar, en eins og áður er getið, þá eru í henni þeir Haukur Sigtryggsson Álfaskeiði 49, 220 Hafnarfjörður, Páll Ragnar Steinarsson Furugrund 46, 200 Kópavogur og Sveinn Á. Haraldsson Álfhólsvægi 121, 200 Kópavogur. Rétt er að geta þess, að til stendur að opna heimasíðu á netinu og verður tilkynnt um netfang þegar þar að kemur.

Ritstjóri.

Draumgjafinn og ég.

Þú sem ert sá annarrar jarðar maður,
í óravídd þess geims er fáir þekkja,
er lifir draum sem dreymir mig um óttu,
en dagur þinn mig reynir ekki að blekkja.

Ég sé í draumi dag hjá þínu fólki
og deili með þér undrum þinnar jarðar,
tilfinningu, ást og unaðsstundum,
öllu sem að líf þitt nokkru varðar.

En veist þú hitt, að hér á jörð er maður
sem hyggur vel að hverjum draumi sínum
og byggur fróðleik fenginn óravegu
og finnst hann skynja allt á vegum þínum.

Haukur Sigtryggsson

Dr. Helgi Pjeturss

Erfitt hefur mörgum reynst að sjá hverskonar maður Dr. Helgi Pjeturss var. Vísindamenn ýmsir sniðgengu kenningar hans og gerðu lítið úr þeim, þegar best lét. Ef til vill var þeim vorkun, ef til vill skildu þeir ekki betur, ef til vill réðu peningalegir eða embættislegir hagsmunir gerðum þeirra. Ef til vill kom það fram í kenningum Dr. Helga sem var of stórt í sniðum til þess að þeir treystu sér til þess að skoða það, hvað þá að fallast á það eða tileinka sér það og því var stundum einfaldasta lausnin að vera sammála um að fræði Dr. Helga væru eitt-hvað sem best væri geymt og gleymt. Þeir voru ekki margir sem töldu sig skilja kenningar þær sem Dr. Helgi birti í Nýal og þeir voru ennþá færri sem höfðu vit og kjark til þess viðurkenna að þeir féllust á þessar kenningar, að þeir féllust á að andaheimur væri ekki til, að þeir féllust á að trúarbrögðin væru mikill misskilningur á miklum sannindum, að þeir féllust á að maðurinn kæmi fram á annari jörð þegar lífi hans lyki hér á jörð. Þeir voru heldur ekki margir sem áttuðu sig á því að allar lífverur eru í stöðugu sambandi sín á milli, hvar í alheimi sem eru. Samt var dálítill hópur manna sem taldi nauðsyn vera á því að fræði Dr. Helga varðveittust og yrðu hinnu Íslensku þjóð, og reyndar öllu mannkyni líka, til ævarandi farsældar. Þessir hópur reyndi að vinna þessum málstað það sem hann gat, oftast við erfiðar aðstæður, en árangurinn var lítill, en samt má ekki vanmeta þær konur og þá menn sem náðu því að skilja höfuðatriði Nýalskenningarinnar og miðla þeim skilningi til eins og eins, þannig að alltaf voru til menn og konur sem lærðu að meta kenningar Dr. Helga. En hver var þá Dr. Helgi og hvers vegna hóf hann að rannsaka þessi mál? Hér verður ekki, vegna þekkingarskorts, reynt að svara þessari spurningu, aðeins bent á nokkur alkunn atriði sem ef til vill geta gert eitt og annað örliðið skiljanlegra en áður. Helgi Pjeturss. var á unga aldri góður námsmaður og þegar til Hafnarháskóla kom var jarðfræði sú grein sem helst átti hug hans, en ýmsar aðrar greinar höfðuðu þó mjög til hans, þar helst almenn náttúruvísindi og heimspéki.

Dvöl Helga við Hafnarháskóla veitti honum



Dr. Helgi Pjeturss, 75 ára.

Myndin er tekin á heimili hans við Smiðjustíg í Reykjavík. Talið er að Anna dóttir Helga hafi tekið þessa mynd á afmælisdegi hans.

margháttaðan fróðleik eins og hann gerðist bestur á þeim tíma, og auðsætt var hvert stefndi um starf að loknu námi. Þá var ekki kominn sá fróðleikur sem síðar leiddi til Nýals. Merkilegar eru frásagnir Dr. Helga af skólalokum, siglingu til Grænlands, fjölbættum rannsóknum þar um sumarið og fram á haust (sem hann lýsir einkar vel í í bók sinni Grænlandsför 1897, sem út kom árið 1899) og fyrstu árum við jarðfræðirannsóknir á Íslandi, sem þá þegar skiptu verulegu máli. Þá var tilgangur hans að stunda jarðfræðirannsóknir, sem hann og gerði, og Dr. Helgi stundaði þær af slíkri glöggskyggni að hann uppgötvaði margt í jarðfræði Íslands sem öðrum hafði ekki tekist að sjá. En þrátt fyrir þennan ágæta árangur í jarðfræðirannsóknnum lagði hann þær á hilluna og sneri sér öðrum rannsóknum, sem að hans mati voru mikið þýðingarmeiri. Ástæðuna má rekja til þess er skóla lauk og Helgi sigldi með seglskipi til Grænlands til að stunda jarðfræðirannsóknir, skipið var margar vikur á leiðinni og farbúðin ill íbúðar og meðfarþegar sátu við drykkju og spil fram eftir öllum nóttum. Það fór því svo að Helga varð ekki

svefnsamt og varð þetta upphaf þess að hann átti við svefnleysi og þreytu að stríða upp frá því. Því verður að telja eðlilegt að áhugi Helga á því að kanna hvað og hvers eðlis svefn væri, vaknaði og leiddi hann á þær brautir er síðar urðu það mál sem mestu skipti hann í lífi og rannsóknnum. En hver var þá Dr. Helgi Pjeturss. og hvers vegna vann hann eins og hann gerði, hvers vegna brást hann við gagnrýni og mótbyr á þann hátt sem hann gerði.og hvers vegna var hann svo öruggur um að hann færi með rétt mál að það hvarflaði aldrei að honum að öðrum gæti reynst örðugt að skilja þær kenningar sem hann bar fram? Það er vitað að Helgi er kominn af gömlum og traustum ættum sem þó áttu ekki óskiftu láni að fagna og sennilega hefur þeim ættmönnum stundum fundist að gæfan mætti standa þeim nær. Þeir ættmenn voru vel að manni líkamlega og á andlegu atgerfi var enginn vafi. Dr. Helgi hlaut alla þessa eiginleika og suma ef til vill í of ríkum mæli. Hæfni hans og gáfur til þess að skoða og skilja voru mun ríkari en hjá flestum þeim er sinntu fræðastörfum á þeim tíma, það sýna vel þær mörgu uppgötvanir sem hann gerði í jarðfræði og náttúruvísindum. Mörgum menntamönnum, einkanlega þeim eldri og rótgrónari, hraus hugur við því að þessi ungi maður leiddi í ljós ýmsan fróðleik sem þeir höfðu ekki komið auga á og gat því ógnað þeirra stöðu í vísindaheiminum. Því voru viðbrögð margra að dreifa efa um ágæti þess sem Dr.Helgi vann og fá þannig sína samstarfsmenn og alþjóð til þess að hafna þesum nýju og skrítnu sköðunum.En hvernig brást Dr.Helgi við, lunderni hans leyfði aðeins eina leið, þá leið að halda fram eigin ágæti og fullvissu um að hann færi með rétt mál, auk þess benti hann á galla eða vanhæfni í störfum þessara manna, auðvitað var þetta eins og að skvetta olíu á eld, mótstaðan varð margefld, nú fannst ýmsum menntamönnum hann ekki bara ógnandi, heldur beinlínis hættulegur, og auðvitað voru viðbrögðin eftir því. En eins og áður er getið, þá háði svefnleysi Dr. Helga og honum var umhugað um að fá þar bót á, því hóf hann að kanna allt sem laut að svefni og hellti sér út í þær rannsóknir af lífi og sál. Honum nægði ekki að skoða og reyna, hann varð að fá vissu og fljótt sá hann að gildi svefnsins var þýðingarmeira en aðrir virtust halda, ein af hans fyrstu uppgötvunum á þessu sviði var sú að svefninn væri magnan, slík magnan að svefnlaus gæti maðurinn ekki lifað nema stutt-

an tíma. Og hvaðan kom þá þessi magnan ? Dr.Helgi þóttist fljótt skynja það að slík magnan gæti aðeins komið frá einhverjum lifandi verum og í draumum sínum sá hann stjörnur, lönd, byggingar og farartæki og að sjálfsögðu dýr og menn. Og það leið ekki á löngu þar til hann gerði sér ljóst að það sem hann sá í draumi gat ekki verið á okkar jörð. Einkenni voru of ólík því sem hér þekktist, stjörnumerki sem hvergi voru sýnileg af okkar jörð blöstu við í draumum, ókennileg dýr og jafnvel mannkyn sem ekki svöruðu til neinna kynþátta hér þekkra og tungumál alls ólík því sem hér þekktust. Hvað gerði Dr.Helgi nú ? Hann lagði sig allan fram við að rannsaka þessi mál, og smátt og smátt, m.a. með aðstoð miðla, þóttist hann þess fullviss að okkar jörð væri ekki sú eina sem fóstraði líf. Þetta voru yfirþyrmandi uppgötvanir, svo miklar að ekki mátti þegja yfir þeim, enda var Dr. Helgi óþreytandi að skrifa um þær, að tala um þær, að hugsa um þær, að halda áfram að rannsaka þær. Og nú voru viðbrögðin tvenn, annars vegar þrúgandi þögn og hins vegar yfirlýsingar vísindamanna um að þetta væri algert rugl og stæðist engar vísindalegar athuganir, heimurinn væri ekki svona, það væri aðeins eins jörð byggð fólki ! Það kom í sama stað niður þó að bent væri á að ýmsir spekingar fyrri alda hefðu nánast komist að sömu niðurstöðu, vantað aðeins hársbreidd á að skilja það sem Dr. Helgi nú hafði uppgötvað. Með skrifum sínum í Nýal, auk fjölda greina í blöðum og tímaritum, reyndi Dr. Helgi að gera kenningar sínar skiljanlegar öllum lýð, ekki aðeins þeim sem státt að gátu ef merkilegum prófum, heldur einnig hinum sem höfðu litla eða enga menntun að baki. Eins og áður segir, þá þótti ýmsum skrif Dr. Helga torskilin og ósennilegar tilgátur hans um gerð heimsins. Ef til vill olli þar sú staðreynd að Dr. Helgi var betur viti borinn en flestir samtímamenn hans, lærðir sem leikir. Þannig var Dr. Helgi einangraður á tvennan hátt, annars vegar vegna skilningsleysis, en hins vegar vegna þess að ýmsum mennta-og valdamönnum þess tíma þótti hann ógna stöðu sinni og frama. Þar voru fremstir í flokki ýmsir vísindamenn og forystumenn kristinnar kirkju. Þó að Dr.Helga tækist ekki að skilja hvers vegna menn sniðgengu sannleikann, hvers vegna þeir stefndu heill sinni í voða, þá vissi hann hverjar ástæður þessara manna voru, en hann átti erfitt með að trúa því að vanhæfni þeirra væri slík sem raun bar vitni. Þetta varð til þess að ákafi hans

til þess fræða og kenna varð sífellt meiri og ákveðnari, og leiddi til þess að móttaðan jókst. Dr. Helgi fann mjög fyrir því að hann stóð einn og átti fáa kosti þess að geta lifað sæmilegu lífi. En þrátt fyrir allt þetta átti Dr. Helgi þá ósk helsta að öllum þessum mönnum mætti auðnast það hlutskipti að lifa á þann hátt að þeir ættu vísa góða lendingu á nýrri jörð þegar þar að kæmi, en ósk Dr. Helga vær stærri, hún gildi líka fyrir alla Íslendinga, allar þjóðir á okkar jörð og reyndar fyrir allt líf í alheimi. Fyrir allt líf í alheimi!, já, þetta var Dr. Helga eðlileg og sjálfsgöð ósk, því hann hafði skynjað og skilið hve fjöldi vetrarbrauta með sínar milljónir sólna og jarða var mikill, að þar

lifðu á ótal jörðum mannkyn, sum illa á vegi stödd, sum álíka og á okkar jörð, en sum slík að aðeins guðahugtakið gat lýst þeim að nokkru. Þegar Dr. Helgi hvarf héðan af jörðu þá held ég að fáir hafi gert sér grein fyrir því tjóni sem allar þjóðir okkar jarðar urðu fyrir, kenning hans var kunn fáum og þessir fáu höfðu ekki þá magnan sem til þurfti, enda ekki miklar líkur á því að það sem Dr. Helga tókst ekki væri hinum auðið. Þó er enn viðleitni til þess að þoka málum í rétta átt og því lifir vonin um mannbætur enn.

Haukur Sigtryggson.

Til Helga Pjeturssonar

Afmælisvísur 31. Marts 1903

Þó hafið sé ennþá að hamast við sand
og himinn í stormskýjum sínum,
þá er nú þó vorið á leiðinni í land,
það er ljós yfir deginum þínum.
Þú átt bjartleitan gest
og við unnum þér best,
að þú ættir hjer fræknustu sporin.
Hjer í álögum öll
drjúpa dalir og fjöll,
og þau dreymir um kóngsson á vorin.

Og Íslandi er gott, að þú elskar hvern dal
og ætlar hjer stríðið að heyja.
En förin er ill um þann öræfa val,
þar sem aldirnar stírðnaðar þegja.-
Skyldi jökull og bál
eyða eins okkar mál,
skal sá ómur ei neinum þá mætur,
þegar Fjallkonan næst
blæju bláhvítri glæst
sofnar blund sinnar ísaldarnætur ?

En við gleymum því, Helgi,
og við gleðjumst með þjer,
það er gaman hve öruggt þú stendur;
við sjáum hann smáfríkkar hópurinn hjer
við hvern ham, sem er tekinn og brenndur.
Kannske leysumst við öll
bæði um bygðir og fjöll,
kannske bráðnar vor álaga klaki.
Þú átt skínandi von,
vorsins vígdjarfi son,
þú átt vorsól að snjóskeyja baki.

* * *

Svo verði þinn geisli, sem vakti þinn dag,
eins og vorboði um landið og bæinn,
sem kveður á morgna við ljettara lag,
þegar leingja fer blessaðan daginn.
Og sjálfum að endingu óskum við þjer,
að þú erjir á stjúpum og tröllum,
uns kóngsdóttir þú út úr björgunum ber,
þá sem best er og fríðust af öllum.

Dorsteinn Erlingsson

Draumar úr kúlupyrpingu

Formáli

Grein þessa, sem hér birtist í fyrsta sinn á prenti, ritaði faðir minn heitinn, Þorsteinn Guðjónsson, á síðasta ári ævi sinnar. Hann var þá farinn að heilsu, en stundaði þó enn ritstörf sín af óbilandi áhuga. Efni greinarinnar var honum hugleikið alla ævi frá því hann dreymdi árið 1949 draum þann, sem hann segir frá að neðan (nr. II). Má teljast happ að honum skyldi fyrir andlát sitt auðnast að safna saman frásögnum af allmörgum áþekktum draumum annarra, til samanburðar og frekari rökstuðnings kenningu sinni um uppruna þessara drauma. Greinina hef ég yfirfarið fyrir prentun og gert smávægilegar lagfæringar.

Þorsteinn Þorsteinsson

Ég býst við að ýmsum verði auðvelt að misskilja þessa fyrirsögn, en þó ætti að mega skýra málið. „Kúlupyrping“ (globular cluster) heitir í stjörnufræði þar sem hundruð þúsunda sólna hnappast saman á tiltölulega litlu geimsvæði, þó þannig að nægilega rúmt er um þær allar. Margt hefur verið rannsakað um sólnahópa þessa, og er þar merkilegast að þeir eru eldri en vetrarbrautir þær, sem þeir tilheyra. Einnig er talið að sólirnar í hverri þeirra séu allar nokkuð jafngamlar, stjarnfræðilega talað. En fjöldi slíkra þyrpinga innan vorrar vetrarbrautar er talinn á annað hundrað.

Auðvelt er að segja frá þessu, því enginn stjarnfræðingur efar það, sem allir vita. En öðru máli gegnir um draumana; þar er ekki fjöldafylginu fyrir að fara við þann skilning, sem hér er byggt á. Ég er þó viss um, að sú skýring á eðli þeirra, sem ég fer eftir, er jafnsönn og ofanrituð skýring stjörnufræðinnar á sólnahópum.

Draumar eru í fyrsta lagi reynsla, en ekki ímyndun (eins og tómfraðingar ímynda sér); ekki heldur „úr andaheiminum“ (eins og tvíhyggjan telur), heldur veruleiki, sem annar maður sér og skynjar. Reynsla vakandi manns verður fyrir lífstarfsíleiðslu, bioinduktion, að draumi þess sem sefur. Draumgjafi er sá kallaður, sem lifir hina raunverulegu atburði, dreymandi sá sem dreymir. Svefn og draumar byggjast á orkuflutningi milli líkamlegra vera. -

Kenning þessi um eðli svefns og drauma er komin frá íslenskum vísindamanni, sem starfaði á fyrri hluta 20. aldar, frá dr. Helga Pjeturss. En hann gerði, eins og kunnugt er, undirstöðuuppgötvanir í íslenskri jarðfræði, og byggist jarðsaga landsins á því verki að verulegu leyti, enn þann dag í dag.

Það sem dró ýmsa samtímamenn dr. Helga frá því að tileinka sér draumakenningu hans, var hik þeirra gagnvart himingeimnum. Þá óaði við því að vera í sambandi við lífið í öðrum sólhverfum. Einnig átti þarna mikla sök hræðslan við að vera Íslendingur. Menntu gerðu sér þá svo ofurháar hugmyndir um flestan erlendan boðskap - og gera enn. Í þriðja lagi var það, sem ef til vill hefði mátt teljast afsökun, frá vissu sjónarmiði, að til var í eðlisfræði þeirra tíma staðhæfing um að ekkert gæti farið hraðar en ljósið. En um þá staðhæfingu vissu þó fáir hér á landi.

Stjarnfræðilegir draumar eru engan veginn einbundnir við þá sem hafa tileinkað sér hinn stjörnufræðilega skilning. Dæmi um slíka drauma eru til frá elstu tímum. Efniviðurinn er eitt, skýringin annað. Oftast eru stjarnfræðilegir draumar í lífstefnuátt, eins og gefur að skilja. En þó geta þeir verið af mjög misháu fullkonnunarstigi, og draumar þeir sem hér eru til athugunar virðast stafa frá ríki mikillar fullkonnunar.

Dæmi þau um skráða drauma, sem hér fara á eftir eru sérstök að því leyti, að þar virðist hafa náðst samband við íbúa reikistjarna við einhverja sól í kúlupyrpingu. Í átta af þessum níu dæmum er þetta ráðið af beinum athugunum dreymenda; níunda dæmið sver sig reyndar þannig í ætt við hin, að ekki þarf að efa að uppruni þess er hinn sami. Og „skal nú láta heyra dæmin“.

I. Draumur

Roskin kona, ættuð úr sveit, fær sér herbergi og brátt kemur að því, að eitt og annað fer að berast í tal milli hennar og húsráðenda. Minnst hún þá meðal annars á hvað sér þyki himinninn fagur. Hún hafi oft horft á stjörnurnar sér til ánægju, segir hún, en það þyki sér leitt að vita ekki, hvað þær eru. „Það

er best ég láni þér bók um stjörnufræði“, segir húsráðandi, en hún tekur því með þökkum.

Daginn eftir segist hún hafa lesið nokkuð í bókinni og líkað vel, en svo hafi sig líka dreymt draum, þesskonar, að aldrei fyrr hafi annað eins fyrir sig borið. Þótti henni þá sem hún væri úti við að kvöld- eða næturlagi og horfði til himins, og blasti þá við henni furðuleg sjón. Allur himinninn var alsettur tindrandi stjörnum, skínandi björtum langt fram yfir það sem hún hafði áður þekkt, enda útsýnið ekki líkt neinu sem hún hafði séð. En þó að þetta væri svona ókunnuglegt, fannst henni í draumnum öðrum þræði sem hún þekkti það allt. Það sem þó yfirgnæfði allt annað var einhver furðuleg fagnaðartilfinning sem ríkti í huga hennar, einnig ólík öllu sem hún hafði áður kynnst.

Katrín Sólbjartsdóttir, f. 1908.

- Ingvar Agnarsson skráði nýdreymt 1989.


II. Draumur

Drauma, þar sem útsýn gefur til stjörnuhimins slíks, sem nú var lýst, tel ég rétt að rekja til draumgjafa á hnetti sem er við eina af sólum áðurnefndra kúlupyrpinga. Árið 1949 dreymdi mig slíkan draum, og fylgdi honum áköf fagnaðartilfinning, og það svo mjög, að mér þótti erfið umskipti að vakna aftur til hins gráa hversdagslífs. Ég skildi reyndar ekkert í því þá, hvernig stóð á hinum mikla fjölda bjarttra stjarna á himni draumgjafa míns, því ég þekkti ekki nein stjarnfræðileg rök til þess. En í stjörnufræðibók, þýddri eftir fyrirlestraröð Freds Hoyle, sem lesin var í útvarp hér tveim árum síðar, var einmitt þetta atriði skýrt.

Fred Hoyle hafði af einhverjum ástæðum mikinn hug á að skýra fyrir áheyrendum sínum (í BBC) hvernig útsýnið til himingeimsins væri frá reiki-stjörnu við sól í slíkri þyrpingu: „Þúsundir stjarna, bjartari en Síriús á vorum himni, mundu þar blasa við.“

Til hefur verið minnisbók mín frá þessum tíma sem segir frá draumi mínum, og er hún til vitnis, ef þessi mál verða einhverntíma nánar rannsökuð á stjörnunni Jörð.

Ég komst að því við grúsk mitt áratugum síðar, að á undan mér og áður en lýsing Freds Hoyle varð til, hafði mann dreymt alveg samskonar draum, þar sem himinn var stjörnum þrýddur í miklu meira mæli en hér - og skínu þó stjörnur þessar nokkuð á annan og „einkennilega unaðslegan hátt“. Maður-



Þorsteinn Guðjónsson (1928 - 2000)

inn, sem hafði frá þessu að segja þegar árið 1939, var reyndar enginn annar en Helgi Þjeturss; þetta er ekki í Nýöllum hans; það var ekki fyrr en ég fór að leita uppi gamlar blaðagreinar löngu síðar, að ég komst að þessu. Er þetta í greininni Fróðlegt lof og maklegt, sem síðar var prentuð í Völdum ritgerðum hans 1991, og birti ég hér drauminn:

III. Draumur

„Mig dreymdi, að ég stæði úti um vetrarkvöld og virti fyrir mér himininn. Stjörnubjart var, og að vísu svo, að langt bar af því, sem ég hefi nokkru sinni í vöku séð. Fjölda af stjörnum var að sjá, sem skínu stórum bjartar en jafnvel hin silfurblikandi Venus, og ekki einungis bjartar, heldur nokkuð á annan og einkennilega unaðslegan hátt. Ég vaknaði brátt og fór að hugleiða þennan svo óvanalega góða draum og til hverra stilliáhrifa hann mundi vera að rekja. Minntist ég þá þess, að ég hafði daginn áður átt nokkuð rækilegt samtal við hinn unga vísindamann dr. Trausta Einarsson, sem tekið hefur doktorspróf í stjörnufræði við þýskan háskóla og einnig lagt stund á jarðfræði. Kom mér í hug, að í augum

þeirra, sem kunnugt væri um náttúruleg málgæði, sem ég hefi fundið og nefnt stillilögmálið (the biodynamical law of determinants) mundi það vera meir en lítið lof um hinn unga vísindamann, ef ég segði frá draumi þessum. En ég hefi oft, þegar ég hefi getað komið því við, skrifað eitthvað um unga og byrjandi náttúrufræðinga - og þó raunar fleiri - sem þeim gæti að líði orðið.“

Í framhaldi af þessu segir dr. Helgi: „Er því líkast sem draumgjafi sá hafi átt heima á jörð í stjörnuþyrpingu slíkrri, sem er hinn frægi sólháður í stjörnumerkinu Hercules (M13).“

Helgi Pjeturss: Fróðlegt lof og maklegt, Vísir, 21.11. 1939

Rannsókn er það sem hér fer fram, eins og hver skynsamur maður hlýtur að sjá. Þetta er samantburður skráðra dæma, og í þessu þriðja dæmi fléttar dreymandinn skýringuna við frásögn sína, og er nú býsna fróðlegt að sjá, hvernig mín skýring frá 1949-51 samrýmist nákvæmlega skýringu Helga frá árinu 1939. Annars nær rannsóknatímabilið frá 1939-1990, og eru vitnin þá orðin sjö. Ég hef þegar nefnt þrjú þeirra; nú bæti ég fjórum við. Síðar mun enn bætast við eitt.

Ingvar Agnarsson, höfundur þriggja bóka með drauma-dæmum segir frá slíkum, sem að ofan getur, af eigin reynslu.

IV. Draumur

„Mér þótti ég standa úti og horfa á alstirndan himin. Hvílík dýrdarsýn! Stjörnurnar voru mjög þéttsettar, flestar áberandi bjartar. Efst uppi mynduðu þær eitt allsherjar ljóshaf, á mjög stóru svæði, svo þær virtust vera þær nær samfelldar eða ná þær nærri saman, og niður eftir öllum himni voru þær raunar næstum eins, en þær bar heldur minna á smágerðara stjörnumorinu, sem allsstaðar virtist fylla upp svo til allt rúmið á milli þeirra stóru. Og þessi bjarta stjörnumergð virtist ná allt niður undir sjóndeildarhring, rétt eins og þær væri mjög lítil móða í lofti.“

Draumur varð ekki lengri og var ég fullur hrifningar og eins og altekinn unaði, er ég vaknaði og fyrst á eftir.“

Dreymt 11.1. 1986 - Ingvar Agnarsson, Lífheimar Draumanna, 1992, s. 73.

V. Draumur

„Mér verður lítið til himins, og þar blasti við svo óvænt fegurð, að ég kalla til féлага minna með ákafa: „Lítið upp, sjáið stjörnurnar.““

Heillaður horfði ég til himins, sem var alsettur stjörnum. Flestar voru þær bjartar mjög og skínandi, þéttsettar, en á bak við þær eins og dauft ljóshaf óendanlegs fjölda daufari stjarna. Tvær stjörnur (með álíka millibili og er á milli Denebs og Vegu) skáru sig úr, því birta þeirra var svo mikil, að langt tók fram birtu allra annarra stjarna þessa fagra himins. Þær voru hvítar eða bláhvítar að lit, og það var sem sindur stafaði út frá þeim, eða eldingarblössar, sem þutu langar leiðir um himininn. - Eftir að ég hafði horft allengi á þessa tilkomumiklu himinsýn, varð allt óskýrara, og ég vaknaði.“

Dreymt 25.9. 1981 - Ingvar Agnarsson, Viðheimar draumanna, 1993, s. 75.

VI. Draumur

Kjartan K. Norðdahl, flugmaður, sagði mér um 1974-5 draum um himinsýn, sem bar sömu ein-kenni og draumur minn 1949 og draumur dr. Helga 1939, og Ingvars síðar, og sérstaklega skýrt og ótvírátt var, að einstakar stjörnur voru þarna miklu skærari og stóðu þéttara en hér. Hinsvegar var hin mikla hrifning þarna ekki til staðar, og má vera, að stilliáhrif mannfélagsins hér um þær mundir hafi nokkru um valdið.

Dreymt um 1974, skráð af Þ.G. eftir minni.

VII. Draumur

Úr bréfi Sveins Haraldssonar til Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum (birt í Félagsblaði Nýalssinna, des. 1966):

„Ekki veit ég hvort þú hefur lesið bækur Oscars Clausens, Dulsagnir, en ýmislegt er þar ekki ómerkilegt, þótt lítið sé um vísindalegar skýringar. Þar er m.a. í öðru bindi bls.195-6 þessi frásaga:

>Árla morguns hinn 19. sept. 1899 var ég að klæða mig og var ég þá ekki að hugsa um neitt annað en þau störf, sem ég átti fyrir höndum. Þá sá ég skyndilega birta allt öðruvísi en verður af nokkru dagsljósi, þó hvorki meira né bjartar, jafnvel daufar. Þá var allt í einu sem mér opnaðist ný sýn, nýr himinn með nýju stjörnuskráuti. Voru stjörnurnar

margfalt þéttari og dýrðlegri en við sjáum á festingunni. Ský voru og allt önnur. Skýin þynnri og hreinni og ollu engri fyrirstöðu í viðáttusýn.<

Guðbrandur hét hann Þorláksson, sem segir frá þessari sýn sinni, og hefur hún vafalaust borist honum fyrir samband við sýngjafa á jörð annars sólhverfis. Var Guðbrandur þessi víst merkilegur smiður eða uppgötvuður, og var sagt hann myndi upp róðrarvél. Hann las allt sem hann náði í varðandi heimspéki og stjörnufræði, og er ekki ósennilegt að stjörnufræðiáhugi hans hafi greitt fyrir því, að þessa sýn skyldi bera fyrir hann.“

Félagsblað Nýalsinna, 1966.

VIII. Draumur

Sveinn Haraldsson segir í Lífgeislum frá draumi sínum dreymdum 9.3.1990, sem hann hyggur hafa orðið fyrir stilliáhrif frá fornum Nýalsfélaga (Sveinbirni Þorsteinssyni) svo sem hér segir:

„...Þótti mér ég vera ásamt öðrum manni úti á gangi á götu nokkurri í Reykjavík og varð mér þar sem ég gekk, allt í einu litið til himins, en dimmt var úti eða rökkur, en dimmt var ekki til himins að líta, því vel stjörnuþjart var. Ótal stjörnur mátti þar sjá dreifðar um himinhvolfið og sumstaðar þéttari og þjartari en annarsstaðar. Ekki hafði ég lengi horft á dýrðarsýn þessa, þegar hjá mér vaknaði löngun til að vekja eftirtekt þess sem með mér gekk á stjörnuhimninum, og þótti mér ég fara að segja honum í fáeinum setningum frá þeirri framtíð sem okkar og allra biði í heimi stjarnanna...“

Lífgeislar, 6. 1990.

Nú hafa verið rakin átta dæmi, eftir sjö heimildarmönnum, frá árabílinu 1939-90. Það er nú fyrst um þessa drauma að segja að þeir eru vitnisburðir, ekki aðeins um fullkomnari og betri lífstillfinningu en þekkjast mun annars á jörðu hér, heldur einnig um stjarnfræðilega staðsetningu draumgjafa. Furðulegt er að sjá, að allir þessir draumar, enda þótt dreymdir séu á ýmsum stöðum og tímum, og af fólki sem vissi fæst hvert til annars, skuli veita þessa vitneskju um uppruna sinn. Þannig vissi dr. Helgi víst ekki um neinn þeirra sem eiga hin dæmin og enginn okkar þekkti Katrínu Sólbjartsdóttur nema hinn aðgætni Ingvar. Auðsætt er, að það styrkir gildi þessara drauma, hvað þeir eru lengi og strjált að koma yfir fólk hér á jörð. Dæmi Guðbrands smiðs, frá því fyrir aldamót, gefur ákveðna

bendingu um að draumsambönd við þessar frumstöðvar hafi oftast tekist en við höfum hér heimildir um hjá einstaklingum sem til þess voru lagaðir.

Annað einkenni er hið sérstaka útlit stjörnuhiminsins í flestum þessara drauma, og er þar enn undrunarefni hvað það útlit skilar sér vel hjá hinum ólíku dreyمندum. En það er náttúrulega miklu skiljanlegra þegar horft er út frá sambandskenningunni en framhá henni, eða réttara sagt: Það væri óskiljanlegt án hennar. Hin „einkennilega unaðslega“ birta, sem sumir segja þarna frá, mundi vera stjörnubirtan þar, fegurri en hér, en þó einkanlega: fagurlegar skynjuð þar.

Í þriðja lagi er samræmi í því, sem vitað er um hinar merkilegu kúlupyrpingar, að þær munu vera eldri en sjálf vetrarbrautin. Liggur þá beint við, að sumt hið fullkomnasta líf muni vera í slíkum sólhverfum sem mjög gömul eru orðin, en það kemur ákaflega vel heim við þær tilfinningar, sem fylgðu ofanrituðum draumum.

Er nú sagan öll?

Svohljóðandi bréf barst mér nýlega frá Kanada-manni, Serge Huard að nafni (frönskumælandi Quebec-búa). Þetta er 2. bréf hans til mín varðandi þennan draum, en ég sleppi fyrsta bréfinu þó að þar kæmi reyndar þegar fram að hann hefði verið að dreyma hinn hamingjuríkasta draum.

IX. Draumur

„Heilsan þér, Þorsteinn. Mikill varð áhugi minn, þegar ég las skýrgreiningu þína á draumi mínum á grunni nýalskrar heimspéki. Ég man ekki hvort ég tók það fram (í bréfi mínu) að draumurinn er mér einstæð reynsla, þó ég beri saman við alla ævi mína. Aldrei á ævinni hefur mér liðið svona vel, þótt svo gott að vera til. Sannast að segja þá er ég oft að hugsa um þennan draum, en ég þekki engin þau orð sem geti lýst því hvernig mér leið, þegar ég vaknaði - nema það, sem ég man mjög vel, að mig langaði allra helst til að geta farið þangað sem ég var í draumnum. Það var eins og að vera í sambandi við hamingjuna sjálfa, við sanna og ólýsanlega hamingju.“

Svo vel vill til, að ég hef verið lesandi að ágætu tímariti þínu árum saman, og ég hef lesið bækur þínar hvað eftir annað, og þá einkum Astrobiology, sem er orðin svo slitin af lestri hjá mér, að ég verð

bráðum að panta mér annað eintak. Eitt af því sem ég lærði þar var hve nauðsynlegt er að skrifa minnisgreinar um drauma (þegar vaknað er), og það gerði ég líka í þetta sinn (ég man raunar vel að ég var allan daginn að skrifa þær, og að setja á blöð ýmis form og teikningar varðandi drauminn. Því miður er ég ekki eins vel að mér í Nýals-heimspæki og þú (og ég hlýt líka að láta þess getið að ég er nú of mikið að glíma við önnur málefni).

Mörgum þeirra spurninga, sem mér komu í hug er enn ósvarað. Í fyrri bréfum sagðist ég ætla að skrifa meira um þetta...

Ég minnst þess einnig að hafa þarna séð til stjarna, en ég man ekki hvort þær voru óvenju margar (eins og þú spyrð um). Það sem ég minnst er sérkennilegt ljós, þvílíkt sem ég aldrei hef áður séð. Spurning kom upp í huga mér: Þar sem stjarnan okkar, Sólin, er nærri ystu mörkum vetrarbrautarinnar, gæti þá verið að draumgjafarnir séu „í miðju“ vetrarbrautar?“

Serge Huard, 1999.

Það er óhætt að svara spurningunni um það hvort „sagan sé nú öll“, neitandi. Ljósíð fagra sem prýddi þennan draum, virðist vera sama eðlis og ljós það sem doktor Helgi lýsir svo vel með fáum orðum, í draumsögu sinni. - Tilgáta Serge Huards um það,

að fullkomnun sé meiri nær miðju vetrarbrautar, er leyfileg og möguleikinn hugsanlegur, en þó hygg ég að þegar um er að ræða hin göfugustu sambönd, sé það fremur við íbúa kúlupyrpinga, eins og hér hefur verið rakið.

Nú gef ég draumum þessum töluröð eftir aldri, þótt betur hafi hent að segja frá þeim í annarri röð eins og ég hef gert hér að ofan:

1. Guðbrandur Þorláksson, smiður 1899
2. Dr. Helgi Pjeturss, náttúrufræðingur 1939
3. Þorsteinn Guðjónsson, rithöfundur 1949
4. Kjartan K. Norðdahl, flugmaður 1974
5. Ingvar Agnarsson, forstjóri 1981
6. Ingvar Agnarsson, forstjóri 1986
7. Katrín Sólbjartsdóttir, bóndakona 1989
8. Sveinn Haraldsson, miðill 1990
9. Serge Huard, gullsmiður, leturgrafari 1999

Hið nýja samband, auk annarra sem í vændum eru, hygg ég vera eins og fyrirheit um að landnám þekkingarinnar frá ríki hinnar bestu fullkomnunar, til hnattarins Jarðar, muni takast, þrátt fyrir allt sem á undan er gengið. Sigur mun vinnast og alheimur mun fagna.

Þorsteinn Guðjónsson, 1999.

Draumur Péturs Beinteinssonar

Ég hafði ekki veitt því eftirtekt fyrir en annar maður vakti athyggli mína á því, að fjarlægðarmun staða og hluta skynjar maður síður eða ekki, nema neytt sé beggja augna. En þó skynjar maður ekki með sínum tveimur augum fjarlægðarmun hinna fjarstu hluta, sem sjá má, stjarnanna. Verður því að ætla, að það hafi verið fyrir samskyngjan við einhvern betur skyggjan en nokkurn íbúa þessarar jarðar, að Pétur Beinteinsson þóttist einu sinni í draumi glögglega geta greint einnig þennan mun. Sleppi ég að giska á, hversvegna sú skyggni hafi verið svo fullkomin, en læt hér koma drauminn eins og Pétur sagði mér hann í bréfi til mín haustið 1941:

„Aðfaranótt 13. júlí síðastliðinn dreymdi mig að ég virti fyrir mér suðurloftið hérumbil í nónstað. Heiðrikt var og blikandi stjörnur í heiðinu. En stjörnur þessar sá ég ekki með venjulegum hætti, sem blikandi ljósdepla á sléttum fleti, heldu í mismunandi fjarlægð eins og við sjáum jarðneska hluti. Blik þeirra var óvenju skært og ljósmagnið margfalt við það sem ég hef séð í vöku. -Á meðan ég virti þetta fyrir mér, heyrði ég einhvern segja fremur en að ég segði það sjálfur; það er ekki fyrirhafnarlaust að kanna þessar leiðir Hvort þetta var orðrétt man ég ekki með vissu“

Þorsteinn Jónsson (Tunglsgeislar)

Vornámd

Ég heyri eins og hafdjúp í fjarska,
hvar hníga og fagnandi rísa
við ströndina voröldur varmar og gljúpar,
sem vetrarins faðma að sér ísa.
Og hjarta mitt finn ég að hrærist.
Þótt hjarnið byrgi mér allt,
þá veit ég að ytra er úthafið breiða,
sem aldrei, aldrei varð kalt.

Og blærinn sig mjúklega bærir
og blíðlega um vanga minn strýkur.
Nú losna mín álög. Ég elska og fagna
og ekkert sé frammar, sem heftir né brýtur.
Og þrotlaus áfram um eilífð
nú opnast sjón minni leið,
er sólin sendir mér geisla,
og sé ég bládjúpin heið.

Nú hefi ég ekkert að óttast
og ekkert frammar að syrgja.
Mér íslausa úthafið sýngur.
Hið eilífa hefur ei nokkuð að byrgja.
Ég var að sofna og vefjast
í vetrarins hjarn.
En nú er ég elskandi aftur
og aftur sem lítið barn.

En veröld er vafin
í vetrarins dofa.
Þótt lindirnar lítið eitt rumski,
þá látast þær sofa.
Ég ennþá finn klakann við iljar,
og ennþá markar lítt spor.
En úthafið, úthafið er þó svo nærri
og æska og draumur og vor.

Því veit ég að bölið er blekking,
sem ber mér ei undan að kvarta.
Og vesalings snær og þú vesalings klaki,
ég vefði ykkur gjarnan að hjarta.
Ég skil ykkar blindni og binding,
er birtan um sál mína fer,
sem vekur mér úthafsins eilífa þorsta,
þess ást til þess smáa sem þver.

Skírnarljóð

Að lækkun fór sólin lengi,
en loks kom að þessum degi,
að upp á við stefndi aftur
í áttina að sumarvegi.
Þótt enn sitji vetur að völdum
og vinnist á harla smátt,
skal muna um myrkar stundir,
hvað munar í sólarátt.

Í læging fer sólin lengi,
en loks kemur að þeim degi,
að frelsi skal sérhver fagna
þótt fjarlægt enn sýnast megí.
Ég vildi þangað til vaka
og vernda þinn heiðindóm,
svo fjötralaus megir þú fljúga
við fyrsta vorboðans hljóm.

Því allt hið æðsta og bezta
var óttalaust, frjálst og heiðið.
Að segl séu hátt upp hafin,
er happ, er gefst óskaleiðið.
Þótt vegni þeim betur um vetur,
sem vefa sér lygahjúp,
er sálin kærari sumri,
sem sönn er, nakin og gljúp.

Það ljómar ljós guðs í augum
svo lengi sem barnið varir.
Þér hreinleik kýs og því heldur
en hyggindum að þú farir.
Þó erfitt sé einn að standa
gegn ískaldri vetrarhríð,
þá er það hlutskipti hærra
en heiðrun af flærðarlýð,

Þú ögrar ísnum á meðan
þú elskar hið bundna og smáa
og hefur útsýni opið
æ upp til hins fagra og háa.
Þú finnur auðlegð í örbyggð,
ef andans sjálfðæmi nærð.
Það verndar, hvernig sem veltur,
að vita sína eigin stærð.

Jarðfræðingurinn Helgi Pjeturss

Þessi samantekt er byggð á bók, sem er í smíðum um jarðfræðinginn Helga Pjeturss og rekur starfsferil hans eftir greinum, bréfum og ýmsum öðrum heimildum, sem Þorsteinn Þorsteinsson, Samúel D. Jónsson og Elsa G. Vilmundardóttir hafa safnað um nokkurra áratuga skeið.

Helgi var fæddur og uppalinn í Reykjavík. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1891. Hann hélt til Kaupmannahafnar til framhaldsnáms síðsumars sama ár.

Áhugi Helga á náttúrufræði vaknaði á unglingsaldri og innritaðist hann í náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla. Þar stundaði hann námið af kappi næstu 6 árin og útskrifaðist sem kandidat á vormánuðum 1897. Aðalnámsgreinin var náttúrufræði með jarðfræði sem sérgrein. Hann naut handleiðslu frábærra kennara, þar má nefna Professor Niels Viggo Ussing jarðfræðing og prófessor Eugenius Warming grasfræðing. Helgi hélt sambandi við þá ætíð síðan og þeir hvöttu hann og studdu með ráðum og dáð. Þeim varð fljótt ljóst, að hann var efni í góðan jarðvísindamann.

Að loknu kandidatsprófi hélt Helgi í rannsóknaleiðangur til Grænlands sumarið 1897 og var það upphaf sjálfstæðra rannsókna hans. Hann dvaldi í Kaupmannahöfn næsta vetur og skrifaði um Grænlandsrannsóknirnar á dönsku og ferðasögu á íslensku, sem birtist í „Bókasafni alþýðu“ 1. Flokkur, 5. bindi og síðar í Ferðabók Dr. Helga Pjeturss. Rannsóknaniðurstöðurnar vöktu athygli og greiddu fyrir því að Helgi fékk styrki til jarðfræðirannsókna á Íslandi. Helgi hóf rannsóknir á Íslandi sumarið 1898, í Árnessýslu, enda kunnugur þar fyrir og átti skyldmenni og vini að í Hlíð og Hæli í Gnúpverjahreppi. Helgi lýsir sumarúthaldinu 1899 á þennan hátt í bréfi til prófessors Winge, læriföður síns og vinar (þýtt úr dönsku af Valgerði Bragadóttur).

27. ágúst 1899

Ég kom heim í fyrradag frá ferð um Suðurland, en hún stóð frá 11. júlí til þessa dags. Sumarið hefur


verið alveg óvenju vætusamt og við vorum ýmist gegnvotir eða rakir ef undan eru skildir nokkrir dagar í ágústbyrjun. Ég gat ekki farið yfir eins stórt svæði og ég vildi, en þar á móti var ég svo heppinn að „uppgötva“ nýjung í jarðfræði Íslands, en það var þó ekki spendýr frá tertier.

Palagónitbreccian, sem hylur svo stór svæði af landinu er gáta eftir bestu manna yfirsýn. Menn hafa haldið að hún væri úr gosefnum. Ég komst að því þvert á móti að mikið af henni er jökulberg - fornar jökulurðir. Á nokkrum stöðum hef ég fundið ísnúinn berggrunn undir. Á einum stað er 700-800 feta hátt fjall ofan á þykku jökulbergi

Jökulbergið er víða brotið og misgengið og skorid af göngum og innskotsbergi. Þetta er allt svo merkilegt að sjá, að ég get varla trúað mínum eigin augum. Ég sneri við þeim baki og efadi að þetta væri í raun og veru jökulberg, en efinn hlaut að hverfa þegar ég fann öll þau einkenni, sem krafist er af jökulbergi.

Fyrstu greinarnar um nýja sýn á jarðfræði Íslands birtust árið 1900. Önnur birtist í skosku landfræðitímariti, hin í Eimreiðinni. Grein Helga í skoska tímaritinu vakti mikla athygli meðal erlendra jarðvísindamanna, en um þessar mundir voru jarðfræðingar í Mið-Evrópu að hverfa frá þeirri hugmynd að ísöldin hefði verið einn samfelldur fimbulvetur, heldur hefðu skipst á kuldaskið og hlýskið. Helgi var í hópi þeirra fyrstu sem birtu rannsóknaniðurstöður um þetta efni og naut eftir það álits og virðingar meðal erlendra jarðvísindamanna.

Eini íslendingurinn, sem eitthvað kvað að í heimi jarðvísindanna um þessar mundir, var Þorvaldur Thoroddsen, fyrrum kennari Helga og vinur og velgjörðarmaður. Hann var ekki sammála túlkunum Helga og niðurstöðum og ósætti kom upp á milli þeirra. Harna ber, að þeir báru ekki gæfu til að koma sér saman eftir þetta. Þorvaldur átti heima í Kaupmannahöfn eftir að Helgi kom til starfa á Íslandi og vann þar við skriftir. Átti hann því erfitt um vik að skoða það sem Helgi taldi vera jökulberg, en hann samlímða ösku og önnur gosefni.



*Steinninn úr Skridugili.
Steinninn sem Helgi lýsir í dótorsritgerðinni
hefur varðveist. Ljósmynd Grétar Eiríksson.*

Helgi hélt ótraudur áfram jarðfræðirannsóknnum næstu 11 árin. Hann fór árlega í rannsóknarferðir víða um land, einkum í júlí og ágúst. Hann ferðaðist á hestum og hafði fylgdarmann. Bílar voru ekki komnir til sögunnar sem farartæki á Íslandi. Minnst 8 hesta þurfti til ferðalaganna, tvo til reiðar fyrir hvorn mann og 4 trússhesta. Sýni af bergi, sem Helgi var óspar á að safna, munu hafa sigið í og þess vegna hefur hann þurft svo marga hesta. Ár voru flestar óbrúaðar og vegir allir frumstæðir, lítið annað en troðnar reiðgötur og vegleysur. Þeir höfðu meðferðis tjald og annan viðlegubúnað. Oftast sváfu þeir í tjaldi, en gistu einnig á sveitahcimilum eða í kirkjum. Fyrir á tímum var algengt að gista í kirkjum enda var húsakostur landsmanna bæði lítill og lélegur.

Á þessum tíma voru ekki til nein kort af Íslandi, sem gagn var að við jarðfræðirannsóknir og þaðan af síður loftmyndir. Helstu rannsóknartækni sem Helgi studdist við á ferðum sínum voru áttaviti, loftvog, hornamælir, stækkunargler og hamar. Síðast en ekki síst varð hann að reiða sig á þjálfaðan og vökulan huga sinn, innsæi og hæfileika til að

tengja jarðsögulega atburði í tíma og rúmi.

Afrakstur ferðanna birtist í fjölmörgum vísindagreinum í erlendum tímaritum, en einnig skrifaði hann í íslensk tímarit um jarðfræði á skýran og alþýðlegan hátt og kunnir almenningur vel að meta greinar hans. Hann hélt einnig marga fyrirlestra um jarðfræði fyrir almenning og voru þeir vel sóttir.

Helgi var mikill málamaður og ritaði jöfnum höndum á dönsku, ensku, þýsku, frönsku, latínu og grísku. Auk þess hafði hann gott vald á íslenskunni og ritaði fagurt mál og auðgáði tunguna með mörgum snjóllum nýyrðum.

Árið 1905 lauk Helgi doktorsprófi í jarðfræði fyrstur Íslendinga. Í doktorsritgerð sinni „Om Islands Geologi“, fjallar hann um rannsókir sínar á Íslandi og vikkar út og fyllir í þá mynd, sem laukst upp fyrir honum í Hreppunum sex árum áður.

Hvaða störf biðu þessa vel menntaða og hæfileikarika jarðvísindamanns á fyrsta áratug tuttugustu aldar á Íslandi? Skemmst er frá því að segja, að þar fannst ekkert við hæfi. Háskóli var ekki fyrir hendi fyrir en 1911 og þess má geta að jarðfræðideild var ekki stofnuð við Háskóla Íslands fyrr en 1969. Engar jarðfræðirannsóknir voru stundaðar í lok nítjándiu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu aðrar en þær sem Helgi og Þorvaldur Thoroddsen unnu við. Þorvaldur fór í síðustu rannsóknarferð sína árið 1898, sama ár og Helgi kemur útlærður til landsins eins og þá var tekið til orða.

Erlendir jarðvísindamenn heimsóttu landið af og til og viðudu að sér efni, en þessar ferðir voru ósamfelldar og óreglulegar. Engin starfsemi var á Íslandi að heita mátti, námugróftur eða þess háttar, þar sem vinna var í boði fyrir jarðfræðinga. Þó má geta þess, að Helgi fann nýtanleg kol á Tjörnesi, og var náma starfrækt þar um nokkurra ára skeið. Eithvað mun Helgi hafa þreifað fyrir sér um starf við erlenda háskóla, en ekki varð þó úr að hann starfaði erlendis. Hann vildi líka helst helga jarðfræði Íslands starfskrafta sína og gerði það eins og aðstæður hans framast leyfðu.

Helgi lifði eingöngu á styrkjum þessi ár sem hann var virkastur í jarðfræðinni. Hann fékk styrki erlendis frá, einkum Carlsberg sjóðnum og einnig fékk hann nokkurn styrk frá Alþingi og munaði stundum mjóu að hann væri sviptur þessum einu tekjum sínum. Foreldrar hans studdu hann af alefli og án stuðnings þeira, hefði hefði hagur hans verið mjög bágur. Helgi var ekki heilsuhaustur og þjáðist af svefnleysi frá 1897. Þrátt fyrir þessa fötlun



Skriðugil í Fnjóskadal.

Ekki er vitað lengur, hvar Skriðugil var nákvæmlega, en þessi mynd er af gili, sem lýsing Helga gæti átt við. Hann lýsir sniði sem hann tók í Skriðugili. Þar er m.a. grágrýtislag í staflanum. „Yfirborð grágrýtisins sást úr fjarlægð þar sem það skagaði út úr völuberginu og virtist sem það væri ísnúid; en þegar að var komið var þessi flötur of vatnsfægður til að jökulrispur gætu sést þó svo þær hefðu einhvern tíma verið þar. Mér heppnadið að brjóta úr brún grágrýtisins þannig að bergið sem ofan á lá fylgdi með. Með varkárni náðist það burt og þá sást að yfirborð grágrýtisins var fagurlega jökulnúid með hárfinum rispum... (síðar á sömu bls.) ... Það er ekki nokkur vafi á, að þessi ísnúni flötur er eldri en bergið, sem ofan á liggur; eldri en hinn 700 m djúpi dalur; og ef upphleðslu blágrýtismyndunarinnar lauk á miðsen, getur flöturinn ekki verið yngri en frá miðsen. Ég sé enga ástæðu til að efa að rispunar séu eftir jökul. (Helgi Þjetursson 1905: Om Islands Geologi. Meddelelser fra Dansk Geologisk Forening, Nr. 11, København. (Þýðing úr dönsku Þorsteinn Þorsteinsson og Samúel D. Jónsson). Ljósmynd: Þorsteinn Þorsteinsson.

sýndi hann ótrúlegt þrek og úthald í rannsóknarferðum og úrvinnslu rannsóknanna.

Þótt rannsóknarferðirnar yrðu fáar eftir 1910, skrifaði hann talsvert um jarðfræði eftir það og átti í bréfaskriftum við fjölmarga jarðvísindamenn, næstu áratuginna. Hann var virtur og þekktur jarðvísindamaður og barst hróður hans víða meðal jarðfræðinga á fyrri hluta 20. aldar.

Helgi hefur líka haft mikil áhrif á íslenska jarðfræðinga og þróun íslenskra jarðvísinda. Hans verður ætíð minnst, sem eins af fremstu jarðvísindamönnum okkar sem brautryðjanda og boðbera nýrrar hugsunar.

Áð lokum verða nefndar nokkrar nýjungar, sem Helgi kynnti í íslenskri jarðfræði og staðist hafa tímans tönn.

- Stór hluti móbergsmyndunarinnar er jökulberg
- Ísöldin er ekki einn samfelldur fimbulvetur heldur skiptast á kuldaskið og hlýskíð.
- Ísaldartímabilið hefur varað í milljónir ára.
- Ásýnd landsins var mótuð í stórum dráttum, þegar síðasta jökulskíð gekk í garð.

Elsa G. Vilmundardóttir

Hugleiðingar um heimsmynd tuttugustu og fyrstu aldarinnar

Max Planck prófessor í eðlisefnafræði í Þýskalandi kynnti orkudeilakenninguna á tveimur fundum í Berlín þann 19. október og 14. desember árið 1900. Ljósorkan sprettur upp úr rafeindakerfi frumeindanna og sameindanna. Maxwell hafði verið frumkvöðull kenningar um rafseguleðli ljóssins og að rafeindirnar væru uppspretta þess. Menn höfðu verið að reyna að finna eftir hvaða lögmálum þetta gerðist og Planck fann nú að orkan myndast í skömmtum eða deilum þar sem minnsta orka sem til er er ákveðinn skammtur og svo er orkan sem myndast margfeldi af honum. Hann notaði orkuflæði frá glóandi alsvörtum hlut og beitti lögmálum varmafræðinnar til að komast að niðurstöðum sínum.

Þessi uppgötvun átti eftir að gjörbreyta heimsmyndinni á hliðstæðan hátt og þegar sólmiðjukenningin tók við af jarðmiðjukenningunni og hefur mannkynið ekki enn tileinkað sér þessa byltingu nema að litlu leyti. Afrek Plancks er þannig hliðstætt verki Kópernikusar sem var frumkvöðull í því að lagfæra hugmyndir okkar um tilveruna, jörðin varð ekki miðdepill alheimsins heldur agnarögn í óendanlegum geymi. Kenning Plancks hefur leitt af sér hugmyndir um heim sem hefur tvær rýmdir, annars vegar sú óendanlega þar sem menn hafa eygt 1015 ljósár út í óendanleikann, hins vegar rýmd sem tími og rúm falla saman í ekki neitt, hvorki tími né vegalengd eiga þar heima.

Albert Einstein sem af mörgum er talinn vitringur allra alda, vann sitt merkasta verk þegar hann hugsaði sér áhrif hröðunar á efnismassa samkvæmt orkudeilakenningu Plancks. Niðurstaða hans var að massinn eykst með hröðuninni og þegar nálgast ljóshraðann verður massinn óendanlega mikill. Þar með er massinn orðinn samur orkunni sem í hann kemur með hröðuninni, massi og orka eru þá orðin jafngild í kenningunni. Af þessu leiddi hin fræga formúla, $e=mc^2$ þar sem e er orka, m er massi og c ljóshraðinn. Þessi kenning leiddi svo til uppgötvunar á kjarnorkunni og staðfesti að rétt var reiknað.

Niels Bohr danskur prófessor í eðlisfræði, kann-

aði eðli frumeindanna. Ef rafsegulorkan eða með öðru orði ljósorkan kemur út úr eindunum í ákveðnum skömmtum hljóta rafeindirnar að vera á brautum umhverfis kjarnann og hoppa út á víðari braut ef þeim berst orka og falla á aðra þrengri þegar þær láta frá sér orku. Hann ákvarðaði rafeindabrautir eða rafeindahvel frumeindanna og á hverju hveli er ákveðin orka í rafeindunum. Þær eiga sér svo enga tilvist á milli hvelanna. Nú verða nemendur menntaskólanna að læra utanbókar um rafeindahvel frumeindanna.

Werner Heisenberg nemandi Bohrs ályktaði að óvissa hlyti að vera í tilvist eindanna, ef ætti að finna nákvæmlega stað þeirra þá yrði óvissa um hreyfingu þeirra og gagnstætt ef hreyfingin væri ákveðin yrði óvissa um hvar þær væru. Þetta hefur oft verið staðfest með tilraunum og er kallað óvissulögmál Heisenbergs.

Uppgötvanir þessara manna benda allar til þess sama, hreyfing eindanna er ósamfelld, þær hverfa á einum stað og myndast aftur á öðrum, og fylgir því nokkur óvissa hvar þær myndast aftur. Einstein og Bohr rökræddu deilakenninguna og Einstein gat ekki hugsað sér að hún væri fullkomin. Hún fól það í sér að eindirnar væru ekki staðbundnar, heimurinn væri í rauninni samfella og allt efni samtengt í þessari heild. Þetta fannst Einstein að staðist alls ekki, maður verður að ríghalda sér í það að það sem gerist í einu kerfi hafi ekki áhrif á annað kerfi sem er aðskilið því í rúminu segir Einstein í ævisögu sinni. Í þessum rökræðum sem fóru fram á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var að glítt í þessa heimsmynd, allt er ein samfella, atburðarásin byggist á því að allt hverfur og myndast á ný annars staðar.

Albert Einstein, Boris Podolsky og Nathan Rosen gerðu nú þankatilraun, kölluð EPR tilraunin, upphaflega hugsaði David Bohm hana, (birt 1935) sem átti að sýna fram á hvað deilakenningin væri ófullkomin, í hana vantaði einhverja þætti sem ennþá væru duldir. Þeir reiknuðu út að rafeindapar sem myndast hafði úr orkuríkri geislun væri samtengt án lögmála ljóshraðans og tímans. Þeir hugs-

uðu sér nú að þeir aðskildu rafeindirnar, spuni þeirra er alltaf gagnstæður, ef önnur spinnur upp, þá spinnur hin niður. Ef þeir nú breyttu spuna annarrar þá ætti spuni hinnar að breytast um leið óháð ljóshraða og tíma. Þvílíkt og annað eins getur ekki verið. Menn hljóta að sjá að það er fjarstæða sögðu þeir. Það eru einhver ennþá ókunnur sannleikur sem mun leiða í ljós að eitthvað vantar í orkudeilakenninguna.

Eðlisfræðin er oft á móti heilbrigðri skynsemi og það sem mönnum finnst vera fjarstæða er samt raunveruleikinn sjálfur. Það átti eftir að koma í ljós þegar farið var að prófa hugmynd Bohms sem birtist í EPR tilrauninni.

Fyrstur til að taka þetta fyrirbrigði fyrir með árangri var J. S. Bell, eðlisfræðingur við tilraunastöðina í Cern. Hann hóf athugun sína í þeirri trú að Einstein og félagar hans hefðu rétt fyrir sér í því að heimurinn væri ekki nein samfella, en það fór á annan veg. Hann komst að þeirri niðurstöðu að efni heimsins væri óstaðbundið, deilakenningin væri blátt áfram rétt, ef hægt væri að gera EPR tilraunina mundi það koma út að samband óháð tíma og rúmi væri á milli tvíbura rafeinda. Ef spuna annarrar væri snúið snérist hin sjálfkrafa um leið, enda þótt þær væru hvor í sinni stjarnþokunni með milljón ljósára millibili. Kennisetning Bells frá 1964 er talin óbrotgjörn og traustari en náttúrulögmál, hún er staðreynd.

Þetta átti að koma betur í ljós þegar tókst að gera tilraunir til að sanna kennisetninguna. John Clauser ameríkumaður bjó sér til tæki þar sem hann aðskildi tvíbura ljósdeili. Tvíbura ljósdeili myndast í frumeind, skautun þeirra er alltaf gagnstæð. Með skautun er átt við að ljósdeilin sveiflast í ákveðnu plani á bruni sínu gegnum heiminn. Clauser sýndi fram á að með því að breyta skautun annars ljósdeilisins breyttist skautun hins sjálfkrafa. Þetta var hvorki einföld né auðveld tilraun og í tæki hans var ekki girt fyrir það að áhrif gætu borist milli ljósdeilanna með ljóshraða (1972). Tíu árum seinna hafði Frakkanum Alain Aspect tekist að búa til tæki sem sýndi fram á að áhrifin sem bærust milli deilanna voru óháð hraða og tíma. Um 1990 voru gerðar tilraunir með efnisagnir sem líka sýndu fram á samband óháð ljóshraðanum. Það var sannað að áhrif bærust um heiminn með ofurhraða og samband var milli allra hluta sem ekki dvínadi með fjarlægðinni.

Um þetta segir í bók eftir Nick Herbert, *Quantum Reality*. Eitt af sterkustu einkennum orkudeila-

kenningarinnar er allt sem einu sinni hefur samstillst verður það að eilífu óháð tíma og fjarlægðum. Lesandinn ætti sérstaklega að leggja sér þessa setningu á minnið vegna þess sem eftir kemur.

Margir hafa látið sér til hugar koma að nota mætti þetta eðli heimsins til fjarskipta. Sumir fullyrða að hætti Einsteins að aldrei verði hægt að yfirvinna ljóshraðann. Þó að hann sé mikill á jarðneskan mælikvarða því að stutt er hér á milli staða ef miðað er við víddir himingeimsins, þá er hann snigilseinn í þeim fjarlægðum. Aðrir eru vonbetri og eðlisfræðingunum í Cern tókst að senda skeyti á „kvanatamekanískan hátt“ eftir kapli sem var lagður á botn Genfarvatns til að verjast truflunum. Þar með er ekki sagt að ljóshraðinn hafi verið yfirunninn í þessum sendingum því að hafa verður tók á tveimur geislum sem báðir verða að vera komnir alla leið.

Í *Scientific American* í apríl 2000 er grein eftir Anton Zeilinger. Hann lýsir því hvernig hægt sé að senda ljósdeili milli staða þannig að það hverfur á öðrum staðnum og myndast aftur á hinum og hefur gert það óháð tíma og rúmi. Þeir fundu hvernig hægt er að nota undirstöðuatriði deilakenningarinnar, tilvistarfléttuna (phase entanglement), til að fara í kringum óvissulögmál Heisenbergs án þess að brjóta í bága við það. Síðan rekur hann hvernig mönnum hefur dottið í hug að senda hluti, jafnvel menn milli staða á sama hátt, hluturinn - maðurinn - hverfur á öðrum staðnum og myndast um leið annars staðar á hnettinum. Það er verið að tala um að yfirvinna ljóshraðann með þessu. Áhrif tilvistarfléttunnar dvína ekki með fjarlægðinni og þess vegna hefur verið talað um í sambandi við tilraun Aspects að tvíburaljósdeilin séu samtengd án tillits til fjarlægðar, annað gæti verið í fjarlægri stjörnuþoku en hitt hér á jörðu og sambandi milli þeirra væri eins sterkt og væru nokkrir metrar á milli þeirra. Ekki hefur fundist skýring á tilvistarfléttunni, né heldur hvað liggur að baki hennar. Þó held ég að fáir vilji trúna að samband geti verið milli stjarna yfir óravíddir himingeimsins, þetta sé fyrst og fremst sannindi um leikföng vísandamanna sem noti aðeins fáa metra milli tækja sinna. Þó ber að hafa í huga að sannleikurinn fer ekki alltaf eftir því sem trúlegast virðist. Hægt er að ímynda sér hve erfitt var að trúna því að jörðin snérist um sólina en sólina ekki um jörðina. Hver maður sá sólina færast um himinhvolfið og setjast að kvöldi og svo var allt í einu farið að halda því fram að þetta væri blekk-

ing, það sé jörðin sem snýst um sjálfa sig og gangi hring eftir hring um sólina. Menn báru fyrir sig biblíuna og brenndu að minnsta kosti einn speking á báli (Giordano Bruno) fyrir að halda sólmiðjukenningunni fram og píndu aðra (Galileo). Þessir menn sem ekki trúðu vitringunum voru líklega ekkert vitlausari en meðal háskólaprófessor er á okkar tímum.

Líffræðin er vísindi byggð á tilraunum. Fram á tuttugustu öld héldu menn að sérstakur lífskraftur lægi að baki hræringum líkamans. Hann fannst aldrei, í ljós kom að hann er ekki til í þeim skilningi sem upphaflega var tilskrifaður honum. Lífshræringar allar voru raktar til efnafræði og eðlisfræðilögmála. Það renndi sterkum stöðum undir trúna á að vísindi nútímans væru rétt í þann veginn að útskýra allt milli himins og jarðar og jafnvel allheim allan. Menn fóru að skammast sín fyrir trúna á máttarvöldin, englana og drottinn allsherjar, það fór að vera fínt að vera trúlaus. Kommúnistar ætluðu að koma á stjórnskipulagi grundvölluðu á ein-tómri skynsemi og vísindum þar sem ekkert pláss væri fyrir utan efnið og eðlisfræðina. Síðar fór að koma í ljós að menn höfðu ofmetið þekkinguna, hún reyndist rýrari í roðinu en ætlað var í upphafi tuttugustu aldar og var þar efnafræðin ekki undanskilin. Fyrir nokkrum dögum var grein í Morgunblaðinu eftir formann trúleysingjafélagsins. Hélt hann því fram að kristin trú byggdist á hindurvitnum, vísindin hefðu sannað að guð og það sem trúin er reist á væri ekki til. Ég ætla að ráðleggja honum að rökstyðja trú sína með einhverju öðru. Vísindin ná skammt og káfa ekkert uppá guð og trúna. Max Planck hinn mikli eðlisfræðingur sem áður er nefndur flutti fyrirlestur í maí 1937 sem hét Trúin og náttúruvísindin þar sem hann telur ekkert mikilvægara fyrir mannkynið en komast að því hvort guð sé til eða ekki. Ekkert í vísindum komist nærri því að skýra hvað liggi að baki trúarinnar. Hann endar fyrirlesturinn á orðunum „Auf zu Gott“ sem má þýða fram til guðs.

Líffræðin stendur nú í þeim sporum að hafa kortlagt stórsameindirnar, jafnt erfðaeftnið, kjarnsýrurnar, og proteinið hinn virka geranda lífshræringanna. Kjarnsýran er mót fyrir proteinið og fyrir allan þann grúa sem þekktist af proteinsameindum er ákveðin samsvörun í kjarnasýrunum og heitir hver bútur kjarnsýra sem veldur myndun proteinsameindar

erfðavísir eða gen. Þrátt fyrir þessa feikna þekkingu er samstilling líffæra og sameinda svo margbrotin og torræð að segja má að þekkingin á lífinu sé ennþá stutt á veg komin.

Frá því er nú að segja að proteinið er hið virka tæki lífsins. Sameindirnar eru stórar í samanburði við frumeindir og lífrænar sameindir sem stillast saman í byggingu þeirra. Sameindir nefndar amínósýrur, samsettar úr tugum frumeinda, spinnast ílanga þræði heftar við kjarnsýruna sem mótar proteinið. Þessir þræðir vindast upp í hnykla sem eru gæddir undarlegri verkun. Sameindirnar eru nefnilega síkvikar, í þeim ganga stöðug efnahvörf, tengsli myndast og sundrast af miklum hraða og þessi efnaorkuskipti nýtast til að byggja upp aðrar sameindir stórar og smáar. Ekkert gerist í líkamanum án þessa sífella kviks sem ýmist gefur frá sér orku eða tekur hana upp. Þó að líforkan hafi ekki reynst vera til er þarna komin efnaorka í staðinn og samstillingin í líkamnum hefur mátt sem gerir hann lifandi, fyrirbæri sem enn þann dag í dag má heita torskilinn. Hvers vegna er svona mikill munur á lifandi og dauðu dýri? Það lifandi hefur vilja og vit, það dauða er orðið svo undarlega langt frá þessu, það er ónýtt nema til að éta það. Hvað er meðvitund? Getur endurminning búið í einhverjum sameindum eða taugamótum? Langt er í það að menn skilji þessi fyrirbæri.

Nú telja flestir menn sig aftur í fullum rétti til að trúa á guð sinn. Tónlistarmenn biðjast fyrir við hljóðfærið áður en þeir hefja leikinn, íþróttamenn signa sig fyrir atrennuna, ekki heyrast í neinum vísindamönnum sem telja sig geta hafnað hinu óræða og dularfulla sérstaklega í sambandi við meðvitund og endurminningu, þar sem vitundin eygir eins og í fjarska óma frá englum guðs.

Frá því að sögur hófust hefur mannkynið trúað á einhverja tilvist eftir dauðann. Súmerar trúðu á eitthvert aamt framhald, að sönnu miklu verra en að vera steindauður. Grikkir trúðu á heim Hadesar þar sem framliðnir voru vesælar vofur. Eflaust eru mörg fleiri tilbrigði af trúnni á það sem við tekur þegar maðurinn breytist úr kviku lifandi flykki í dautt lík. Í gyðingdómi og kristni er trúað á framhald lífsins, ég hef ekki lært nógu vel um það að hve miklu leyti þeir trúðu á að sálin ætti að sofa til dómsdags og rísa upp þegar lúður dómsdags gellur. Í dæmisögu Krists vaknar ríki maðurinn í dapurri og ofheitri vist en sér fátæka manninn álangdar í

faðmi Abrahams. Annars staðar í ritningunni eru menn áminntir því dagur dómsins sé nærri. Á tuttugustu öldinni öndverðri voru menn trúaðir á að strax að andláti loknu væri farið að lifa áfram í fullu fjöri, en á aftanverðri þessari sömu öld var búið að dusta rækilega rykið af dómsdagkenningunni.

Ástæðan fyrir trúnni á annað líf hafa verið taldar nokkrar. Nokkrir hafa talið þetta tóma ímyndun sem menn telja sjálfum sér og öðrum trú um til að sleppa við dauðann sem hrellir menn. Ef til vill stafar dauðaóttinn af því að hver sú lífmynd sem ekki forðast hann hlýtur að útrýmast, þeir líða undir lok í lífsbaráttunni. Sálfræðileg mótbára við þessari skoðun er að sumar þjóðir hafa trúað á áframhald sem er sýnu verra en ekkert, eins og Súmerar og Grikkir.

Önnur einföld ástæða fyrir þessari skoðun mannkyns á framhaldi er að það sé raunveruleiki að eitthvað taki við handan grafar. Menn eru stöðugt að verða varir við framliðna og þó að sumt sé ímyndun þá er það tæplega allt. Eftirminnileg var athugasemd hins trúlitla um miðilsfyrirbæri: „Þetta eru tóm fals og prettir, að minnsta kosti hafa þeir alltaf svik með“. Þarna kom karl upp um sig, hann trúði að eitthvað raunverulegt væri með falsinu. Líklega hafa miðlar og miðilsfyrirbæri fylgt mannkyni frá öndverðu. Forn Grikkir hafa ályktað um framhaldslíf á grundvelli þeirra. Þeim hefur þótt lítið upp úr þeim að hafa en fundið þó einhvern raunveruleika að baki þeirra. Í draugablótspætti Oddseyfskviðu er því lýst hvernig hinar máttlausu vofur flykkjast að blótgröf Oddseyfs en í henni var sauðablóð. Þær voru einskis megnugar fyrr en þær höfðu fengið blóð úr gröfinni. Véfréttin í Delfi var eins konar miðill og naut mikils álits þó að sérstaka presta þyfti til að útskýra orð hennar.

Ef til vill hefur vitranamaðurinn mikli Svíunn Emanuel Swedenborg átt mestan þátt í því að menn fóru að trúa á raunverulegt líf eftir dauðann. Hann var í sambandi við engla drottins og sá hann sjálfan í veldi sínu. Honum var sýnt hvernig menn koma til himnaríkis eftir dauðann og þurfa þar að horfast í augu við allar sínar gerðir. Ef þeir reyna að þverskallast og þræta sýna englarnir þeim allt sem þeir hafa gert í lífinu. Ef þeir eru forhertir og illir hræðast þeir englana og drottinn, sem ekkert illt eiga til, og hraða sér til vítis og eiga þangað greiða leið.

Þó að þjóðirnar hafi haft lágar hugmyndir um líf eftir dauðann hefur hugmyndin um guð verið sterk

meðal flestra þjóða. Guðir Forngríkkja voru afar raunverulegir. Aþena var oft reiðubúin að taka þátt í orustum og var þá á við marga. Seifur hélt við jarðneskar konur og átti með þeim börn. Kristnir telja að Jesús hafi risið upp og verið hafinn til himna og þeir sem trúa á dómsdag halda að heilög þrenning birtist í skjýjum himinsins og kalli alla menn fyrir dóminn. Egill Skallagrímsson orti: Áttak gótt, við geirs dróttinn, gerðumk tryggur, að trúa hónum. Hann á við Óðinn guð skáldskapar og styrjalda.

Swedenborg hafði áhrif á Helga Pjeturss og álit hans á framlífi á öðrum stjörnum og fór hann ekki dult með það. Helgi taldi að á öðrum stjörnum væru mannfélög sem löðuðu menn til sín eftir dauða þeirra hér á jörð. Kæmi þá hver fram á stað sem honum væri líkur, illir hittu fyrir sér illa í vondum samfélögum annarra stjarna, þar eru vítin, en þeir góðu væru fluttir til góðra staða meðal góðs mannkyns, þar væri það sem nefnt hefur verið himnaríki. Þessa setningu er að finna í grein eftir Helga. Heitir hún „Lífið og heimssmiðin“ og birtist í Eimreiðinni, XXXI 1925 síðu 344.

„Lífið er tilraun til að ráða við og samstillta krafta hinnar líflausu náttúru, og þegar sú tilraun tekst til fulls, verður alheimurinn orðinn að guði, veru sem kemur fram í óendanlega mörgum myndum og í hverri mynd óendanlega fullkomin. Tilgangurinn með heimssmiðinni er, að fram geti komið guð, sem er óendanlega margur og þó ein heild“.

Swedenborg hafði svipaðar fréttir og þetta frá englunum og það hefur Helgi eflaust lesið og fullkomnað eftir andríki sínu og þekkingu.

Ekki er þetta eins fjarlægt líffræðinni og efnáfræðinni og margir ætla og orkudeilakenningin er þar á sama bænum. Proteinið síkvika með eilífum efnahvörfum gæti verið í tilvistarfléttu við fjarlægjar proteínsameindir. Handhægt er að vitna til þess þegar Swedenborg sá Stokkhólm brenna árið 1758 þegar hann var staddur í Gautaborg 500-600 kílómetra burtu. Hann lýsti því fyrir fólkinu í Gautaborg hvernig eldurinn læsti í húsin hvert af öðru en var um síðir stöðvaður. Þetta var staðfest af ótal vitnum og þegar hraðboði kom frá Stokkhólmi sem lagði af stað áður en eldurinn var slökktur vissi fólkið í Gautaborg meira um afdrif brunans en sendiboðinn. Ekki var nein leið til þess að Swedenborg frétti af atburðunum nema hugsanaflutningur frá mönnum sem sáu eldinn. Hugsanaflutningur hefur verið sannaður margsinnis en þetta eina atvik næg-

ir til þess að náttúrufræðileg skýring hljóti að vera á honum. Sú skýring sem er tiltæk er tilvistarflétta milli proteínkerfis fjarlæggra manna og þarna fari hugskeytin í kringum óvissulögmál Heisenbergs án þess að brjóta í bága við það eins og segir í grein Zeilingers og áður var vitnað til.

Deilakenningin segir að tilvistarfléttan sé jafnstærk hvort sem þeir samfléttuðu sé rétt hvor hjá öðrum hér á jörð ellegar víddir himingeimsins séu á milli. Það verður ekki sannað með jarðneskum tækjum hvort tilvistarsamband geti verið milli fjarlæggra stjarna og þyki mörgum vísindamanninum óvarlegt að byggja á því. Guð er okkur nálægur segir trúin, en er hann holdleg vera eða samstilling holdlegra vera á öðrum stjörnum, það er aðeins trú, en gæti vel staðist ef reikningar deilakenningarinnar eru réttir. Það er eins með framlíf manna, geta þeir holdgast á öðrum stjörnum, deilakenningin segir að svo sé en sönnunina vantar enn, kemur ef til vill á morgun.

Ef deilakenningin er tekin eins og hún er töluð ætti sú orka sem berst frá lifandi veru að vera í innbyrðis tilvistarfléttu í orkumynstrum, vera til að eilífu því orkan eyðist ekki og tilvistarfléttan dvín ekki með fjarlægðinni. Einnig ætti hvert orkumynstur að vera að eilífu í tilvistarfléttu við þá persónu sem skapaði það í upphafi. Það er eins sennileg skýring á endurminningunni og að hún byggist á mólékúlum og efnahvörfum þeirra innra með mannum. Endurminningin varðveitist utan mannsins en ekki innan heila hans.

Þessi hugmynd er í samræmi við það sem Swedenborg varð áskynja hjá englum drottins. Þeir gátu lesið endurminningar þeirra sem komu á þeirra fund héðan af jörðu eftir andlátíð og í síðari eftirlífsbókmenntum sést þessi hugmynd oft. Sá látni burðast með alla endurminningasúpu sína sér ýmist til ama eða ánægju eftir því hve gott er um að litast í því safni. Má líkja veröldinni við óendanlega stóran tölvudisk sem rúmar alla endurmingu um öll atvik sem gerst hafa. Hvað sem gerist í heimi hér lætur það eftir sig orkumynstur í tilvistarfléttu sem aldrei rofnar. Hjúkrunarkonan af elliheimilinu spurði: hvar er sálin eiginlega úr þessum vesalingum sem liggja heilaskertir ár eftir ár í rúmi sínu? Svarið gæti verið: Hún er í endurminningunni, öllum þessum orkumynstrum sem hin sjúki getur ekki lengur kallað fram og skoðað því að heilastöðvarnar eru skemmdar. Ef honum batnaði mætti sjá að hann hefur ekki misst persónueinkenni sín og end-

urminningar. Ef er til annað líf og sá sem þangað er genginn fær bót á heila sínum væri hann búinn að fá sál sína á ný.

Sólirnar sjálfar hljóta að vera í tilvistarfléttu sem aldrei rofnar við geislahjúp sinn svo voldugur sem hann er. Einstein gerði þá kenningu að hraði ljóssins væri óháður öllu, þar á meðal hraða þess sem sendi það frá sér. Sönnun þess er talin meðal annars að tvísólir sem ýmist fjarlægast okkur eða koma í átt til okkar sjást alltaf í ótruflaðri mynd. Ef ljósið færi hægar til okkar þegar sólin fjarlægist en hraðar þegar þær koma til okkar ættu sjást draugasólir, eða ímyndir vegna ósamstiga ljóss. Skýringin gæti hins vegar verið að allur geislahjúpurinn hægir á sér þegar sólin fer frá okkur en herðir á sér þegar hún stefnir á okkur. Ljósið er háð sólinni þó að það sé í órafjarska frá henni.

Fyrstu drög að heimsmýnd orkudeilakenningarinnar gæti verið þannig.

1. Heimurinn er samfella, allt sem gerist hefur áhrif út í óendanleikann.
2. Hvaða hlutir, eindir eða ljósdeili sem hafa einu sinni samstillst verða þaðan í frá í tilvistarfléttu sem aldrei rofnar og er óháð tíma og rúmi.
3. Hverju sem gerist í heiminum fylgir efnahvörf og þá um leið orkuskipti. Orkan sem losnar verður síðan í tilvistarfléttu við hvern þann hlut eða mann í atburðrásinni sem orkuna skapaði. Alheimsgeimnum má þess vegna líkja við óendanlega stóran tölvudisk.
4. Tilvistarfléttan er óháð tíma og rúmi. Heimurinn er tvíhliða, annars vegar eru óravíddir heims ljóssins, hins vegar tímalaus og fjarlægðalaus heimur tilvistarfléttunnar.

Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli

„Tilgangur draumlífsins er að tengja oss við hið æðra tilverustig, og þá sérstaklega við þá sem á undan eru farnir á hinni góðu leið. En til þess að þetta geti orðið þarf draumlífið mikið að göfgast frá því sem nú er, og kemur þar til greina stillilögmálið, áhrifin frá manni til manns.“

H.P. í Framnýjal

Heimspækistofa dr. Helga Pjeturss

**Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson
tekinn tali.**

Fyrir skömmu hittum við Haukur Sigtryggsson hinn aldna heiðursmann Benedikt Björnsson á kaffihúsi í miðborg Reykjavíkur. Tílefni fundarins var að Benedikt hafði ákveðið að Heimspækistofan myndi styrkja útgáfu Lífgeisla á myndarlegan hátt.

Við spurðum Benedikt fréttu af Heimspækistofunni. Hann sagði að byrjuð væri undirbúningsvinna að gerð vandaðrar heimasíðu fyrir Heimspækistofuna, sem ætluð verði fyrir bæði innlandan og erlendan markað. Ætlunin sé að kynna dr. Helga Pjeturss sem höfund sambandskenningarinnar og beita á þennan hátt nýjustu tækni í kynningarmálum.

Einnig hefur stofnunin stutt söfnun og samantekt ýmissa gagna sem tengjast jarðfræðistörfum Helga, en Elsa G. Vilmundardóttir, Þorsteinn Þorsteinsson og Samúel D. Jónsson hafa unnið að samningu bókar um þetta efni, og er stefnt að útkomu hennar á næstunni.

Heimspækistofan gaf áður út bók eftir sömu höfunda sem nefnist; Dr. Helgi Pjeturss, samstilling lífs og efnis í alheimi. Sú bók er um ævi og störf Helga Pjeturss, sýnir þróun hugmynda hans og rekur efni rita hans að nokkru. Nokkrir þættir bókarinnar eru um vísindi nútímans, nýjungar í stjörnufræði og orkudeilakeninguna, sem hefur gerbylt heimsmýndinni og að nokkru leiti sannað viðhorf Helga Pjeturss.

Við inntum Benedikt eftir tildrögum stofnunar Heimspækistofunnar.

Hann sagðist hafa talið sig hafa náð því árið 1989 að skilgreina dr. Helga Pjeturss sem höfund fullgildra heimspækikenna. Hann stofnaði síðan Heimspækistofu dr. Helga Pjeturss þann 29. mars sama ár.

Kristín G.J. Sigurðardóttir ákvað að arfleiða Heimspækistofuna að öllum eigum sínum og tilnefndi þá Samúel D. Jónsson og Guðmund Jóhann Guðmundsson til þess að vera í stjórn ásamt Benedikt. Dómsmálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrá fyrir Heimspækistofuna 16. október 1990. Tilgreint var að Benedikt hefði sett á stofn sjálfseignarstofnun, sem hefði vísindalega rannsóknarstarfssemi að markmiði, varðveislu rita dr. Helga Pjeturss og

muna sem tengjast honum. Tilgangur Heimspækistofunnar er einnig að skapa vinnuaðstöðu og skilyrði fyrir þá sem vilja kynna sér verk dr. Helga Pjeturss og styrkja ákveðin verkefni á þessu sviði.

Kristín andaðist þann 4. nóvember 1990. Með framlagi sínu að arfleiða Heimspækistofuna að eigum sínum, gerði hún Heimspækistofunni kleift að eignast húsnæði og starfsaðstöðu.

Skrifborð Helga og stóll auk ýmissa annarra muna úr búi hans eru geymdir á Heimspækistofunni. Bækur hans eru einnig varðveittar þar, sérstaklega er mikils vert að bækur þær, sem hann nýtti sér við vísinda og fræðistörf sín, eru varðveittar á einum stað, þannig að þeim, og ýmsum öðrum gögnum hans, sé fyllsti sómi sýndur. Einnig geti þessi bókakostur og önnur frumgögn nýst til rannsókna og fræðistarfa í framtíðinni. Sú er einmitt raunin varðandi rannsókna og heimildavinnu að baki væntanlegrar jarðfræðibókar.

Í beinu og rökréttu framhaldi af ævistarfi Kristínar, sem hún beinlínis lagði af mörkum til þessa málefnis, hafa öll störf á vegum Heimspækistofunnar verið unnin í sjálfboðavinnu.

Benedikt horfir bjartsýnn fram á veginn og telur að Heimspækistofan eigi að geta látið gott af sér leiða í framtíðinni til kynningar á vísinda og heimspækikeningum dr. Helga Pjeturss.

Einnig verði haldið áfram að styrkja verkefni, sem til framfara horfa.

Nú var hádegisfundurinn orðinn nokkuð langur og tímabært að komast til annarra starfa.

Páll Ragnar Steinarsson

„Likamningin er náskyld því, sem í líffræðinni er kallað regeneration, endurvöxtur líkama eða líkamshluta, og má beinlínis segja, að hún sé endurvöxtur fyrir geislun, bioradiatív regeneration.“

H.P. í Framnýjal

„Framhald lífsins er engum vafa bundið. En hitt ekki heldur, að lífið eftir dauðann er áfram líkamlegs eðlis.“

H.P. í Framnýjal

Hugleiðing um ástæði framvindu

Ástæði framvindu er þekkt. Lík þróun hópa, þjóða og jafnvel mannkynja margra hnatta er þekkt. Vitað er að mannkyn margra hnatta þróast á líkan hátt og á líkum tíma. Verði afgerandi atvik í þróun eins hnattar, hvort sem er til góðs eða ills, þá eru miklar líkur á því að þróun á öðrum hnöttum verði svipuð, þetta virðist vera einskonar lögmál eða ástæði. Því er mikilvægi rétttrar stefnu alltaf fyrir hendi. Ef þú eða ég framkvæmum eitthvað, þá kallar það á líka framkvæmd hjá öðrum, þannig skapast viss samstaða um sköpun framtíðar, þar sem eitt atvik er afleiðing annars og þróar þannig þá stefnu sem hópar, þjóðir eða stjarnhverfis mannkyn fylgja. Fram hefur komið í samböndum við lengra komna íbúa annarra hnatta, að heil hverfi frumlífshnatta hafi fylgst að í þróun og því sé mikilvægi góðrar stefnu ekki aðeins mikilvægt okkur sjálfum, heldur einnig íbúum annarra hnatta og heimshverfa. Þetta allt teljum við okkur vita og líka hitt að við viljum reyna að vinna góðri framvindu það sem við megum, þó oft skorti á athugun, skilning og kjark til að vel megi fara.

Í þessari umræðu allri gleymist þó oft einn stór þáttur, það er hið líflausa efni, eins og við gjarnan köllum það, hnettirnir sjálfir, þeirra efni og eiginleikar, einnig hitt hvernig þeir samstillast í sólhverfi, vetrarbrautir og heimshverfi. Hvernig samstillast þessir „líflausu“ hnettir til þessa ótrúlega samræmis.

Hvað veldur þróun sólar og fylgihnatta, hvað skapar þeim, þessu „líflausa efni“, það skipulag sem sólkerfi hafa, það aðdráttarafl sem heldur kerfinu saman, þá samsetningu efna sem gerir sólkerfi hæft til að þróast og gera suma hnetti færa um að þróa efni sem gera líf á þeim mögulegt eða ef til vill sjálfsagt. Eru sum efni þessara hnatta slík að úr þeim skapist líf? Eflaust er hér stórt spurt og minna um svör. Þó má því til svara að líf er efni og efni er líf, hvorugt getur án hins verið, hvorugt á að vera bara dautt eða bara lifandi. Samband allra lífvera er þekkt, er þá ekki sjálfsagt að samband sé milli allra hnatta, þetta samband stilli þróun hnatt-

anna, þó hitt sé líka víst að lífverur hafa ómæld áhrif á þessa þróun. Heil heimshverfi verða til, vísar að sólum og fylgihnöttum skapast. Hvers vegna eru þessi efni til staðar og gera það mögulegt að mynda sólar og hnetti, hvers vegna endilega þessi efni, hvers vegna ekki einhvern veginn öðruvísi efni, eða bara hvers vegna efni? Þegar við reynum að hugleiða þetta, þá kemur fljótt í ljós hve þekking okkar er lítil, hve skilningur okkar er takmarkaður og kjarkur okkar til ályktana smár. Þó verðum við að reyna að afla okkur sem mestrar vitneskju, reyna að átta okkur, reyna að taka á móti þeim fróðleik sem okkur berst frá þeim sem eru okkur fremri í þroska, kærleika og viti. Fullyrða má að mannlíf hafi í einhverjum heimshverfum náð slíkri fullkomnun að aðeins guðahugtakið geri okkur mögulegan samburð og að þessi háþróuðu mannkyn geri allt sem þau megi til þess að byggja nýja heima. Næmir menn og konur hafa efallaust náð að skynja eitthvað í þessa átt og eru þær skynjanir sennilega grunnhugmyndir að guðum hinna ýmsu trúarbragða hér á jörð, þar sem talað er um hinn almátta guð. Þó eru guðshugmyndirnar mjög á reiki, talað er um að guð sé almáttugur, en jafnframt hefur sú sögn lengi lifað að guð sé að vísu ekki almáttugur, því ef svo væri, þá gæti hann skapað svo stóran stein að hann gæti ekki lyft honum, en það væri þá bara sönnun þess að hann væri ekki almáttugur! En til þess að skilja ófullkomleika hins lítt þróaða heims þá er líka til saga um að þegar guð er orðinn guð, þá geti guðdómur hans aðeins fullkomnast með því að hann deili sér í öreindir og verði sjálfur efni í nýtt heimshverfi sem í fyllingu þroska og tíma nái aftur verund guðsins og þróist þannig koll af kalli! Samkvæmt þessu eru því allar veraldir guð og guði hluti af öllum veröldum! Það er ekki ætlunin að þykjast þekkja og vita allt öðrum betur, en hitt tel ég mér heimilt og skylt að vekja sjálfan mig og aðra til umhugsunar og skilnings er orðið gæti mér og öðrum til heilla lífs.

16. febrúar 2001
Haukur Sigtryggsson

Sambandskenning

Helga Pjeturss

Nú er öld liðin síðan Dr. Helgi Pjeturss byrjaði að velta fyrir sér eðli drauma og ýmsu, sem leiddi hann á slóð sambandskenningarinnar.

Að vísu er erfitt að tímasetja uppgötvun hans á eðli drauma nákvæmlega, en árið 1910 urðu tíma-mót í lífi hans. Helgi veiktist þá og varð að hætta jarðfræðirannsóknnum að mestu, sem þó höfðu verið framúrskarandi vel unnar og leitt til brautryðjandi uppgötvana í jarðfræði Íslands. Ýmislegt sem Helgi skynjaði í veikindum sínum varð hins vegar til þess að hann fékk alveg nýjan skilning á eðli drauma og ýmsum öðrum fyrirbærum.

Hann tók að rannsaka þetta svið af fullum krafti og beitti aðferðum hins reynda vísindamanns. Yfirburðapekking vísindamannsins nýttist honum til þess að gera sér grein fyrir fyrst af öllu, hvað á sér stað þegar okkur dreymir og hvað ekki.

Helgi Pjeturss skrifaði þetta um draumarannsóknir sínar í Nýal.

„Til sérhvers orðs í meðvitundinni, svarar sérstakt ástand heilans. Og ef nú getur flutst orð frá huga til huga, þá er það af því að ástand eins heila, getur haft þau áhrif á annan heila, að sama ástand verði þar. Eða með öðrum orðum, ástand eins heila getur framleitt sig í öðrum heila. En ef svo er, þá getur alveg eins flutst frá einum heila til annars, það ástand sem samsvarar mynd í meðvitund þess, sem heilann á. En það verður sama sem að einn maður geti séð með augum annars.“

Parna tengdi Helgi draumlífið við hugsanaflutning, sem var margstaðfestur, og hefur fengið enn frekari staðfestingu í seinni tíma rannsóknnum. Helgi heldur áfram.

„Ég fór nú að leita fyrir mér, hvort ekki mætti finna neitt, sem beinlínis sannaði, að draumlífið væri þátttaka í vökulífi annars. Og að vísu hef ég fundið það, sem eru fullgildar sannanir fyrir því, að draumvitundin er einmitt annars manns meðvitund.“

Löngu áður en ég komst á hina réttu rannsóknarleið í þessu máli, hafði ég veitt því eftirtekt, að útlit mitt í draumi, gat verið eins og ég væri annar maður. Og mér hafði komið í hug, að þetta mætti skýra sem endurminningu frá forfedrum, sem þannig hefðu verið í sjón.

Þetta var tilgáta, hypotesis. Ég kunni þá engin ráð til þess að komast að því, hvort þessi tilgáta væri rétt, og nú veit ég, að hún er röng. En sú skýring sem ég hefi nú fundið, er ekki tilgáta, heldur uppgötvun, undirstöðusannleikur, sem mun standa óhaggadur um eilífd.

Leiðin til skilnings er sem nú skal sagt. Ef draumlíf mitt er vökulíf annars manns, draumgjafans, þá á það, sem mér þykir í draumi vera mitt útlit, að vera frábrugðið því sem er í raun og veru; því að það sem mér þykir í draumi mitt útlit, er þá hugmynd annars manns, draumgjafans, um sitt útlit. Og langvinn athugun hefir fullvissað mig um, að þetta er einmitt þannig. Alltaf þegar ég í draumi þykist vita nokkuð greinilega um útlit mitt, eða réttara sagt, sé útlit mitt, þá er það ekki mitt útlit sem mig dreymir.“

Helgi lýsir því síðan að draumar skiptist í 2 aðal-flokka. Flestir draumar eru óskýrir, en þá rangtúlkar hugurinn hinar aðkomnu skynjanir meira eða minna. Síðan segir Helgi.

„En svo eru aðrir draumar, talsvert ólíkir þeim, sem nú var af sagt. Þessir draumar eru ekki ruglingslegir. Meðvitundin er þá glögg, svo að þó að ég sofi, þá er nálega eins og ég vaki. En allt sem fyrir mig ber, er mér ókunnugt úr vöku. Og eigi einungis það, heldur get ég um margt af því skýlaust skilið, að það á sér alls ekki stað á þessari jörð. Mig dreymir t.d. að ég sé að horfa á stjörnur, og geti glögglega greint þær, en stjörnumyndirnar sem ég sé, eru ekki til á himninum, eins og hann kemur oss fyrir augu hér á jörðu. Ljósþega sé ég á himninum, sem minnir á norðurljós, en ljósmagníð er líklega, að minnsta kosti 100 falt við björtustu norðurljósin, sem ég hefi í vöku séð. Sjóinn dreymir mig, og ég sé skip sem bruna áfram með svo miklum hraða, að varla mundi minni en 50 – 60 sjómílar á klukkustund. Stórkostlega flota sé ég af loftförum og loftskipum, sem eru ólík því, sem ég hefi nokkurn tíma séð í vöku. Og það er vert að geta þess, að ég sá flugvélar í draumi, mjög greinilega áður en ég hafði nokkra flugvél í vöku séð.“

Og nokkru síðar. „Mjög hafði mér fundist um, þegar ég sá til sanns, að draumlífið er í raun réttir vökulíf annars manns. Og þegar mér var fullkomlega ljóst orð-

id sambandið við aðrar stjörnur, þá var ég um stund, það sem ef til vill mætti kalla yfirkominn af undrun. Þegar lesandi minn er farinn að vita fyrir vist, að það er satt, sem hér er sagt, þá mun hann lifa nokkuð líka undrun sjálfur.“ (Nýall. Önnur uppgötvanasaga bls. 344 - 359. 3. útg. 1991).

Framhald uppgötvunar Helga Pjeturss á eðli drauma og sambandinu við líf á öðrum stjörnum, var heilsteypt og víðfemt kerfi kenninga um miðla og miðilsambönd, skyggni og ýmsar skynjanir, sem rekja má til hugsanaflutnings og sambands við aðrar stjörnur.

Helgi hélt því einnig fram, að við eigum framlíf í vændum á hnöttum í öðrum sólkerfum. Hann studdi þetta ýmsum rökum og leitaði víða fanga í sínum rannsóknum. Hann las rit fornu grísku heimspekinganna á frummálinu og fann þar ýmislegt, sem sýnir að þeir hafa sumir hverjir verið komnir á þá skoðun, að lifað væri á stjörnunum og sálirnar fari jafnvel þangað í framlífi.

Helgi segir frá grísku spekingunum í Nýal.

„Er það forn trú, að sálin, eða sumar sálir, lifi eftir dauða líkamans á annarri stjörnu, eins og Platón getur um; segir hann að sál þess manns sem vel hefir lifað, fari aftur að byggja þá stjörnu sem henni er skyld. Timaios, 42, B. Er þessi kenning merkileg, og ennþá merkilegri vegna þess að Platón vissi ekki að fastastjörnurnar eru sólir og hafa sér aðrar jarðir að fylgihnöttum.“ (Nýall bls. 19).

Hverjar voru síðan undirtektir íslendinga við þessum kenningum. Það er fyrst að telja að talsvert margt vel hugsandi alþýðufólk hreifst af skrifum Helga Pjeturss. Bæði þótti hann skrifa sérlega fagurt og rismikið mál, en sambandskenningin hreif einnig marga. Þó nokkrir mennta- og vísindamenn voru einnig jákvæðir í garð Helga.

Því miður var hið ráðandi vald í vísindum hins vegar andstætt honum. Kenningar hans voru taldar ganga í berhöggi við öll viðurkennd vísindi, og var hann beinlínis talinn hafa verið óvísindalegur í störfum sínum. Ekkert er þó fjær sanni ef vel er að gáð.

Nú skulum við líta á nokkur atriði í kenningum Helga, sem þóttu miður vísindaleg.

Hugsanaflutningur - fjarhrif.

Helgi Pjeturss benti á fjölda mjög vel staðfestra dæma um hugsanaflutning, sum hver vottuð af virtum vísindamönnum, en einnig fjölmargar frásagnir

frá grandvöru fólki, sem ekki hefur lært að ljúga. Best staðfesta dæmið um hugsanaflutning er hins vegar þegar Swedenborg skynjaði og lýsti brunanum mikla í Stokkhólmi, þá staddur í Gautaborg. Viðburðurinn átti sér stað á heppilegum tíma, vegna þess að engin fjarskiptatæki voru komin til sögunnar. Skynjun Swedenborgs hlýtur því að hafa byggst á annars konar orkuflutningi en ljósi eða rafbylgjum.

Hin almennt viðteknu vísindi hafa hins vegar neitað tilvist þessara fyrirbæra fram að þessu, vegna þess að þau viðurkenna ekki aðra krafta en veiku og sterku kjarnakraftana, rafsegulaflíð og aðdráttarflíð.

Hvort er vísindalegra að rannsaka fyrirbærin og reyna síðan að leita skýringa á þeim, eða að neita tilvist þeirra vegna þess að skýringin liggur ekki fyrir?

Lífsorka - Lífgeislar.

Helgi Pjeturss notaði lífsorkuhugtakið þegar hann kynnti kenningar sínar um samband lífsins í alheimi. Mennt höfðu verið með hugmyndir um að einhvers konar dularfull orka væri drifkraftur lífsins. Talað var um lífsorku, en sú tíð kom að vísindamenn viku lífsorkunni til hliðar. Framþróun í skilningi á efna og eðlisfræði lífsins var talin varpa því ljósi þekkingar á líffræðina, að fullyrða mætti að ekki sé til nein sérstök lífsorka. Bygging lífsins og allar lífshræringar megi útskýra til fulls með þekktum efna-fræðilegum lögmálum.

Var Helgi þá óvísindalegur þegar hann hélt lífsorkunni fram, sem grundvallarafi í öllu lífi og tilveru?

Varðandi grunnkrafta efnisheimsins er það helst að segja, að eðlisfræðingar vita í raun og veru miklu minna um þá heldur en þeir vilja vera láta. Hvernig vita himinhnettirnir hver af öðrum, og verka hver á annan í vissu hlutfalli við fjarlægðir og efnismagn þeirra? Einhvers konar áhrif eða eindir hljóta að berast á milli hnattanna, sem ekki hafa verið útskýrð, og svipað má vafalaust segja um kjarnakraftana og rafsegulaflíð.

Helgi hélt því fram að lífgeislarnir bærust á svipstundu um allan geim. Þetta töldu ýmsir vera óvísindalega fullyrðingu eins og við vitum. En nú er það nýjasta í eðlisfræðinni fram komið, að efniseindir og orkuskammtar geti horfið á einum stað og

myndast samtímis annars staðar. Það er að segja efni eða orka fer hamförum á milli staða.

Öll rök mæla með því, að þegar slíkir hamfaraflutningar eigi sér stað, skipti fjarlægðir ekki máli. Efniseindir eða orkuskammtar geti horfið á einum stað og myndast síðan samstundis einhvers staðar annars staðar í heimi. Sjálfsgagt eru slík fyrirbæri þó háð lögmálum, sem okkur eru ekki kunn, nema þá að litlu leiti.

Hvers eðlis er þá lífsorkan eða lífgeislarnir? Við vitum ýmislegt um verkanir lífgeislanna, en okkur skortir þekkingu á því hvað það er sem ber áhrifin á milli. Það er þó engan veginn víst að þar séu á ferðinni aðrir kraftar en þeir sem eðlisfræðin þekkir og viðurkennir. Aðalatriði þessa máls mun vera að hver lífshræring er afleiðing allskonar efnaskipta og orkuflutninga í frumunum og um alla líkamana. Þegar samband hefur komist á milli tveggja manna, sem geta verið hvor á sínum hnetti, geta orkuskammtar sem losna í öðrum mannum flutst yfir í hinn manninn með slíkum hamfaraflutningi. Þessir orkuflutningar gerast því samstundis óháð vegalengdum, og eðlilegt er að ætla að slíkir orkuflutningar geti átt við um allar lífshræringar.

Skilningur eðlisfræðinga virðist því vera að nálgast skilning Helga Pjeturss í þessum efnum.

Sólir - Sólkerfi.

Lengi vel eftir að Helgi setti fram sínar kenningar, voru hinar viðteknu kenningar í stjörnufræði og stjarnfræði á þann veg, að við lifum í eina sólkerfinu sem til er í gervöllum alheimi. Það var búið að ákveða að sólkerfið hefði myndast við það að önnur sól kom aðvífandi og sogaði eða hreif efni úr sólinni okkar, efni sem myndaði síðan reikistjörnur. Þetta átti að vera svo sjaldgæfur atburður að einsdæmi væri í alheimi. Þar að auki hafði ekki tekist að staðfesta tilvist slíkra fylgihnatta í öðrum sólkerfum.

Hvernig gat þá verið eitthvað vit í því að tala um líf á öðrum hnöttum?

Nú hafa stjarnvísindamenn fundið sannanir fyrir fylgihnöttum með fjölda sólstjarna í næsta nágrenni okkar í vetrarbrautinni.

Hvorir voru þá vísindalegrir Helgi Pjeturss, eða hinir sem töldu okkar jörð vera einu jörðina í öllum geimi?

Lífjarðir - Lífkviknun.

Líffræðingar hafa átt í mesta vanda með að úrskýra hvernig fyrsta lífið gat hafa kviknað á jörðinni. Kviknun fyrsta lífsins hefur verið talinn svo ólíklegur atburður að slíkt átti nánast ekki að geta átt sér stað. Þess vegna hafi líf aðeins náð að kvikna og þróast á okkar jörð en hvergi annars staðar í öllum geimi.

Þess vegna var það ekki talið vísindalegt af Helga Pjeturss að reikna með því að lifað sé á ótal hnöttum í alheimi.

Þrátt fyrir þetta eru fjölmargir vísindamenn á þeirri skoðun að heimurinn sé fullur af lífi. Þar hafa vísindamenn í öðrum greinum en líffræði riðið á vaðið. Má í því sambandi nefna eðlisfræðinga og stjarnfræðinga. Stjarnfræðingurinn Fred Hoyle hélt því fram að einhvers konar lífgró eða örverur hefðu dreifst um geiminn, og fyrstu lífverurnar hefðu borist á þann hátt til jarðarinnar. Mér skilst að þessi hugmynd hafi unnið fylgi á seinni árum.

Helgi Pjeturss hélt því hins vegar fram, að lífið sé til komið fyrir tilgeislan frá guðlegu lífi á öðrum stjörnum. Síðan sé þessi tilgeislan áframhaldandi drifkraftur þróunar lífsins.

Núverandi staða mála varðandi skodanir vísindamanna á möguleikum lífs í alheimi er því orðin mun hliðhollari Helga en áður var. Þróunarkenning Helga, þar sem lífið hefur þróast fyrir tilgeislan frá lífi annars staðar í alheimi, hefur hins vegar hvorki fengið nauðsynlega kynningu né viðtökur.

Hraði ljóss - Hamfarir.

Enn ríghalda menn sér í trúna á Einstein. Hann er talinn mesti vísindamaður og hugsuður sem uppi hefur verið. Ég læt liggja á milli hluta hverjir halda honum svo hátt á lofti, en þeir munu tengjast trúarhreifingu nokkurri. Að vísu má vera að afstæðiskenningin sé góð nálgun til að lýsa ákveðnum fyrirbærum, mig brestur þekkingu um það að dæma, en þýðing hennar í vísindum mun vera mjög ofmetin. En Einstein sagði alls engan möguleika vera að nokkur geislun eða boð geti borist með meiri hraða en ljóshraða, sem er um 300 þús. km á sekúndu.

Þessi kennisetning er búin að vera nánast ófrávikjanlegt trúaratriði um langt skeið, og þeir vísindamenn sem voga sér að bera brigður á hana hafa tekið mikla áhættu varðandi sína framtíð. Það er að segja að vera ekki settir út af hinu vísindalega

sakramenti.

Hvers konar vísindamennska var það þá af hálfu Helga Pjeturss að halda því fram að lífgeislunin berist um óráviddir geimsins á augabragði þannig að fjarlægðir séu engin hindrun.

Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur hefur bent á rannsóknir sem gerðar hafa verið á svokölluðum tvíburalljósdeilum. Ef skautun annars ljósdeilisins er breytt, hefur það samstundis áhrif á hitt ljósdeilið til sömu breytingar á skautun þess, óháð fjarlægð.

Mér skilst að það hafi verið útilokað að þessi áhrif berist með minni hraða en 10 þúsundföldum ljóshraðanum, en hugsanlega miklu hraðar.

Það var afskaplega erfitt að halda ofurhraða lífgeislanna fram, á meðan trúin á ljóshraðann sem hinn endanlega hraði var sem sterkust. Nú er staðan er hins vegar orðin nokkru vænlegri varðandi þessa umræðu.

Heimsmynd Nýals - Nýungar í vísindum.

Hvernig er heimssköpuninni háttað, sköpun vetrarbrauta, sólna, jarðstjarna og að endingu lífs?

Til þess að jarðstjörnur gætu myndast þurftu fjölmargar gerðir þyngri frumefna að myndast. Einnig til þess að líf gæti kviknað.

Grunnbyggingarefni alheimsins er vetnið, einfaldasta frumefnið. Þungu frumefnin hafa orðið til í iðrum sólstjarna. Afar stórar sólir hafa myndað þessi efni í kjarnasamruna, en síðan sprungið og dreift efninum sínum út í geiminn. Efnisský eða þokur (nebula) verða til úr þessu dreifða efni.

Önnur kynslóð stjarna myndast síðan úr þokunum. Þessi stjarnkerfi virðast hins vegar oftast vera af heppilegri gerð til þess að geta fóstrað líf.

Lee Smolin, sem er prófessor í eðlisfræði við Pennsylvaníu háskóla í Bandaríkjunum segir að öll gerð efnisins og hlutföll frumkraftanna hefði ekki mátt víkja nema örlítið frá því sem er, til þess að sólstjörnur gætu myndast, hvað þá jarðstjörnur og líf.

Hann segir eðlisfræðinga velta fyrir sér möguleikanum að þessi lögmál séu til komin fyrir tilviljun. Líkurnar á því megi segja að séu engar. Hann segir að ekki sé til meiri ráðgáta en þetta.

Þessar staðreyndir falla vel að hugmyndum um almættið og sköpun heimsins fyrir tilverknað þess. Það furðulegasta af öllu furðulegu er að alheimurinn skuli yfirleitt vera til. Allt þetta kerfi, stjörnur-

ar, heimshverfin og lífið sjálft. Hvernig í ósköpunum gat fyrsta efnið myndast, eða hvernig gat það alltaf hafa verið til?

Ógerningur er að svara þessum spurningum á núverandi stigi þekkingar, en gera verður ráð fyrir einhvers konar almætti, sem hefur ákvarðað gerð og byggingu þess.

Efnisgerð einfaldasta frumefnisins, vetnisins er ákvörðuð á þann veg, að eðliseiginleikar þess ákvarða möguleika allrar tilveru.

Önnur kenning er á þá leið að eðlisfræðilögmálin hafi í upphafi verið önnur, en þróast með tímanum til þeirrar skipanar, sem nú er. Einhvern vegin átti þetta að hafa þróast af sjálfu sér til þess horfs, sem hentugt var til myndunar vetrarbrauta, sólkerfa, og síðan lífs.

Mörgum eðlisfræðingum þykir seinni kenningin vera skemmtilegri, vegna þess að það er svo erfitt að höndla og mæla æðri máttarvöld eða Guð.

Sköpunarkenningin sem nú er í mestum metum meðal stjarnfræðinga er á þá leið, að alheimurinn hafi orðið til í svokölluðum miklahvelli (Big bang). Allt efni 100 milljarða vetrarbrauta, sem hver fyrir sig er safn 100 - 200 milljarða sólkerfa, á að hafa sprottið út úr einni örsmárri ögn, smærri en hin minnsta frumeind. Hvellurinn var slíkur að heimurinn átti að hafa náð stærð ámóta sólkerfi okkar á u.þ.b. tíu þúsundasta hluta sekúnda.

Hvernig gat útpensluhraði efnisheimsins verið mörgum milljónum sinnum meiri en ljóshraðans? Mér skilst að útpenslan hefði orðið að vera svo hröð, til þess að hún stöðvaðist ekki vegna gífurlegs aðdráttarafls. Skýringin er sögð vera á þá leið að náttúruöflin áttu ekki ennþá að hafa tekið gildi þessi fyrstu andartök miklahvells.

Ég spyr hvort manni leyfist að efast um réttmæti kenninga hinna virtu vísindamanna, alla vega kemur það einkennilega fyrir sjónir að yfirljóshraði leyfðist í upphafi, en alls ekki síðar. Ég læt þess getið í þessu sambandi að Þorsteini Guðjónssyni var illa við miklahvell og kallaði hann alspryngi, sem er snjallt orð.

Ég las það einhverntíma að hinn frægi stjarnfræðingur Stephen Hawking væri kominn á þá skoðun að vísindamenn séu nú alveg að því komnir, að skilja eðli alheimsins og allra afla til fullnustu. Ég tel mig vera vísindalegri en hann, þegar ég held því fram að þeir muni vera mjög skammt komnir á skilningsbrautinni.

Helgi Pjeturss segir þetta um sköpun heimsins:



Helgabvammur.

Helgi dvaldi oft hjá skyldfólki sínu í Hlíð í Gnúpverjahreppi á sumrin og þótti góður sláttumaður. Að vísu var stundum erfitt að raka ljána eftir hann, þar sem hann sló gjarna í brattlendi, giljum og á stöðum erfidum aðgengis. Hann tjaldaði oft í þessum hvammum, sem kenndur er við hann. Honum fannst gott að sofa við léttan lækjarnið Fossagilsins, neðan túns í Hlíð. Þegar illa viðraði til tjaldvistar gisti hann í Helgabofi, berbergi sem hann hafði til afnota.

Ljósmynd: Þorsteinn Þorsteinsson.

„Alkrafturinn brindir frá sér verðimegund hins illa, hinu ófullkomna, en tekur jafnskjótt til að magna það áleiðis til sín. Öll náttúruöfl eru fram komin fyrir nokkurs konar hleðslu eða magnan hins ófullkomna, þess sem Platón kallar hypodoche (það sem tekur við) og Aristoteles hyle. Einnig lífið er fram komið fyrir nokkurs konar hleðslu eða magnan; það sem vér köllum líf, er einn kafli þeirrar leiðar, sem fara verður, til þess að hið ófullkomna geti orðið fullkomið.“ (Nýall bls. 72).

„Í hinni frægu sköpunarsögu í Timaios segir Platón, að heimsmiðurinn (demiúrgos) hafi ekki sjálfur skapað mennina og lífið á jörðu hér, heldur falið það goðum, sem hann hafði skapað. Þeir guðir eru fyrirmyndir (ideur) mannanna.“ Og skömmu síðar.

„Platón segir, að skaparinn hafi sáð sálunum á stjörnur.“ (Nýall bls. 41 - 42)

„Hín lifandi vera leitast við að fá stjörn á hinu líf-

lausa efni, breyta því í sig, gera lifandi efni úr liflausu.“ (Nýall bls. 129)

„Milljarðar af frumum hafa fyrir samband sín á milli orðið að líkama, sem er ótrúlega miklu merkilegri en edli hversrar einstakrar frumu virðist gefa ástæðu til að ætla að orðið geti. Og sambandsvildleitninni er haldið áfram á hærra stigi. Eins og stefnt var til sambands milli þúsunda milljóna af frumum, þannig er stefnt til sambands milli þúsunda milljóna af frumufélögum. Og veran, sem kemur fram, mun verða ótrúlega miklu merkilegri en edli hvers einstaks frumufélags, hvers einstaks manns, virðist gefa ástæðu til að ætla, að orðið geti. Og það er stefnt til sambands eigi einungis milli hundrða og þúsunda milljóna á einum hnetti, heldur milli als hins óumræðilega fjölda af lifandi verum í óteljandi sólbærfum og vetrarbrautum. Og einstaklingsedlið mun ekki hverfa, heldur fullkomnast fyrir sambandið.“ (Nýall bls. 86)

Lýsing þessi á heimssmiðinni allri rís hátt svo af ber. Mér finnst þessi framvinda vera miklum mun skemmtilegri en sköpunarsaga alspryngisins, og hver veit nema hún sé raunverulegri og réttari.

Það er nokkuð almenn trú að veröldin, stjarnkerfin, lífið og mennirnir sé sköpun guðs eða einhvers konar æðri máttar. Þarna er ekki einungis um hina fornu almennu trú að ræða, sem birtist í ýms-um tilbrigðum trúarbragðanna, heldur hallast margir virtir vísindamenn að æðri sköpun í einhverri mynd.

Allt þetta kerfi frá hinu smæsta til hins stærsta er í undursamlegu samræmi. Það virðist vera séð fyrir öllum efniseiginleikum hins einfaldasta efnis, þannig að stjarnkerfin geti myndast, það verði ljós og sólinnar lýsi upp fylgihnetti sína.

Síðan stefnir öll þróun að myndun sólkerfa, sem eru heppileg til að fóstora líf. Heimssmiðurinn sáði lífinu síðan á stjörnunar, eða það kviknaði fyrir aðstreymi skapandi kraftar. Þróun lífsins er síðan knúin áfram af hinum skapandi krafti, ásamt náttúruúrvali vegna aðstæðna í lífríki. Aflið sem knýr sköpun lífsins og alla þróun þess, er ættað frá æðri lífstöðvum, sem ætla má að séu milljónum eða milljörðum ára lengra komnar í þróun. Slíkt líf hefur náð fullkomnun á því stigi að guðlegt verði að

teljast.

Lífsamband milli lífenda hér á jörð og milli lífhnattanna mun vera mikilvægasta fyrirbærið í alheimi. Lífinu er ætlað að samstillast til æ meiri fullkomunar og nálgast fyrirmyndir hins guðlega lífs.

Það er forn og almenn trú að við eigum fyrir höndum framlíf eftir dauða okkar. Helgi Pjeturss benti á að alls kyns framlíflýsingar trúarbragða, fornu grísku heimspekinganna og lýsingar miðla, vísi til líkamlegs framlífs í öðrum stjarnkerfum. Vafasamt verður að telja, að véfengja þann fjölda framlífsfrásagna og skynjana, sem hafðar eru eftir grandvöru og heiðarlegu fólki. Erfitt er að skýra hvernig það má vera að nýr líkami geti myndast á öðrum jarðhnetti, en orkumynstur og minningar einstaklinganna virðast stýra líkamningunni og efnistöknunni. Framlífsamfélagið sem er mjög samstillt og orkumikið leggur síðan fram það afl sem til þarf.

Ég tel að það leiki ekki nokkur vafi á því, að við erum með afskaplega gott mál, þar sem heimsfræðikerfi Nýals er. Það er vafalaust að Helgi Pjeturss mun ná því að verða þekktari í framtíðinni en nú er, bæði hérlendis og erlendis.

Páll Ragnar Steinarrson

Fjallalind

Hún liðast enn fjallalindin
og ljóðar á grýttri braut.
Hún leitar úr krappri klettaþröng,
vill komast í hafsins skaut.
En upptökum bundin er hún,
og aldrei hún losnað fær.
Hún dýpka skal veg sinn og víkka svo,
að verði hún frelsisins reginsær.

Um leir væri létt að grafa
sér leið fram í óskasjá,
ef grugg þar ei farveginn grynnti svo,
að gleymdi hún eðli og þrá.
Og forðast því aur og foksand,
og forðastu dauðans ís.
Ef tærleik þú geymir, þú takmark þitt sérð.
Á torfærri leið er æ þráin vis.

Fyrst fram ratar óvitseðli,
og upp í mót teygist rót,
hvort leitar þá ekki lífsins þrá
til ljóss og að sigurós ?
En hjarndrómi formsins fjötra
vill frjálsa eðlið í dá.
Vort jarðlíf er smálind í ólífsauðn,
sem ís eða hiti granda má.

Og leik þér samt lind í grjóti,
lát ljóma þín tár mót sól.
Loks vaggast í mjúku djúpi draums,
hver dropi, sem bergið mól.
Í stað þeirra aðrir streyma,
og straumbrjótum eyða úr leið,
unz sjálf muntu verða og örlög þín eitt,
það alveldisdjúp, sem þú hafðir þreyð.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

Að dreyma

Það, að dreyma, er öllum gefið, að vísu eru til menn sem telja sig aldrei dreymt hafa. Þó munu einnig þeir hafa notið drauma, en draumaminni þeirra er lítið eða ekkert.

Að dreyma er að lifa, að sjá, skynja og vita, en draumar okkar eru líf annarra. Í draumi fáum við samband við annan lifanda, stundum á okkar jörð, en oftast á öðrum hnöttum, tilfinning hans það sem hann sér, heyrir og veit, flyst til okkar, ástand heila hans endurspeglast eða framkallast í okkar heila og því finnst okkur að við lifum sjálf drauminn.

Að dreyma draum og að muna hann fer ekki alltaf saman, en þó að við munum draum, hættir okkur við að rangþýða hann, og er það að vísu eðlilegt. Þegar við sjáum eitthvað sem er okkur framtandi, getum við ekki gert okkur grein fyrir því nema með samanburði við eitthvað sem okkur er kunnugt, þannig fáum við mælikvarða. Við sjáum t.d. mann í nokkurri fjarlægð, göngulag hans og klæðnaður svipar til þess sem við þekkjum hjá Pétri, en fjarlægðin er það mikil að við getum ekki sagt með vissu hvort þetta sé hann, en við ályktum e.t.v. sem svo að enginn nema Pétur hafi þessi einkenni og segjumst því hafa séð hann á götu. Þannig rangþýðum við drauma. Til þess að skilja þetta betur getum við tekið dæmi, draum sem er líkur þeim draumum sem algengir mega teljast.

„Ég sit í stofu minni, hjá mér eru ung kona og ungur maður, gestir mínir. Við tölum saman, ég horfi á þau og heyrir í þeim, ég sé einnig ýmis húsgögn í stofunni. Á vegg til hliðar við mig er stór gluggi og í gegn um hann sé ég fjörð, ey á firðinum og stórt, hrikalegt en fagurt fjall, ég veit að handan fjallsins er annar fjörður og við hann smáþorp, en þar á uppeldisbróðir minn heima. Allt þetta þekki ég mætavel. Ég lít á hendi stúlkunnar og sé ljóst ör, ég veit að það er eftir bitjárn og man þann atburð. Ég stend upp og geng í næsta herbergi og lít þar í spegil og laga hár mitt, mér verður á að dáðst að því hve fagurt það er.“

Ég vakna frá þessum draumi og man hann, í fyrstu hugsa ég lítið um hann, en síðar sama dag mæti ég ungum hjónum sem ég þekki og þá rifjast draumurinn upp, ég fæ þarna samanburð við hjúin úr drauminum. Nú hefjast hugsmíðar, ég slæ því

strax föstu að mig hafi dreymt þessi ungu hjón, að fjallið sé Esjan og svo framvegis. Ég segi við ungu hjónin: „Mig dreymdi ykkur í nótt, við sátum í stofunni heima og töludum saman, annars varst þú með ör á hendinni, segi ég við stúlkuna. og ég vissi alveg hvernig þú fékkst það. Við horfðum á Esjuna, en hún var hærri og hrikalegri en venjulega.“ Þannig breytti ég drauminum til þess að hann falli að því sem mér er kunnugt úr vöku, en læt þá e.t.v. sum atriði hans liggja í láginni. En reyni ég til að athuga drauminn betur, þá átta ég mig fljótt á því að ekkert af því sem mig dreymdi var það sem ég hélt vera. Íbúðin var ekki mín, húsgögn og allur búnaður mér ókunnur, útlit vina minna ólíkt þeim sem ég taldi vera, fjallið var allt annað að stærð og lögun en Esjan, og uppeldisbróðir á ég engan, jafnvel andlitið á speglinum var ekk mitt, það var andlit stúlku sem hafði mikið og fallett hár. Stúlkun, draumgjafi minn, var heima hjá sér og ástand heila hennar framkallaðist í mínum, ég þóttist vera hún, allt sem hún þekkti þóttist ég þekkja. Með góðri athugun get ég þannig smátt og smátt þjálfað mig til þess að muna drauma rétt og um leið fæ ég gleggri myndir af því sem er þar sem draumgjafar mínir búa. Að vísu dreymir okkur oftast svo óskýrt, eða réttara sagt, við munum drauma okkar svo illa, að enginn vegur er að hafa gagn af þeim, en þó fáum við oft nægilega glögga drauma til þess að samanburður náist. Eftir því sem ég skoða drauma mína lengur og betur, fæ ég æ betur séð að þau atvik sem ég þekki úr draumum hef ég ekki lifað sjálfur, en þau eru þó lifuð af einhverjum öðrum.

Því er haldið fram af ýmsum, að draumar stafi af starfi undirvitundar, en það fær ekki staðist, það er annað að hugsa en að lifa. Ég get t.d. ekki hugsað um fugl þannig að mynd hans verði skýr, þó ég viti um ýmis einkenni hans, en ef ég sé fugl, þá hef ég mynd hans glögga og skýra. Ég get heldur ekki hugsað mér þá tilfinningu sem fylgir því að verða fyrir hnifstungu, en dreymi mig að ég sé stunginn hnífi, þá er tilfinningin glögg og ótvíræð.

Áhrif drauma geta verið mjög sterk og orkað á líf manna. Stundum getur það komið fyrir að draumaáhrif verði svo mögnuð að erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvort mann hefur dreymt atvik eða lifað

það í vöku. Ýmsir frumstæðir þjóðflokkar líta á drauma sem líf og greina þá ekki frá vökuvitund þess er dreymir. Þess eru dæmi hjá frumstæðum þjóðum, að dreymi einhvern að hann hafi drýgt og verði draumurinn opinber, þá er dreymandanum refsað eins og hann hefði sjálfur framið glæpinn. Hjá svonefndum menningarþjóðum hafa draumar einnig haft áhrif á líf manna og má rekja draumasagnir aftur á gráa forneskju. Til forna var mikið um draumspaka menn, sem eflaust hafa átt gleggri drauma en almennt gerist, þá dreymdi oft merkilega drauma og kunnu frá mörgu að segja. Á þeim tímum voru draumar gjarnan álitnir fyrirboðar ýmissa tíðinda, spádraumar, og gerðust menn oft til þess að ráða þá og segja fyrir um órðna atburði. Til slíkra drauma má telja draum Flosa eftir Njálsbrennu, er hann þóttist sjá mann ganga úr Lómagnúpi og nefndi sá þá brennumenn er síðar féllu fyrir Þorgeiri Skorargeir og Kára Sölmundarsyni, en Ketill úr Mörk réði Flosa drauminn og kallaði þá feiga sem nefndir voru. Oft voru draumar þannig að lengra varð að sækja líkingar til að þeir réðust, þannig var draumur Þorsteins Egilssonar á Borg, er hann þóttist sjá ált væna á bæjarhúsum og örn koma og láta vel að henni, en síðan annan og berðust um hana og féllu báðir, en síðan kæmi sá þriðji og fengi sá hennar. Að vísu vitum við ei svo öruggt sé hvort þessir eða aðrir svipaðir draumar voru dreymdir áður en atburir skeðu, eða hvort þeir eru tilbúningur söguritaranna, en óneitanlega eru þeir fróðlegir og ekki ósennilegir.

Spádraumar eru ekki aðeins til í fornum sögum, allt fram á þennan dag rekja menn atburði til drauma, þó að nú sé algengast að fólk telji vissa drauma fyrir ákveðnum atvikum, t.d. að hvítar kindur í draumi boði snjó, en missir hægri handar boði feigð. Ég mun ekki neita því að í draumi megi fá nokkurra vitneskja um órðin atvik. Þegar ákveðin röð atvika stefnir mjög eindregið að vissu marki, geta skapast nægilega sterk stilliáhrif til að samband fáið við draumgjafa er sé í líkri aðstöðu og dreymandinn og skapist þannig vitneskja um órðna atburði. Því að ekkert atvik er fyrirfram ákveðið. Aðdragandinn getur að vísu verið mjög eindreginn, en meðan atvik er ekki skeð, getur aðdragandinn breytt stefnu. Því má segja að það séu frekar áhrif af draumum, en þeir sjálfir, sem menn gera að spá. Fáir munu þeir draumar sem hægt er að kalla spádrauma, flestir eru draumarnir fróðlegt samband við einhvern vakanda og ráðum við þá

litlu eða engu um hvort slík sambönd beinast, þar ráð stilliáhrif, m.a. það hvernig aðrir hugsa til okkar, En eigi er það allt, ef slys eða styrjaldir verða, eða eitthvað það er þúsundir samstillast í, í verki eða hugsun, geta skapast eindregin áhrif sem beina okkur til sambanda við staði þar sem líkir atburðir gerast, þó oft sé framvindan þar eindregnari og atburðirnir ógurlegri en við þekkjum hér á jörð.

Það að dreyma er mikilsvert. Draumar eru sú náma fróðleiks sem aldrei þrýtur. Strax og við höfum lært að muna drauma okkar, eins og þeir eru dreymdir, getum við kannað líf manna og þá staði og hnetti sem þeir byggja. Við lærum þá að sjá hvaða drauma má rekja til staða þar sem lífsstefna ríkir, og hverja til staða þar sem verið er á rangri leið. Að vísu er það ekki áhlaupaverk að ná slíkum árangri, en með þolinmæði og góðri athugun má komast langt. Þó er eins að geta, að marga hendur það að muna drauma sína þegar þeir vakna, en gleyma þeim síðan í amstri dagsins og rifjast ekki upp aftur. Það er reynsla mín að skýrir og glöggir draumar náist helst síðari hluta nætur eða árla morguns og finnst mér draumar oft nýdreymdir er ég vakna, einnig geta tilfinningar í draumi orðið svo sterkar að sambandið rofni skyndilega, vakna ég þá snögglega og á þá stundum erfitt með að gera mér grein fyrir því að atburðum draumsins sé lokið og ég vaknaður. Að rannsaka drauma er það verk sem vísindamönnum hefur einna erfiðlegast gengið, þó eru þeir margir sem reynt hafa, ástæða þessa er sú fyrst og fremst, að þeir hafa ekki gert sér ljóst að draumar eru sambönd. Þó er rétt að undanskilja tvo eða þrjá vísindamenn sem hafa reynt að senda drauma manna millum og er rannsóknir þeirra að vísu spor í rétta átt. Til þess að rannsaka drauma þarf fyrst og fremst þá vísindamennsku að fylgja alltaf því er sannara reynist.

Haukur Sigtryggsson.

„En uppgötvaun á edli drauma, þýðir þá stórkostlegu aukningu á vitsvæði mannsins, að nú skilst honum hversu hann getur fengið þátt í öllum öðrum meðvitundum, sjáfsvitundin orðið að alvitund.“

H.P. í Framnýal

„Uppgötvaunin á edli drauma er eins og hlið inn til hinnar réttu framtíðar. En engin leið er til þess að líffræðin geti orðið að albeimslíffræði, meðan þann skilning vantar.“

H.P. í Framnýal

Siðfræði Lífstefnumanna

Í Nýalsritum Dr. Helga Pjeturss birtist ákveðin siðfræði sem gagnstekur lesandann þó hún sé ekki tíunduð. Gamla textamentið birtir okkur siðfræði í boðorðunum tíu sem hvoru tveggja eru boðorð gyðinga og áhangenda Kristinnar. Í nýjatestamenti kemur fram siðfræði kristinnar og er þar sagt frá Jesú er boðaði kærleik og samkennd með öðrum. Í aldaraddir hefur hinum vestræna heimi verið kennd hin kristna siðfræði sem birtist í Biblíunni, þótt boðendurnir margir hverjir sæju ekki ástæðu til að fara sjálfir eftir henni. Þrátt fyrir að nokkur grimmd hafi ríkt meðal þjóða í kúgun og valdhroka, þá varð grimmdin aldrei meiri en einmitt við tilkomu kristinnar, þó skal geta þess að við vitum ekki hvort þróunin hefði orðið önnur án hennar. Kristnin var notuð sem stjórnþæki og fólkinu hótad með djöflinum, eða sakad um trúleysi og sumir voru brenndir á báli. Þó siðfræði Biblíunnar sé góð og gild í daglegu lífi, þá nægir hún engan veginn því þekking og yfirsýn á framhaldið vantar. Í sumum trúarbrögðum var notað hugtakið „auga fyrir auga og tönn fyrir tönn“ og þykir grimmt, en táknað, komdu fram við aðra, eins og þú vilt láta koma fram við þig. Menn vissu í þá daga hvað það táknaði. Nýall birtir þessa yfirsýn á siðfræðina, allt frá fæðingu til framlífs og lengra en það. Dr. Helgi segir „ekki á móti trúarbrögðum heldur upp fyrir“ og leggur áherslu á að menn líti til stjannanna og reyni að skilja lögmál heimsins og þar með talið trúarbrögðin og þá siðfræði sem þau hampa sem aðalatriði sinnar hugmyndafræði. Þekking Nýalsinna á framlífi gerir þeim ljóst að miklu skiftir hvað þeir hugsa og framkvæma og hvað aðrir hugsa til þeirra.

Dr. Helgi Pjeturss talar um að maðurinn geisli frá sér og útgeislunin sé í samræmi við hugarfarið. Það sem Dr. Helgi er að segja er þetta. Af afslvæði mannsins ræðst útgeislunin og þá um leið útgeislunin frá öðrum sem hann tekur til sín, því líkur sækir líkan heim. Kom þú fram við náungann eins og þú vilt láta koma fram við þig og þannig mótast þú afslvæði þitt sem stýrir þig til þesskonar framlífs sem þú hefur skapað þér með hegðun þinni. Betra er að vita ekki og framkvæma þó rangt sé, heldur en að framkvæma rangan hlut gegn betri vitund, hvort sem er gegn lífi eða náttúru. Hugtakið „faðir fyrir-

gef þeim því þeir vita ei hvað þeir gjöra,“ er í fullu gildi. Hver á að fyrirgefa þeim sem vita að þeir eru að gera rangt. Í framlífinu þurfa allir að skila því sem þeir hafa af öðrum tekið í eiginlegri og óeiginlegri merkingu og þá í samræmi við það hugarfar sem þeir viðhöfðu í frumlífi. Allir þurfa að átta sig á lífern sínu, hvort sem er rangt eða rétt lífað. Í lokin læt ég fljóta með nokkrar hugleiðingar. Hefur þér komið til hugar að það sem þú hugsar og gerir sé þitt einkamál. Að hver sé sinnar gæfu smiður og allt í lagi að hugsa eingöngu um eigin hag. Ef svo er skaltu staldra aðeins við og hugleiða, er lífið ekki eitthvað meira en eiginhagsmunir og peningar. Athugaðu að allt sem þú hugsar og gerir hefur áhrif til annara, beint og óbeint og að hugsun annara í þinn garð skifta máli fyrir þig og þína afkomendur. Hefur þú athugað að besta veganesti sem afkomendur þínir fá í arf frá þér er jákvætt hugarfar og tiltrú umhverfisins og besta veganestið til framlífsins, er að hafa kærleikshugsun annara með sér. Lesandi góður ræktaðu kærleikann innra með þér og sýndu samborgurum umburðarlyndi og kærleik, með því bætir þú mannlífið, þitt lóð á vogarskálarnar skifta máli. Bætum okkur þá bætum við heiminn og á þann hátt nálgumst við guðsríki.

Atli Hraunfjörð

„Aukin þekking á edli sjálfra vor verður til þess að vér sjáum fram á aðferð til að uppgötva og rannsaka lífið á stjórnunum, og þá jafnframt lífið eftir dauðann.“

H.P. í Framnýal

„En það er hinn afleiti misskilningur austrænnar speki, að aftur yrði vaxið af föstri, og fæðst á þessari jörð. Sannleikurinn er á þá leið, að endurlíkamanin verður ekki með fæðingu og því sem þar fer á undan, og ekki á þessari jörð.“

H.P. í Framnýal

„Krafturinn, sem skapaði sér líkama úr efnum þessarar jarðar, líður ekki undir lok, heldur skapar sér líkama að nýju, þó með annari aðferð sé, og úr efnum annarar jarðar.“

H.P. í Framnýal

Fornir tákn- eða spásagnadraumar

Draumur Ragnhildar drottningar.

Snorri Sturluson segir frá því í Heimskringlu að Hálfðán konungur svartí í Noregi eignaðist fyrir drottningu konu þá er Ragnhildur hét, dóttir Sigurðar hjartar, konungs í Hringaríki. Segir svo frá einum draumi hennar:

Ragnhildur dróttning dreymdi drauma stóra; hon var spök að viti. Sá var einn draumur hennar, at hon þóttisk vera stódd í grasgarði sínum ok taka þorn einn úr serk sér, ok er hon helt á, óx hann svá, at hann varð teinn einn mikill, svá at annar endir tók í jörð niður ok varð brátt rótfastr, ok því næst var brátt annarr endir trésins hátt í lopt upp; því næst sýndisk henni tréit svá mikit, at hon fékk varla sét yfir upp; þat var furðu digrt; inn nezti blutr trésins var rauðr sem blóð, en þá leggrinn upp fagrgrænn, en upp til limanna snjóhvítt; þar váru kvistir af trénu margir stórir, sumir ofar en sumir neðar; limar trésins váru svá miklar, at henni þótti dreifask um allan Noreg ok enn miklu víðara.




Ráðning draumsins, eins og hún kemur fram í Heimskringlu, er á þennan veg:

Ragnhildur dróttning ól son; var sá vatni ausinn ok nefndr Haraldr, hann var brátt mikill ok hinn frídasti; óx hann þar upp og gerðisk brátt íþróttamaðr mikill, vel viti borinn; móðir hans unni honum mikit, en faðir hans minna.

Og enn segir á öðrum stað:

Svá segja fróðir menn, at Haraldr inn hárfagri


hafi verit allra manna fríðastr sýnum ok sterkastr ok mestr; inn örvasti af fé ok allvinsell við sína menn; hann var hermaður mikill öndverða ævi. Ok þýða menn þat nú, at vitat hafi um tré þat it mikla, er móðir hans sýndisk í draumi fyrir burð hans, er inn nedsti blutr trésins var rauðr sem blóð, en þá var leggrinn upp frá fagr ok grænn, at þat jarðtengdi blóma ríkis hans, en at ofanverðu var hvítt tréit; þar sýndisk þat, at hann myni fá elli ok hæru; kvistir ok limar trésins boðaði afkvæmi hans, er um allt land dreifðisk, ok af hans ætt hafa verit jafnan síðan konungar í Noregi.




Ingvar Agnarsson.

Draumar í fornsögum okkar eru flestir á þann veg, að þeir boða óörðna atburði. Svo er og um drauminn hér að ofan. En hann á að tákna ævíferil Haralds konungs hárfagra. Mjög er erfitt um að segja, hvort rétt er sagt frá öllum draumum, sem í fornum sögum standa, og mun oft mega draga það mjög í efa.

Draumur Ragnhildar, sem hér er sagður, er undarlegur mjög að því leiti, að atburður sá er þar greinir frá, vöxtur trés, frá því það skýtur rótum og þar til það er fullvaxið, gerist á örstuttri stund, eða meðan draumur Ragnhildar stendur yfir, þar sem vöxtur trés tekur ár og áratugi. Uppruni þessa draumséða trés er og allur annar en eðlilegt má teljast, enda gæti verið um að ræða ruglingslegan





Ingvar Agnarsson var mikill listamaður og mikill sambandsmaður. Draumar hans voru einstakir, fyrir það hve skírir þeir voru og eins fyrir það að oftast voru þeir til hnatta þar sem mannlíf var á miklu hærra stigi en við þekkjum. Ingvar málaði nokkrar draummynda sinna á hús sitt við Hábraut í Kópavogi og vöktu þær mikla athygli vegfarenda, nokkrar þessara mynda voru af stjörnusambandsstöðvum annarra hnatta eins og þær birtust Ingvari í draumi. Ljósmyndir: Haukur Sigtryggsson.

draum og ófullkomið samband milli draumþega og draumgjafa og allt bendir til þess að um rangþýðingar sé að ræða í draumnum.

Nú er það svo, með svo til alla drauma, að atburðir þeirra virðast gerast með sama hraða, og á sér stað í vökulífi manna, eða í náttúrunni yfirleitt. Er það og í fullu samræmi við kenningar dr. Helga



Pjeturss. Því sérhver draumgjafi, hlýtur að lifa atburði sem gerast í umhverfi hans, með sama hraða, hvar sem er í alheimi. Lífsbraut hvers einstaklings mun alls staðar gerast með sama hraða.

Þessi draumur Ragnhildar gæti því bent til þess, að ekki hafi verið um að ræða samtíma vökuskynjun draumgjafans, heldur að hún hafi fengið samband við draumgjafa, sem á þeirri stundu hefur verið að rifja upp í huga sér liðinn atburð, sem þá auðvitað hafi staðið lengi yfir, Munu slíkir draumar vera alltiðir og kallast þeir langsögulegir.

Allir draumar eiga rót sína að rekja til sambands við draumgjafa. Dreymandinn skynjar það, sem sem einhver vakandi, fjarstaddur maður sér og skynjar eða hugsar á þeirri sömu stundu.

Ef draumur táknar einhverja óorðna atburði, eins og oft mun vera erfitt að draga í efa, hlýtur einhver sambandsvinur, sem meira veit en dreymandinn að eiga einhvern þátt í því að draumurinn verði einmitt með þessum hætti, þ.e.a.s. tákn - eða fyrirboðadraumur, þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir, á hvern hátt slíkt má verða.

Mun hér vera um að ræða einhver mjög mikilvæg atriði, sem enn hefur ekki náðst að skilja á nógu raunhæfan hátt.

Ingvar Agnarsson.

Draumur Jósefs

Draumur Jósefs Halldórssonar, sem frá segir í fundargerð, er birtist í Félagsblaði Nýalssinna í mars 1965.

Sagðist Jósef svo frá, að daginn áður en hann dreymdi drauminn, var hann staddur á vinnustað. Finnst honum allt í einu sem eitthvað muni vera að syni sínum, sem var í sveit. Var hann kominn á fremsta hlunn með að hringja til hans, en hætti við það. Er svo ekki að orðlengja það, nema um nóttina dreymir hann, að hann sjái son sinn liggjandi í

gömlu stuðlarúmi í baðstofu og finnst honum hann vera að vefja um handlegginn á honum. Líður svo dagurinn, en um kvöldið fær Jósef boð um að sonur hans sé slasaður. Hafði hann handleggsbrotnað daginn áður. Bar hann sig illa um nóttina svo að konan á bænum fór að vefja um handlegginn. Baðstofa var eins og honum hafði sýnst í draumnum. Þótti fundarmönnum augljóst að konan hafði þarna verið draumgjafi Jósefs.

Sveinn Á. Haraldsson

Mynd eða sjónsköpunar getuleysi mannhugans

„Ímyndun og sýn eitt og hið sama“ var fyrirsögn á grein eða fréttatilkynningu í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Var þar sagt frá rannsóknum bandarískra og kanadískra vísindamanna sem hefðu leitt í ljós að með því að skoða segulómmyndir af heila sjálfboðaliða í tilraunum, hefði þeim kanadisku vísindamönnum tekist í 85 % tilvika að segja til um hvort einstaklingarnir væru að hugsa um andlit eða stað. Tengist þetta blóðstreymi og virkni í heilanum.

Aðferðin virðist því ekki vera einhlít en þótt hægt sé að segja í svo mörgum tilvikum um hvort maður sé að hugsa og ímynda sér eitt og annað er auðvitað ekki þar með sagt að ímyndunin sé samþæring við það að sjá hlutina. Að þetta tvennt, að hugsa sér hlut annarsvegjar og að horfa á hann hins vegar, er hið ólíkasta og getur aldrei verið eitt og hið sama, ætti hver maður að geta gert sér grein fyrir með einfaldri tilraun, þ.e. með því að horfa á hlut og loka síðan augunum og reyna til að ímynda sér að hann sjái hlutinn eftir sem áður. Og varla ætti neinum að geta blandast hugur um að myndin af hlutnum hverfur úr meðvitund hans um leið og augun lokast og ímyndin eða hugsun megnar ekki að endurskapa hana, aðeins endurminning er eftir í vitundinni um það sem séð var. „Við notum að sumu leiti sömu heilastöðvar þegar við í rauninni sjáum og þegar við einungis ímyndum okkur“, er í fréttatilkynningu þessari haft eftir M. Nancy kanadískum aðstoðarprófessor í heila og vitsmuna vísindum við MIT og bendir orðalagið „þegar við í rauninni sjáum og þegar við einungis ímyndum okkur“ til þess að prófessorinn geri sér grein fyrir

að þetta tvennt, sjón og ímyndun, er einmitt ekki eitt og hið sama. Það að ímynda sér eitthvað er ekki í rauninni að sjá, og ætti ekki að þurfa að hafa fleiri orð um það. Fyrirsögn Morgunblaðsins var á misskilningi byggð.

Athyglisverð er reynsla blindra manna í þessu sambandi. Eftir blindum mönnum hef ég aldrei séð haft að við það að ímynda sér eitt og annað þyki þeim sem þeir öðlist sjónina. En í viðtölum við þá hafa þeir ósjaldan orð á því að í draumi séu þeir sjáandi, og virðast draumar þeirra um þetta í engu frábrugðnir draumum sjáandi manna. Og einhverntíma, og vonandi fyrr en síðar, mun sú upp-götvun þykja hin merkilegasta, sem fram kom hér á landi snemma á síðustu öld, að draumsýrnirnar voru í rauninni ekki hugsköpun hins meðvitundarlausu huga, heldur fjarskynjanir (skynjanaflutningur sbr, hugsanaflutningur) og bærust sofandanum fyrir samband við vakanda sem kalla mætti draumgjafa, eða sýngjafa. Svarar draumþeginn þannig til sjónvarpstækisins sem móttækur myndirnar frá sjónvarpsstöðinni. Hið lífræna sjónvarp draumanna er þeim mun merkilegra en hið ólífræna sjónvarp að það nær jafnvel stjarnanna, sólhverfanna, í milli eins og ýmsar draumsýnir benda til. Skyldu menn ekki vera svo smáhuga að fyrirtast við er vitsvæði mannsins er fært út á svo stórkostlegan hátt eins og H.Pjeturss. gerði með draumakenningu sinni, er varpaði ljósi á svo margt er vafist hefur fyrir mönnum að skilja, en þar á meðal er magnanareðli svefnsins.

Sveinn A. Haraldsson, 2001

Af huldufólki, álfum og öðru fólki

Upp í háa hamrinum býr huldukona,
það veit enginn Íslendingur
annar en ég hve vel hún sýngur.

Þannig kvað Davíð Stefánsson skáld í kvæðinu Ekillinn. Í þessari látlausu vísu speglast þjóðtrúin, trúin á það að í hverjum kletti eða bjargi byggji huldufólk, en álfar í steinum. Svo rammt kvað að þessari þjóðtrú, að til voru menn sem fullyrtu, og trúðu því reyndar sjálfir, að þeir hefðu gengið í björg og haft samneyti við álfa og huldufólk. Fólk hélt að til væru gott huldufólk og slæmt og væri varasamt að styggja það, því að þá hefndi það sín grimmilega, en launaði vel alla hjálp sem menn gátu veitt því, þar má nefna ef að mennskar konur gátu hjálpað álfkonum í barnsnaud. Örnefni víða um land eru kennd við áfla og huldufólk, sbr. Álfastapi, Álfhamar, Álfasteinn og Hulduhólar svo að eitthvað sé nefnt. Til er að menn þóttust hafa fengið ýmsa gripi frá álfum, oftast einhverja kostagripi sem ekki var völ á í mannheimum. Bústaðir álfanna eða huldufólksins voru gjarnan í stórum klettum eða klettaborgum og sáu skyggirnir ljós þar á kvöldin og þaðan mátti einnig heyra söng slíkan að annan eins höfðu menn ekki áður heyrt. Ekki var þó öllum gefið að njóta þessa, það gátu þeir einir sem kallaðir voru skyggirnir. Sagt var að fyrir kæmi að álfar eða álfkonur gætu að nokkru skipt um ham, gætu gert sig sýnileg og dvalið í mannabyggð tímabundið, en horfið svo aftur í hamarinn og vissi fólk ekki um þessi hamskipti fyrir en fólk var á braut. Áður en lengra er haldið er rétt að leiða hugann að mismun á heitum þessa undarlega fólks, hvað var huldufólk og hvað var álfar? Venjan virðist hafa verið sú að álfar væru samheiti á hvorutveggja, álfum og huldufólki, en skilgreint nánar þannig að sá hluti þess sem byggði hamra og klettabelti og líktist mannfólki var nefnt huldufólk, en álfar væru smáir og byggju í steinum. Þó er eftirtektarvert að höfðingjar huldufólks voru alltaf kallaðir álfadrottning og álfakonungur, en það heiti virðist einnig hafa tíðkast erlendis t.d. í Þýskalandi, sbr. Elfkönig. Þegar farið er að skoða þessar sögur og

þjóðtrúna á bakvið þær, þá kemur fljótt í ljós ákveðið misræmi, lýsingarnar eru oft svo ólíkar að líkt er og verið sé að lýsa ólíkum mannkynjum. Já, ólíkum mannkynjum, er það ekki einmitt það sem að þarna á sér stað, er ekki huldufólkið mannkyn sem býr annarsstaðar og sést aðeins þegar einhver skyggir, eða sofandi, kemst í samband við einhvern á öðrum hnetti og lýsir því sem sá maður eða kona sér og lifir. Skyggir maður getur í dag fengið samband við fólk á einum hnetti, en öðrum á morgun og því er eðlilegt að misræmi sé í útliti, háttum og aðbúnaði þessa fólks, sem menn kalla huldufólk. Oft er klæðnaður huldufólksins, útlit og hegðan svo ólík mönnum hér og einnig svo ólíkt hvort öðru að sjálfsagt virðist að skilja þetta svo að þessar verur séu af öðrum heimi, búi á annarri jörð eða jörðum einhversstaðar í óravíddum geimsins. Í mörgum sögum af huldufólki er sagt að maður hafi gengið í björg, en þegar hann kemur aftur úr bjarginu, þá er hann ringlaður eins og að hann vakni af svefni, má þá telja líklegt að þannig sé málum einmitt háttað, maðurinn hafi sofnað undir bjarginu og í raun dreymt þennan atburð. Þess var getið hér að framan að álfar og huldufólk byggju í steinum, hömrum og klettabeltum, svo ramt kveður að þessari trú að dæmi eru þess að menn hafi talið áfla búa í klöppum sem koma í ljós þegar vegastæði er sprengt niður í klöpp sem áður var ekki sýnileg. Lítum nú aðeins á mun þess sem menn kalla bústaði huldufólks og þeirra húsa sem við þekkjum. Hvorutveggja, húsin og klettabeltin, hafa vegg er snýr að horfanda, sá er þó munur að klettarnir eru hrjúfari og óreglulegri og gluggalausir, en húsveggir að öllu jöfnu sléttari og með gluggum. En stundum sjá menn slík sjónarspil að þeim getur vírst hús eins og klettabelti og klettabelti eins og hús með ljós í gluggum. Þetta á sér helst stað við viss birtuskilyrði og menn eru að sjálfsögðu vissir um hvað er hús og hvað klettur þó að þessari líkingu bregði fyrir um stnd. Þú ættir að prófa þetta, horfðu t.d. á Æsufellsblokkina í Breiðholti, við viss birtuskilyrði og úr fjarlægð, þá líkist húsið mikilli klettaborg, en alkunnugt er að ljósbergi af vatni eða klaka í klett-

um virka oft eins og ljós í gluggum húsa, þetta gerir skiljanlega trú manna á búsetu huldufólks í klettum, en þessar sýnir gera annað, þær gera manninn oft hæfan til þess að komast í samband við einhverja lifendur sem horfa á eitthvað sem líkist því sem hann horfir á, skapa honum möguleika til þess að fá hlutdeild í lífi fólks í órafjarlægð og sjá og finna það sem það sér og lifir. Það má að vísu fullyrða að þetta á við í langsamlega flestum tilvikum, en til eru þó þær undantekningar að ekki sé um samband að ræða, heldur sé um að ræða að vera eða hlutur geti líkamnast hér á jörð um skemri eða lengri stund þegar og ef rétt skilyrði skapast til þess. Eitt er eftirtæktarvert, í flestum sögum af huldufólki er það er oftast fríðara og áberandi betur og skrautlegar klætt en sjáendur þekkja úr sínu lífi, þetta bendir til þess að þetta fólk eigi heima á jörðum þar sem líf er betra en þekkist hefur hér á jörð. Það má minna á að á þeim tímum sem álfatrúin átti ríkjastök í fólki, þá var klæðaburður almennings mun lakari en nú þekkist og því varð mönnum meira um að skynja þessi skrautklæði álfanna. Í sögum af huldufólki er oft sagt, sem einskonar merki um sanna frásögn, að fleiri en einn maður hafi samtímis séð eða skynjað huldufólk og bústaði þess, en því er þar til að svara að ástæði getur verið slíkt að menn samstillist nægilega til þess að fjölsamband náist. Þar má nefna sem dæmi að menn á ferð á nýársnótt þóttust sjá álfadans í ísilögðu vatni.

Um sagnir af álfum sem í steinum búa er það að segja að þjóðsagan lætur þá vera smávaxna, og búa í steinum sem ef til vill eru ekki hærri en sem svarar einum metri, einnig hafi þeir annað útlit og klæðaburð en huldufólk og séu stundum all skriftilegir. Gefa má á þessu þá skýringu að álfar séu eins og huldufólkið, þeirra heimkynni sé á annarri eða öðrum jörðum, og má skýra smæð þeirra þannig, annarsvegjar sé hugsanlegt að í þeirra heimkynnum sé horft á þá á lengdar og því sýnist þeir smáir, hinsvegjar má ætla að þeir tilheyri mannkyni sem sé smávaxið og á flestan máta ólíkt huldufólkinu og er sú tilgáta lílegri. Þó má enn álíta að einhver stærri vera heimsæki þá, líkamnist í þeirra heimkynnum og því skynji sjáandinn, sem samband er við, þá smávaxna. Það má ef til vill hugsa sér að álfar séu sérstök „mannkyn“ sem af einhverjum ástæðum hafi orðið á eftir í þróun og þroska og því séu þeir smávaxnir og útlit þeirra og allt atferli skringilegt. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að álfar séu afkomendur einhverra vera sem eigi uppruna í einhverjum óþekktum fyrri tíma lífverum sem séu skyldar þeim mannkynjum sem við teljum okkur þekkja, en hafi þróast á ólíkan máta. Hitt má þó telja víst að þeir búi ekki á okkar jörð, heldur séu heimkynni þeirra á hnöttum í órafjarlægð.

Haukur Sigtryggsson

Vonaland guðanna

Hvert er það land sem liggur
á lífheima mörkum
badað af sindrandi sólu
og sævarins nið?

Ísland var vonaland allra
uppheima guða.
Orka og ást þangað beindist
frá uppheima drótt.

Enn beinist orka og máttur
til íslenskrar þjóðar,
enn skal hér upphefjast merki
hins algóða lífs.

Ingvar Agnarsson

Fyrir dag

Ymjá straumar. Árdagspoka
yfir dalnum lága hvílir.
Ljóss og skugga svipir sveima.
Svefninn flestra augum skýlir.

Seinna hækkar sól og þynnir
sorta, og loftið verður tærra.
Þá mun sigra sannleikurinn.
Hið sanna er öllum draumum hærra.

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum og heimspeki hans

Inngangur

Í þessari grein mun ég rekja nokkrar minningar mínar um skáldbóndann og rithöfundinn Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum og greina frá nokkrum aðalatriðum í hugsun þeirri, sem hann hefur á bækur sett í bundnu og óbundnu máli. Þorsteinn var helsti forvígismaður Nýalstefunnar um áratugi að Helga Pjeturss látnum, hélt fram kenningum hans af einurð og bætti við þær með eigin athugun og íhugun. Ókunnur er hann þjóðinni að mestu líkt og annað gáfufólk, sem um margra ára skeið starfaði á vettvangi Félags Nýalssinna, og er það síst að verðleikum. En rit lét hann eftir sig, sem varðveitast munu, og vera má að þau muni einhvern tíma vekja þá athygli, sem réttmæt væri. Þess verður auðvitað að geta hér, að sá sem þessar línur ritar var Þorsteini mjög nákominn og mætti því segja að mat mitt gæti ekki verið hlutlaust. Og gæti ég þá ekki svarað öðru en því, að ég hef vandlega kynnt mér æviverk Þorsteins og tel mig færan þar um að dæma. Skal nú fyrst sagt stuttlega frá ævi og starfi Þorsteins afa míns en síðan snúið að því að rekja nokkur aðalatriði hugsunar hans.

Nokkur æviatriði og kvæðabrot

Þorsteinn Jónsson var fæddur að Úlfsstöðum í Hálsasveit 1896 og bjó þar nær alla ævi til dauðadags. Ekki kann ég að rekja sögur af því að gáfnafar hans hafi vakið sérstaka athygli er hann var á unga aldri, en eitthvað virðist Símoni Dalaskaldi hafi fundist til um piltinn er hann kom í heimsókn að Úlfsstöðum árið 1909, því þá varpaði hann fram þessari stöku:

Vex upp knár og velgefinn
viðmótshýr og stilltur.
Þrettán ára Þorsteinn minn
það er besti piltur.

Þorsteinn gekk um tíma í skóla á Hvítárbakka en

var annars að mestu sjálfmenntaður. Hann gekk að öllum sveitastörfum á búi föður síns, þótti mikilvirkur sláttumaður enda hraustlegur á velli og sterkelega byggður, þótt ekki væri hann hávaxinn. Hann var nokkuð félagslyndur en hafði óbeit á hóp-mennsku hvers konar og fór snemma eigin leiðir í hugsun sinni og skáldskap. Ljóð sín tók hann að birta í tímaritum eftir að hann hafði náð nokkrum þroska og vöktu þau athygli sumra þeirra, sem þá kunnu best um kvæðskap að dæma. Þeirra á meðal voru Sigurður Nordal og Pálmi Hannesson, sem vildi láta veita Þorsteini listamannalaun, en af því varð ekki.

Þorsteinn kynntist kenningum Helga Pjeturss er hann var 25 ára að aldri. Hann var að slætti þá um sumarið er hann fékk ritgerðina „Hið mikla samband“ fyrst í hendur og las hana smám saman að kvöldi er næði gafst frá annasömu starfi. Sagði hann mér oft frá því löngu síðar, hve mikil áhrif sá lestur hefði haft á sig og fannst honum þá sem hann hefði kynnst skipulegra yfirliti um tilveruna en hann hafði áður þekkt. Ekki var það þó fyrr en nokkrum árum síðar að hann fyrst heimsótti Helga Pjeturss og bað hann líta á nokkur kvæði, sem hann hafði þá nýlega ort. Þar á meðal munu hafa verið ljóðabréfin, sem Þorsteinn sendi tveimur vinum sínum, Hauki Eyjólfssyni á Hofsstöðum í Hálsasveit og Kristjáni Snorrasyni á Snorrastöðum í Hnappadalssýslu. Í ljóðum þessum segir m.a. svo:

Sannleikurinn sjúkdómsrót alls grennir.
Sárar þykja reyndar fyrstu báru,
þær sem fyrir frjálsum anda bærast,
fjötrum blindni gegn og vanatötrum.

Ástandi mannfélagsins, eins og það kom honum fyrir sjónir lýsir Þorsteinn svo í ljóðabréfunum:

Vindar leiða báruhópa blindir,
breyta áttum, hringdans stöðugt þreyta.
Stefnur allar brotna í banahöfnum.
Beljar sérhvert fljót að ósi heljar.

Og enn kvað hann:

Lastmálugur lýsir eigin brestum.

Leynir enginn hug, sem kastar steini.

Samræmið er sigurvætta draumur.

Sannleikurinn alla vegi kannar.

Ekki verður ekki annað sagt en hér sé af íþrótt kveðið, því undir dróttkvæðum hætti er ort auk þess sem spakmælin eru hvert öðru viturlegra. Enda mun Helgi hafa skrifað orðin: „Mjög efnilegt“ á blöðin, áður en hann sendi þau aftur til Þorsteins. Tókst nú með þeim náin vinátta og höfðu þeir bréfaskipti allt til andláts Helga árið 1949. En því miður glötuðust öll bréf Helga til Þorsteins, er íbúðarhúsið á Úlfsstöðum brann á nýársdag 1952.

Þorsteinn Jónsson stofnaði Félag Nýalssinna með penna sínum árið 1950 og smám saman myndaðist samstilltur hópur fólks sem studdi málefni þetta með ráðum og dáð. Minni mitt nær aftur til þeirra tíma er félagið var til húsa að Laugavegi 24 og minnst ég þess hve mikill viðburður það þótti í þessum litla hópi er Þorsteinn á Úlfsstöðum kom í bæinn. Þá var jafnan skotið á fundi, Þorsteini Jónssyni boðinn heiðursess og rætt fram og aftur um Nýalsmálin af mjög miklum áhuga. Og Félagsblað Nýalssinna, sem Þorsteinn ritstýrði fram til 1972, ber hópi þessum gott vitni. Þótt ekki væri það stórt í sniðum ber efni þess allt á sér yfirbragð íslenskrar og erlendra hámenningar að fornu og nýju; vísinda og fræða, þekkingar og lista á háu stigi.

Best kynntist ég Þorsteini afa mínum er ég dvaldi sumarlangt að Úlfsstöðum frá bernsku til 18 ára aldurs, ásamt bræðrum og frændsystkinum á líku reki. Þorsteinn og amma mín Áslaug Steinsdóttir ráku bú sitt af myndarskap fram á elliár með aðstoð dætra sinna, tengdasona og barnabarna og var oft líf og fjör á bænum þegar sumarverkin stóðu yfir. Þorsteinn gekk sjálfur að flestum verkum talsvert fram yfir áttætt og hlífði sér hvergi. Kúm sínum og kindum sinni hann daglega og mátti sjá að dýrin hændust að honum meir en venjulegt var.

En það voru ekki einungis málleysingar, sem hændust að Þorsteini Jónssyni. Hvar sem hann fór, var sem eitthvert segulafl fylgdi þessum hvíthærða, svipmikla öldungi og oft varð hann miðpunktur þeirra mannfunda, sem hann sótti. Talsvert gestkvæmt var á Úlfsstöðum og voru húsráðendur meðal þeirra fyrstu er buðu erlendu ferðafólki bænda-

gistingu hérlandis. Kom þar fólk frá mörgum löndum, einkum Þýskalandi og Norðurlöndum og minnst ég þess hve mikill þessu fólki þótti um hinn aldna fræðapúl, sem var ágætlega mæltur á þýsku auk þess sem hann skildi tungur annarra Norðurlandabúa. Enska tungu hafði hann hins vegar ekki numið sér að gagni. Margir hinna erlendu gesta komu oft en einu sinni til sumardvalar og smám saman eignaðist Úlfsstaðafólk góðvini víða um lönd.

Að kvöldi sátum við nafnar löngum á tali. Afi minn hafði gaman af að segja frá liðinni tíð, t.d. frá áðurnefndri heimsókn Símonar Dalaskálds og frá því er hann sá halastjörnu Halley's árið 1910. Það ár var hann 14 ára gamall og fékk hann þá dag einn Landnámu lánaða á næsta bæ, Hofstöðum. Mundi hann vel 60-70 árum síðar eftir þeirri tilhlökkun, sem bjó í brjósti hans er hann gekk með bókina heim að Úlfsstöðum, en þess bæjar er sem og margra annarra í Hálsasveit getið í Landnámu. Skrifaði hann svo Landnámabók mestalla upp og marglas auðvitað allar Íslendinga sögur á yngri árum. Hann var þaukunnugur fornritunum og öllu því, sem best hefur verið í íslenskri menningu að fornu og nýju.

En það voru kenningar Helga Þjeturss í Nýalssritunum, sem mest og best áhrif höfðu haft á hugsun hans og viðhorf og Þorsteinn var helsti málsvari þeirra í a.m.k. aldarfjórðung frá láti Helga. Hann dáði mjög Helga Þjeturss og verk hans, en forðaðist alla bókstafs-kreddufestu gagnvart Nýal. Hann leit á fræði þessi sem vísindi, sem vega þyrfti og meta eftir þeim rökum, sem kenningarnar styddust við. Og það var merkilegt hvað þessi sjálfmenntaði bóndi í innsveitum Borgarfjarðar hafði tamið sér vel vísindalega hugsun; fyrst kæmi góð athugun, síðan samanburður við aðrar athuganir sama rannsakanda og annarra, og loks ályktanir dregnar af viðtækri og vandlegri íhugun allra þeirra upplýsinga, sem saman höfðu verið dregnar. Hann var óragur að setja fram eigin hugmyndir og kenningar og hélt þeim fram af einuð ef hann sá fyllstu rök til, en beið átekta ef hann taldi rök enn vanta. Kemur þessi vísindalega aðferð Þorsteins vel fram í ritum hans og í einu ljóða sinna brynir hann menn til skilningsdáða með þessum orðum:

Voga þó ei lengra en vit og þekking nær,
vopn þín láttu blika í skilningsljósi.

Í bókinni „Málþing Íslendinga“ er grein eftir Þorstein um kenningar Helga Pjeturss og skulum við nú gefa honum orðið:

„Auðvelt ætti nú að vera að sjá fram á, hvað það einkum er, sem telja má aðalatriði þeirrar þekkingar, sem menn á síðari öldum hafa öðlast á heimi og lífi. Þannig liggur það í augum uppi, að leiðrétting Kópernikusar varðandi skilning manna á sólar-ganginum og hreyfingu reikistjarnanna, er undirstöðuatriði, og má þó ekki síður segja slíkt um þann skilning Brúnós, að fastastjörnurnar séu sólir. Má með sanni segja, að við það að gera sér það ljóst, hafi heimurinn fyrst verið uppgötvaður og að í heimsfræði hafi því aldrei verið stigið jafn stórt spor fram á leið. Stórkostleg þekkingarviðbót var það líka, þegar aðdráttarsambandið var uppgötvað eða þessi tengsl milli sjálfra stjarnanna, sem stjórna öllum hreyfingum þeirra, og vel má nú skilja, að eru frumorsök þess, að þær skyldu nokkru sinni verða til. Og í líffræði, sem segja má, að miklu skemmra sé á veg komin en heimsfræðin, má tala um þann skilning sem aðalatriði, að lífið hafi hér þróast fram frá lítilli byrjun, og má ef til vill telja uppgötvun frumunnar vera þar næststærsta þekkingaratriðið. Þetta, að jurtir og dýr skuli vera byggð upp og til-orðin fyrir samfylkingu og samstarf þessara örsmáu einstaklinga, er sannarlega merkilegt íhugunarefni. Og hvers vegna sjá menn nú ekki fram á, hversu það blasir við sem hið beinasta og eðlilegasta fram-hald þessara aðalatriða þekkingar og skilnings, sem Helgi Pjeturss bar fram í ritum sínum. Ekkert getur talist sjálfsagðara út frá vitneskjunni um mikil-leika heimsins en að víðar muni vera lifendur en á þessari jörð. Og þegar svo hins er gætt, hversu hver ein stjarna er háð öðrum stjörnum, eða sambandi sínu við þær, þá ætti ekki síður að virðast sjálfsgagt, að líf hverrar jarðar fyrir sig muni einnig vera háð lífi annarra stjarna. Þetta, að lífsamband eigi sér stað á milli stjarnanna, sem sérstaklega ber að tala um sem kenningu Helga Pjeturss, væri því mjög eðlilegt að líta á sem samskonar meginatriði líffræðilegs skilnings og vitneskjan um aðdráttarsambandið á milli stjarnanna er í heimsfræðilegum skilningi. En við það að kynna sér þær niðurstöður athugana og sannana, sem dr. Helgi færði fyrir þessari kenningu sinni, þá ætti það að liggja ljóst fyrir, að þar er ekki einungis um að ræða eitthvað hugsanlegt eða jafnvel líklegt. Frá þeim undirstöðum séð verður það, að lífað sé hér af sambandi og



Þorsteinn Jónsson (1896 - 1991)

til sambands við lifendur jarðstjarna í öðrum sól-hverfum, ekki minna en þekking og víska.“

Þetta var sá sjónarhóll, sem Þorsteinn Jónsson stóð á er hann íhugaði tilveruna og skal nú stúið að því að rekja nokkur aðalatriði í heimspekilegri hugsun hans. Með heimspeki á ég ekki við tilgangslitlar ræður um hugtök og hversdagsleg fyrirbæri, heldur frjóa hugsun setta í orð, sem nýtir sér bestu þekkingu úr heimi vísinda og fræða til að seilast fram í raunverulegum skilningi á heiminum; eðli hans og uppruna. Þorsteinn taldi að heimspek-ingar ættu fyrst og fremst að einbeita sér að því að íhuga þá merkilegu staðreynd að hér á litlum hnetti á braut um mjög venjulega sól hefur eftir óralanga þróunarsögu lífsins vaxið fram af lítilli byrjun hugsandi vera, sem eftir aldalanga viðleitni hefur loks tekist að uppgötva alheiminn - eða a.m.k. nokkurn hluta hans - og vill nú leita skilnings á því hvað að baki þessu öllu býr.

Um óendanleika alheimsins

Þorsteinn dvaldi mestan hluta ævinnar á föðurleifð sinni, Úlfstöðum, í einni af innsveitum Borgarfjarðar og fór fáar langferðir þaðan. En með ritum sínum hefur hann sýnt, að slíkt þarf ekki að banna mönnum „útsýni opið til hins fagra og háa“, eins og hann kemst að orði í einu af kvæðum sínum. Hann brýndi fyrir mönnum að binda ekki sjóndeildarhring sinn við eigin dal eða bæjarhól og hvatti þá til að hugsa um mikilleik alheimsins og hinn ótölulega fjölda stjarna og vetrarbrauta, sem við blasa á heiðskírurum næturhimni eða á ljósmyndum teknum með hinum öflugustu sjónaukum á jörðu.

Stærstur hugur himninum er næstur.
Heimurinn er takmarkalaus geimur.
Of hátt mun því engin sál fá svifið.
Sanni næst fer hver, sem víðast spannar.

segir í ljóðabréfi til Kristjáns á Snorrastöðum. Flestum reynist það nú ofviða að gera sér óendanlegan alheim í hugarlund - tilveru og víðáttu, sem engin takmörk hefur - og fer því flestum svo, að þeir snúa sér að öðrum viðfangsefnum og léttvægari. En Þorsteinn Jónsson íhugaði þetta árum saman, þar til hann komst að niðurstöðu, sem hann orðar svo í einni stuttri setningu:

„Óendanleikinn er frumorsök alls.“

Og hvernig ber nú að skilja þessa hugsun? Torskilin virðist hún við fyrstu sýn, en gáum nú betur að og íhugum hvað að baki býr. Lykilinn að skilningi finnum við í annarri setningu Þorsteins, sem hann orðar svo í bók sinni Tunglsgeislum:

„Sérhvað einstakt, hvort sem það er [lífvana hlutur], lífstilvera einhvers einstaklings eða heildarlíf einherrar einnar jarðar hlýtur að eiga orsök sína fyrir utan sig, því að annars vantaði það sína frumorsök.“

Íhugum nú þessa setningu og lítum í kringum okkur. Innan dyra sjáum við margs konar muni, sem gerðir eru af manna höndum úr efniviði, sem sóttur hefur verið víða að og sniðinn er eftir manna höndum. Orsakanna að tilvist þessara hluta, t.d. stóla, borðtölva og mynda á vegg, er vissulega

að leita utan þeirra sjálfra. Lítum á land okkar, Ísland, og íhugum tilvist þess. Það er vissulega ekki orðið til af sjálfu sér og orsakanna er að leita í því að á þessum hluta yfirborðs jarðar skiljast að tveir stórir meginlandsflekar og bráðið efni streymir upp á milli þeirra úr iðrum jarðar. Við verðum því vissulega að líta út fyrir Ísland og raunar einnig undir það til að skilja uppruna þess og gildir hið sama vitanlega um jörðina, sólhverfið og vetrarbrautina. Allt sem við þekkjum er til orðið sem hluti af einhverri stærri heild og á orsakir sínar að rekja til atburða, sem eiga sér stað innan þeirrar heildar. Og ef við nú víkkum sjónsvið okkar upp til vetrarbrauta og vetrarbrautahverfa og síðan til alls hins þekkta alheims, þá blasir við að heildirnar verða sífellt að stækka til að skýra megi orsakir alls þess, sem finna má innan einhverra tiltekinna takmarka. Og í framhaldi af því hlýtur að blasa við að til að skýra tilveru alls sem er, dugir ekkert minna en óendanlegur alheimur, því vitanlega er ekkert annað nógu stórt til að rúma allt það, sem hægt er að hugsa sér að fyrirfinnist.

Þetta var niðurstaða Þorsteins Jónssonar. Og hann fór lengra og hugsaði sér að sísköpun efnis ætti sér stað í alheimi, að tilveran bætti í sífellu við sig og aldrei væri um kyrrstöðu að ræða. Var hugsun hans um þetta efni, sem hann birti fullmótaða í Tunglsgeislum árið 1952, nokkuð áþekkt ríkjandi heimsfræðikeningum á þeim tíma (sbr. kenningu F. Hoyle og annarra um sísköpun efnis), en þær hafa síðan farið mjög halloka fyrir kenningunni um Miklahvell, sem svo hefur verið nefnd á íslensku. Ekki þarf að orðlengja, að Þorsteini Jónssyni þótti þar ekki vera um framför að ræða í skilningi á uppruna og eðli alheims. Og er nú ekki annað hægt en að kalla þá kenningu ófullkomna og raunar illskiljanlega bálað upp á örkotsstundu úr engu, án þess að nokkuð sé hægt að tilgreina um orsakir að þeim mikla atburði, því kenningin gerir ráð fyrir að hvorki tími né rúm hafi til verið þar á undan. Erfitt virðist að festa hendur á, hvort nokkur hugsun býr þarna að baki, enda er kenningin fyrst og fremst byggð á niðurstöðum mælinga á færslu vetrarbrauta hver frá annarri til allra átta í alheimi og örbylgjukliði þeim, sem berst úr öllum áttum og kalladur hefur verið endurómur frumsprengingarinnar miklu. Og með því að hugsa sér alheiminn sem fjórviða samfellu tíma og rúms hefur mönnum tekist að þröngva honum undir ákveðin takmörk og er

Þá oft vísað til þeirrar samlíkingar, að maður sem gengur á flötu og tvívíðu yfirborði þrívíðs hnattar geti endalaust gengið í sömu stefnu, því aldrei kemur hann að neinum endamörkum, sem hefta för hans. En þá má spyrja hvort viðleitni af þessu tagi til að takmarka alheiminn með stærðfræðilegum aðferðum sé ekki aðeins nútíðar-útgáfa af hinni aldagömlu þröngsýni manna, að hugsa sér tilveruna takmarkaða, vegna þess hve erfitt þeim reynist að gera sér óendanlegan alheim í hugarlund.

Líklegast er, að hvorir tveggja hafi hér nokkuð til síns máls, nútímavísindin með öll sín fræðilegu rök og vandlegu mæliniðurstöður, sem benda til að sá alheimur, sem greindur verður með mælitækjum hafi átt sér eitthvert upphaf, og skáldbóndinn í Hálsasveit, sem svo djúpt hugsaði um hinstu rök tilverunnar og komst að þeirri niðurstöðu að um þrotlausu alheimstilveru væri að ræða, sem ekki ætti sér neitt upphaf í tíma eða rúmi. Þeirri skoðun virðist nú reyndar vaxa fylgi meðal heimsfræðinga, að alheimur sá, sem þeir ætla upprunninn í frumsprengingunni sé ekki meira en agnarlíf til froðubóla á yfirborði miklu stærrí heildar og að til geti verið óendanlega margir alheimar á borð við þann, sem við þekkjum. Er þar vissulega um býsna merkilega niðurstöðu að ræða.

Uppruni lífsins og þróun

Ýmsar spurningar vöknudú hjá unglingi, sem tekinn var að fræðast af afa sínum um lífið og tilveruna í ljósi hinna íslensku heimsfræðikenna, samtímis því að hann stundaði hefðbundið skólánám. „Hvað verður um mannkynið, er orkulind sólarinnar þrýtur eftir nokkra áramilljarða“, spurði unglingurinn? Ekki vildi Þorsteinn segja, að hann hefði ákveðið svar við þeirri spurningu, enda mundi margt eiga eftir að breytast á svo óralöngum tíma, en samt mætti reyna að svara henni svo: „Ef mannkyn verður þá enn á jörðu kemur í raun aðeins tvennt til greina ef menn vilja að enn verði framhald á sögu þeirra; annars vegar að vísindi manna og verkætælni verði komin á svo hátt stig að þeir megni með einhverjum hætti að framlengja líf sólarinnar; hins vegar að menn hafi einhver ráð til að flytjast búferlum til annarra sólhverfa.“ Jarðbundið svar og skynsamlegt og varla mjög ólíkt svörum, sem verkfræðingar eða eðlisfræðingar mundu gefa við sömu spurningu. En að vísu vita Nýalssinnar að Þorsteinn hefði talið menn nota nokkuð aðra að-

ferð við að flytjast sólhverfa á milli í fjarlægri framtíð en áður nefndir fræðimenn mundu telja líklegasta!

Næsta spurning var þessi: „Hvernig varð lífið á jörðinni til?“ Ég hafði þá nýlesið um þá kenningu Arrheniusar, sem kennd er við „panspermia“ og margir vísindamenn hafa síðan tekið upp til athugunar. Sú kenning gerir ráð fyrir að lífið hafi borist hingað úr öðrum sólhverfum, með loftsteinum eða rykögnum og því væri það tilviljunum háð hvort lífsfrjó hefðu borist hingað til jarðar í árdaga eða ekki. En á þetta mátti Þorsteinn Jónsson ekki heyra minnst. Hann fagnaði því að vísu að Arrhenius og aðrir góðir vísindamenn hefðu verið svo frjálshuga að telja að líf hefði komið fram á öðrum hnöttum, en hafnaði því með öllu að upphaf lífsins hér á jörðu væri til þess að rekja að eitthvert „rusl“ hefði fyrir leik blindra og ómerkilegra tilviljana borist hingað til jarðar. Þótti honum að þar hlyti að búa mun meira að baki og taldi að lífið „leitaði alls staðar á“ þar sem skilyrði væru fyrir hendi. En þó taldi hann líka að jafnan væri einhver viðleitni lengra kominna vitsmunavera á öðrum hnöttum að baki lífskviknun á nýjum hnetti. „En hvernig urðu þær vitsmunaverur þá til?“ var næst spurt. „Enn aðrir kveiktu það líf, og á undan þeim enn aðrir“, var svarið. „En hvernig má það vera, einhvern tíma hlýtur lífið að hafa orðið til í fyrstunni?“ Og þá kom þetta svar, sem aldrei hefur liðið mér úr minni: „Lífið hefur alltaf verið til í alheimi.“

Þetta þótti Þorsteini Jónssyni vera eina hugsanlega lausnin á því vandamáli, sem margir merkir vísindamenn hafa haft orð á, að vísu oft í hálfum hljóðum, að líkur þess að lífið hafi til orðið af tilviljun eru svo hverfandi litlar, að álykta verði að einhver skapandi máttur hafi búið þar að baki. Þorsteinn steig skrefið til fulls og sagði lífið vera þann frumkraft, sem byggir að baki sjálfri heimssköpuninni og geta menn nú íhugað þá niðurstöðu hver með sínum hætti.

Í framhaldi af þessu sneri Þorsteinn sér að því að íhuga þróun lífsins hér á jörð. Hann byrjaði á að benda á langan undirbúning í hinu dauða efni að tilurð lífsins; niðurröðun frumeinda í sameindir sem síðan skipa sér í hin margvíslegustu efnasambönd og loks framkomu lífsins við samstillingu hinna flóknustu efnasambanda. Í bókum sínum, einkum Tunglsgeislum, hefur Þorsteinn síðan sett fram merka hugsun um ættminni tegundanna; að lífsþróunin byggist á minningasöfnun og að lífið

bæti sífellt við sig af sögu sinni. Má segja, að þar sé um sjálfstæða, heimspekilega þróunarkenningu að ræða, sem að sumu leyti er í besta samræmi við niðurstöður nútíðarvísinda, en að sumu leyti frábrugðin. Þorsteini þótti einsýnt, að lífsþróunin væri ekki blindur leikur tilviljana, heldur byggði þar viðleitni og tilgangur að baki, enda var slíkt sem rauður þráður í allri hugsun hans um lífið og tilveruna. „Hækkun“ var orðið, sem hann notaði um heimsframvindu og lífsþróun og þótti honum mikið í húfi, að sú framvinda öll sigldi fullum seglum í átt til betri heims og lífvænlegri.

Ævilok

Þorsteinn Jónsson hélt hugsun sinni og heilsu lítt skertri fram yfir nírætt og má hér vitna til vísu þeirrar, sem nágranni hans, Höskuldur Eyjólfsson á Hofstöðum, orti eftir heimsókn að Úlfsstöðum fáeinum árum fyrir lát þeirra beggja:

Hár þótt gráni og hrörni mundir,
hans er talið milt og vært.
Þar býr falinn eldur undir,
æ sem logar stillt og skært.

Að lokum varð ævibróðin Þorsteini um megn og andaðist hann að Úlfsstöðum árið 1991, 95 ára að aldri. Okkur, sem best þekktum þennan mann, líður hann aldrei úr minni, enda var hann engum líkur. Þar var maður, sem átti sálufélag með meisturum hugsunar, vísinda og skáldskapar í ýmsum löndum og á ýmsum tímum og vil ég leyfa mér að fullyrða að mönnum á borð við Goethe og Byron, Kant og Schopenhauer og ekki síst Lamarck og Darwin hefði þótt mikið til koma að kynnast Þorsteini Jónssyni, hefðu þeir verið honum samtíma. Og þyki mönnum hér óvarlega til orða tekið, vil ég hvetja þá til að taka sér rit Þorsteins í hönd og kynna sér vandlega hugsun þessa merkismanns. Þar er um að ræða vanmetinn vitsnilling, sem fyrr eða síðar mun hljóta þá viðurkenningu, sem honum réttilega ber.

Þorsteinn Þorsteinsson

Rof

Létt er ei líf á hnetti,
lífsstefna náir vart hlífa,
öfl sem af illu eflast
alfarið vekja kala.
Valda afkomu eldar,
öllu er fargað á völlum,
undir síopnar sundra
samverkum líkra hama.

Alt hefur fram oltið,
ýmisleg bjarmað skíma,
þó leikar réðust af reiki
rakinna mynda ég sakna.
Öllu því hefur ollið
einkunn, er mörgu seinkar,
vilja skal til að skilja
sköp, er blasir við hröpun.

Þó má við trölldóm tjóa,
tíðaranda sem bíða
forneskju falinna norna,
feiknstafi burtu reikna.
Orð skulu í fyrstu erja
akur mannlífs og raka,
huga ei fyrra flugi
fram yfir leiðir skammar.

Árta skal snúið erli,
unnið sem til er kunnað,
sterklega vankar verki
valda ef til er haldið.
Vit skal þó sterkara striti,
stýra og leiðir skíra
máttur, sem mikilsháttar
mannhelgi elur sanna.

Röðull skín vítt á vöðlum,
vökum íshellur taka,
vorar, ef þenglar þora
að þyggja framtíðarhyggju.
Gróa og grænka í móum
grös, sem áttu í brösom,
lífhbyggja leitar frá kífi,
lofar að til skuli rofa.

Haukur Sigtryggsson
5. desember 2000

Fjarlækningar

Þegar á bjátar og þú finnur að líkami þinn er ekki í því ástandi sem hann er vanur að vera og ætti að vera, þá biður þú um sinn, en ef ekkert lagast þá ferð þú til læknis og leitar ráða til bata. Oft er þetta eitthvað smávægilegt sem góð ráð læknis og einföld lyf ráða bót á. Sé hinsvegar um að ræða að eitthvað meira sé að, þá skoðar læknirinn þig nánar og reynir að greina ástæðu, ef hann finnur hana ekki sjálfur, þá ertu sendur í rannsókn eða rannsóknir, þar sem líkami þinn er vandlega skoðaður og leitað að því sem að er. Ef rannsóknir leiða í ljós ástæðu sjúkleikans ertu e.t.v. lagður inn á sjúkrahús þar sem þú sætir lyfjameðferð eða gengur undir aðgerð. Oft dugur þessi meðferð til bata, en fyrir kemur að bati kemur seint og illa, án þess að læknar geti ráðið nokkru þar um. Í verstu tilfellum virðist svo sem að engin ráð dugi til bata og ástandið versnar sífellt. Þú sjálfur, fjölskylda þín og vinir hafið öll fullan hug á því að þú náir heilsu, en þið getið lítið að gert utan þess að hvetja lækna til góðra verka og óska þér bata.

Eins langt og vitað er, hafa menn reynt að lækna þá sem verða fyrir sjúkdómum eða slysum, þeir sem við þetta fengust voru gjarna kallaðir töfralæknar eða galdramenn. Nútímamenn telja að þessar lækningar hafi byggst á furðulegum bábiljum og hafi lítt eða ekki stuðlað að bata fólks, en hvað sem að því líður, þá eru þessir lækningamenn undanfarar lækna nútímans og sum nútímalýf eru unnin úr jurtum sem áður voru kallaðar lækningajurtir. Nú á tímum stunda sumir ólærðir menn lækningar, þeir eru kallaðir hómópatar eða skottulæknar og bera flestir lærðir læknar litla virðingu fyrir þeim, þó leitar sumt fólk til þeirra og telur þá geta hjálpað, sérstaklega þegar um er að ræða minniháttar veikindi og eru margar sögur til af störfum þessarra manna. Hvort sem þú leitar til lærðra lækna eða hinna „óhefðbundnu“ verður þú í flestum tilvikum að leita til læknis, þ.e. að fara til þeirra eða að fá þá heim til þín, undantekning frá þessu er þegar þú hringir í þá og færð góð ráð og eða símsendan lyfseðil í næsta apótek. Það, að njóta læknismeðferðar í gegn um síma, tölvupóst eða með öðrum tæknilegum fjar-skiptaáferðum, verður að teljast einskonar fjarlækning, en sú áferð er ákaflega takmörkuð og vart að treysta mjög á hana þar sem sjúkdómslýsing sjúklings er líkleg til að verða lakari heldur en þegar

læknir er viðstaddur, og því hætt við að ályktun hans geti orkað tvímælis.

En spyrja má, eru fleiri aðferðir fjarlækninga til? Því er oft svarað þannig að guð geti læknað öll sár og styrkur bænarinna sé mikill, því sé bara að biðja og vona og víst er um það að góður hugur skiptir miklu. Margir eru þó þeirrar skoðunar að áhrifamesta fjarlækningin sé sú ef takast megi að ná sambandi við framliðna lækna sem þá hafi þroskast og aukist að þekkingu í framlífi á annarri jörð og geti því greint sjúkdóm betur en nokkur hér á jörð og, ef skilyrði leyfa, þá haft þau áhrif að lækning geti orðið, annaðhvort með því að þeir nái sambandi við þann lækni er sinnir sjúklingnum og hafi áhrif á hug hans og gerðir, eða nái beinu sambandi við sjúklinginn og þannig stuðlað að bata hans. En hvernig á þá að ná sambandi við framliðinn lækni? Vitað er að einstaka menn og konur hafa þá, eða höfðu þá hæfileika að geta komist í samband við framliðna lækna og hjálpað til þess að beina lækningu til sjúkra, mjög margir fullyrða að slíkar lækningar hafi átt sér stað, jafnvel þar sem læknar voru gengnir frá verki án árangurs. Þekktust þessa fólks voru líklega Einar á Einarstöðum og Ragnhildur í Tjarnargötunni. Önnur leið til að ná sambandi við þessa framliðna lækna er sú að ná sambandi við þá í gegn um miðil og er þá hægt að tala beint við einn eða fleiri þeirra, sem ná þá um leið að skynja ástand sjúklingsins og reyna í framhaldi af því að stuðla að lækningu. Það er eftirtektarvert að þessir læknar lofa aldrei lækningu, þeir segjast aðeins munu líta til hlutaðeigandi sjúklings og athuga hvað sé mögulegt. Kunnugt er að margir telja sig hafa fengið bata á þennan hátt og vitað er að í sumum þekktum tilvikum voru læknar mjög undrandi á óeðlilega snöggum og góðum bata sjúklunga sinna, en þeir vita í fæstum tilvikum að leitað hafði verið aðstoðar framliðinna lækna. Þessi leið til lækningar, þar sem læknir er í órafjarlægð, jafnvel á hnetti í fjarlægri vetrarbraut, sýnist í fyrstu í hæsta máta ólíkleg, en þegar saman fer miklu meiri þroski, vit og lífafl en við þekkjum hér á jörð, þá eru möguleikar lækninga ótakmarkaðir, en þó háðir því að unnt sé að skapa hér nægilega góð skilyrði til móttöku þess lífafls eða lífgeisla sem berast frá þessum fjarlægum stöðum.

Haukur Sigtryggsson.

Sambandsfundir

Fundur 11. febrúar 2002

Komið blessaðir og sælir vinir. Ýmsir hugsa til ykkar á þessari stund hér framliðnir vinir, þar á meðal sá er talar, og margt sem ég hefði hug á að færa í tal um framlífið og stjórnurnar, en auðvitað er þar framtíð hvers jarðarbúa sem stjórnurnar eru. Þar er hverjum ætlað að lifa farsælu lífi meðal sér skyldra að hugarfari og þroska og öðlast vaxandi þroska sálar og líkama. Það er fjarri því að öllu sé lokið með örskömmu frumlífi og mun koma mönnum margt á óvart í fyrstu eftir landinguna á annarri jörðstjörnu, skemmtilega á óvart þó, og öðrum öfugt eftir ástæðum hvers eins, eftir fyrri líferni og hugarfari.

Menn uppskera eins og þeir hafa sáð, það er nokkuð til í því og það getur verið að hún komi stundum á óvart uppskeran.

Það er hér kona framliðin, mjög svo fögur. Göfugleg björt ásýndum birtist hún hér fyrir augum mínum og fleirum skyndilega mjög, og fylgir henni friður og máttur mikill. Gyðja rétt nefnd og ásynja. Freyja.

Það er kraftur eigi lítill er henni fylgir, og vilji til að leggja ykkur lið og málstað ykkar og eflingu sambandsins.

Hún er óumræðilega fögur, göfugleg ásýndum og ljómandi æðri tign og ljósi miklu og birtu. Það eru ólýsanleg áhrifin sem frá henni stafa og friður, ástúð til allra og kærleikur, það er eðli guðanna, sem geisla frá sér guðlegri birtu, ástúð og friði. Það eðli guðanna segir til sín á undursamlegan hátt er þeir birtast meðal mannanna, sem eru þeim langt að baki en þó eðlisskyldir um margt.

Án þess eðlisskyldleika væri samband við þessa veru heldur ekki mögulegt.

Spurt var: Er Freyja með einhver skilaboð til okkar?

Hugsíð hjart og stórt. Treystið guðlegri orku og mætti til líðsinnis. En það er á ykkar hnetti vandi að þrífast, þeim er gert er svo stórt öðrum fremur út yfir hin þröngu takmörk vanans, tregðunnar og þröngsýnnar. Það er það sem við er að etja að eyða þröngsýninni og tregðunni, víkka mönnum sjóndeildarhring, víðsæi og fjarsæi til að hindranir rofni í vegi guðsambandsins.

Þakka ykkur fyrir og verið blessaðir.

Fundur 10. desember 2001.

Sunnlensk kona sem talar. Komið þið sælir allir.

Fundarmaður: Það fylgir þér alltaf mikill kraftur þegar þú kemur.

Jæja þá er tilganginum náð að því leiti. Já ég hugsa ykkar yfir geimdjúpið og skynja til ykkar nokkuð á fundi ykkar. Og vildi geta látið ykkur skynja til mín á sama hátt og okkar hér svo ekki hallaðist á, en erfiðleikar miklir eru að magna svo sterkum tókum að fjarskynjunin ryðji sér til rúms í hugum ykkar sem skyldi.

Ég veit að þið hugsíð alvarlega um þessi mál og viljið stuðla að framförum sambandsmála á jörðu og er það vel og nauðsynlegt. Því fleiri sem þannig hugsuðu því meiri kraftur mundi koma fram og sambandshæfileikar einstaklinganna þroskast og móttækileikinn aukast, en fáir og einangraðir eru menn oft býsna utangarðs í þessum efnum: En þó gæti geislinn guðlegi náð svo til ykkar að þið yrðuð fjarskynjendur og móttækilegir fyrir vitgeisla og krafti frá öðrum hnöttum, að þið gætuð skyggst um aðrar vetrarbrautir og sólhverfi og orðið stórlega fróðir og vitrir, en aflsvæðið er í veikara lagi hér, svo ekki sé meira sagt ennþá á ykkar hnetti, og gjaldið þið þess.

Fundarmaður: Er það ekki þannig að við þyrftum að vinna að einhverju leiti betur okkar heimavinnu og þá yrðu jafnvel meiri möguleikar að við gætum fengið meiri aðstoð í kjölfarið frá ykkur?

Vel er það hugsanlegt. Það er nú fylgst með hverjum einum og beint til hans sterkum geisla og góðum hug og vonandi að hann komi betur í ljós þessi góði hugur og kraftur og opni ykkur fjarskynjun og möguleika til að taka á móti samskynjun við hina mörgu vini á framlífsjörðum ýmsum. Nú þá er hugsanlegt að draumsamböndin og fjarskynjun í draumi muni færast á mjög miklu fullkomnara stig og það hefur áhrif á vökulífið til hins betra og magnandi áhrif á allt líf mannsins, sem svo mjög gæti breitt til hins betra öllu hans lífi að njóta slíkra draumsambanda upp á við.

En hér er ég nú að hugsa til ykkar um stund með fleirum frændum og vinum og stöndum hér uppi á hæð nokkurri all stór hópur, þar sem víðsýnt er og fagurt um að litast. Og hér er á hæðinni er unnt að sjá fjöll gnæfa við himin í fjarska. Þar eru sambandsstöðvar miklar á hæstu tindum og stafar af birta og

undursamleg geislan, þar sem þessar stöðvar eru, og þegar við nú virðum fyrir okkur þessar stöðvar á hæstu tindum þá finnum við kraft aukinn og orku streyma til okkar og beinum huga til hæstu fjallanna og tindanna.

Þar er að sjá höll eina mikla sem ljómi mikill stafar af, og við erum eins og tengd þessari stöð. Við drögumst að henni og svífum nú öll upp sem einn maður í átt til þessarar undrahallar á þennan hátt gnæfandi fjallstind í fjarska. Svífum við þangað með vaxandi hraða og eins og togumst í átt að byggingunni af ómótstæðilegu afli og nálgumst hana óðfluga og með miklum hraða. Það er nú sem við nálgumst hana með enn meiri hraða og nú erum við að komast alla leið og erum nú við allar dyr, komin að dyrum hallar þessarar stórkostlegu og sambandsstöðvar og göngum þar inn. Er þar salur stórkostlegur sem við göngum inn og þar mannfjöldi samankominn og birtan stórkostleg og litadýrð mikil. Er við komum hér inn mögnumst við enn meir en áður og samstillumst heildinni sem hér er fyrir. Það er aflsvæði stórkostlegt hér og orkuaðstreymi og hér eru menn að búa sig undir að taka á móti heimsókn þeirra er lengra eru komir á annari jarðstjörnu, þar sem er samstilling á enn hærra stigi og máttur hinn furðulegasti og fegurð og samræmi lífsins meiri en orðmegna að lýsa. Þar er ædra mannkyn og öflugra, þar sem er bygging á fjallstindi einnig, enn fegurri þó og fullkomnari en okkar en þó um flest líkt og skylt, og er samstilling milli stöðvanna eigi all lítil. Má sjá nú hvar hér koma fram hver af annarri lýsandi verur í ljóma miklum tign og fegurð. Mannslíkaminn í æðri

mynd og fegurri en hér er birtist fyrir sjónum okkar og varpa verurnar ljóma á salinn og mannfjöldann og magna alla hér ofurmagni sínu. Hver einn nær hér hærra magnanarstigi en áður með tilstyrk gesta þessarra og munum við reyna að líkjast þessum undursamlegu verum og læra af þeim og fræðast um fullkomnara tilverustig. Hvernig við getum betur komið málum okkar á þann veg sem miðar til enn aukins þroska, aukins vits og máttar. Að við getum orðið færari um að vinna að því að fullkomna líf okkar og verða öðrum að liði, sem eru okkur ófullkomnari. Við höfum notið æðra sambands hér í þessari byggingu og fengið vaxandi þátt í þeirra tilverustigi, lífi þeirra sem lengra eru komnir. Áhrifin á okkur og líf okkar hafa vaxið mjög og haft æ meiri þýðingu fyrir hvern einn og alla hér að ná meiri mætti og andlegum og líkamlegum þroska. Áhrifin segja til sín með ýmsum hætti á vitund okkar og hæfileika, hvernig okkur gengur að ráða við ýms vandamál og sigrast á ýmsum erfiðleikum, því ekki er um neinn þroska að ræða án þess að menn verði að sigrast á einhverjum erfiðleikum og menn færast æ meira í fang eftir því sem þeim vex afl og vit og þroski.

En ég verð nú að láta þetta nægja.

Fundarmaður: Má ég spyrja aðeins. Eru þeir sem eru að koma í heimsókn æsir, eða eru þeir frá einhverju öðru mannkyni?

Æðri en æsir jafnvel. Æðri en æsir. En þó eru þeir undursmlega vitrir og fagrir og göfugir og njótum þeirra að með ýmsum hætti einnig.

Jæja ég hugsa til að senda ykkur kraft. Lifið heil.

Skyggð

Ég vaki um nótt, en veit þó lítt um sinn,
er vefur draumur það sem ég ei skil.

Einhver leitar inn í huga minn
eftir fylgd um lítið stundarbil

Ég lít í spegil, sé að þetta ert þú
og þigg í myndum brot af því sem var
á liðnum degi takmark þitt og trú
og tálmynd hverrar innstu löngunar.

Með ímynd þess er áfram hefur sótt
ymur tónn í svip af fjarri grund.
Þú hefur lifað ljósan dag og nótt
og lukku þess er hlýtur óskastund.

Nú muntu öðlast, eins og fyrr varð séð,
ímynd þess er fyrir sjónir þar.

Þitt skáldaflug er skyndimyndum réð
er skuggi þess sem annarsstaðar var.

Í viðum geim við bjartan sólnasess
sækist fram í það er lífið hlaut;
þú mátt í draumi lifa lífi þess
er lítur jörð í fjarri vetrarbraut.

Haukur Sigtryggsson

VÖRUBÍLAR TÆKI VARAHLUTIR

- Útvegum vörubíla og ýmis konar tæki erlendis frá.
- Varahlutir í vörubíla. Fjaðrir og ýmsir notaðir hlutir, svo sem vélar, gírkassar o.fl.
- Hjólkoppar á vörubíla, sendibíla og hópferðabíla.
- Landbúnaðaráhöld. Rúningsklippur frá Sunbeam í Ástralíu og Sunbeam - Oster í Bandaríkjunum. Rúningskambar frá TSE á Nýja Sjálandi. Sjálf-skammtandi sprautur og inn-gjafadælur frá HSW í Þýzkalandi.

VÉLAHLUTIR

Vesturvör 24 Kópavogi. Símar 554 6005 og 897 6510. Fax 554 5500.
Tölvupóstur: velahlutir@heimsnet.is

MILLIVEGGJAHELLUR

Milliveggjahellur úr vikri eru framleiddar að Réttarholti í Gnúpverjahreppi. Þessar hellur eru þekktar að gæðum, bæði vegna léttleika og nákvæmni í málum. Hráefni til framleiðslunnar er vikur, sem tekinn er í Þjórsárdal. Vikurinn er malaður og flokkaður í heppilegasta grófleika til framleiðslunnar.

Plötur sem eru 7 cm að þykkt eru tilbúnar til afgreiðslu, en 5 cm og 10 cm plötur verða einnig í boði.

Fyrirhugað er að vinna fleiri vörur úr vikri í Réttarholti, sem verður auglýst síðar.

HEIÐI RÉTTARHOLTI

Afgreiðsla: Vesturvör 24 Kópavogi. Símar 554 6005 og 897 6510.
Fax 554 5500. Tölvupóstur: velahlutir@heimsnet.is

Lífgerlar

Útgefandi: Félag Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi
Sími: 554 0765 • Ritstjóri: Haukur Sigtryggsson

Efnisyfirlit

- | | | |
|----|--|--------------------------|
| 3 | Dr. Helgi Pjeturss 130 ára | Páll Ragnar Steinarsson |
| 4 | Frá ritstjóra | Haukur Sigtryggsson |
| | Draumgjafinn og ég | Haukur Sigtryggsson |
| 5 | Dr. Helgi Pjeturss | Haukur Sigtryggsson |
| 7 | Til Helga Pjeturssonar | Þorsteinn Erlingsson |
| 8 | Draumar úr kulubyrplingu | Þorsteinn Guðjónsson |
| 12 | Draumur Peturs Beinteimssonar | Þorsteinn Jónsson |
| 13 | Vornámið | Þorsteinn Jónsson |
| | Skárnarljóð | Þorsteinn Jónsson |
| 14 | Járðfræðingurinn Helgi Pjeturss | Elna G. Vilmaundardóttir |
| 17 | Hugleiðingar um heimsmynd tuftugustu
og fyrstu aldatinnar | Þorsteinn Þorsteinsson |
| 22 | Heimspækistöfa dr. Helga Pjeturss | frá Húsáfalli |
| 23 | Hugleiðing um ástæði framtíðar | Páll Ragnar Steinarsson |
| 24 | Sambandskenning Helga Pjeturss | Haukur Sigtryggsson |
| 29 | Fjallalind | Páll Ragnar Steinarsson |
| 30 | Að dreyma | Þorsteinn Jónsson |
| 32 | Síðfræði lífstefnumanna | Haukur Sigtryggsson |
| 33 | Þornir tákni- eða spásagnadraumar | Atli Hraunfjörð |
| 35 | Draumur Jósefs | Ingvar Agnarsson |
| | Mynd eða sjónsköpunar getuleysi mannhugans | Sveinn Á Haraldsson |
| 36 | Af huldufólki, álfum og öðru folki | Sveinn Á Haraldsson |
| 37 | Vonaland guðanna | Haukur Sigtryggsson |
| | Fyrir dag | Ingvar Agnarsson |
| 38 | Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum og heimspæki hans | Þorsteinn Jónsson |
| 43 | Rof | Þorsteinn Þorsteinsson |
| 44 | Fjarlækningar | Haukur Sigtryggsson |
| 45 | Sambandsfundir | Haukur Sigtryggsson |
| 46 | Skyggð | Haukur Sigtryggsson |